

**Áfangar í kjarabaráttu
Verzlunarmannafélags Reykjavíkur
1955–2003**

Magnús L. Sveinsson
tók saman

Áfangar í kjarabaráttu Verzlunarmannafélags Reykjavíkur 1955–2003

Magnús L. Sveinsson
tók saman

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur
Umbrot og prentun: Oddi hf.
September 2004

Efnisyfirlit

- 3 Inngangur
- 4 Aðfaraorð
- 6 A.S.B. félag afgreiðslustúlkna í brauð og mjólkursölubúðum
- 6 Aðbúnaður á vinnustöðum
- 7 Aðildarskylda
- 7 Afgreiðslutími verslana
- 8 Atvinnuleysistryggingar
- 9 Áunnin réttindi haldist
- 10 Bakvaktir/Símavakt
- 11 Deilitölur
- 12 Desemberuppþót
- 13 Fastlaunasamningar
- 15 Ferðakostnaður
- 16 Félagsgjald
- 16 Frí fyrir yfirvinnu
- 18 Frídagar
- 20 Fræðslumál
- 23 Fyrirtækjasamningar
- 27 Fæðingarorlof
- 30 Grundvallarlaun
- 31 Hvíldartími
- 33 Hærra launað starf
- 34 Laun – byrjunarlaun ófaglærðs afgreiðslu- og skrifstofufólks
- 37 Laun – Markaðslaun
- 38 Laun – Persónubundin laun
- 39 Launaflokkar
- 40 Launajöfnun kynja
- 41 Launakannanir
- 42 Launaviðtal
- 43 Lífeyrissjóður verzlunarmanna
- 46 Matar- og kaffitími,
- 49 Orlof verslunamanna – þróun frá 1946
- 52 Orlofsheimilásjóður
- 53 Orlofsuppþót
- 54 Ráðningarsamningar, ráðningarbréf
- 55 Sjúkrasjóður
- 56 Stórhátíðardagar
- 57 Trúnaðarmenn á vinnustöðum
- 58 Tryggingar
- 61 Uppsagnir
- 62 Útkall
- 63 Veikindadagar
- 66 Verkföll sem VR hefur farið í
- 70 Verkföll sem boðuð voru en ekki komu til framkvæmda
- 74 Vinna á laugardögum og sunnudögum
- 75 Vinnuálag á kassa
- 75 Vinnufatnaður
- 76 Vinnutími – Dagvinna
- 79 Vinnutími – Yfirvinna
- 82 Yfirvinnuálag
- 84 Samningar VR 1955-2003 sem vísað er til
- 86 Lög sem vísað er til

Inngangur

Uppúr miðjum áratug síðustu aldar, nánar tiltekið í febrúar árið 1955, gengu vinnuveitendur útúr VR og félagið varð hreint launþegafélag. Á þeim tíma sem liðinn er hafa bæði VR og samfélagið allt tekið stakkaskiptum. Mörg þau réttindi sem forverar okkar lögðu niður störf til að knýja fram eru talin til sjálfsagðra mannréttinda í dag og ótrúlegt til þess að hugsa að verkfallsaðgerðir hafi þurft til. Áherslur félagsins miða nú að því að efla fjárhagslegt og félagslegt öryggi fólks á vinnumarkaði. VR skilgreinir sig sem lífsgæðafélag, það er bakhjarl félagsmanna sinna og styður þá með öflugum sjóðum og eflingu kaupmáttar.

Á þessum tímamótum er við hæfi að lita yfir farinn veg. Í þessari bók er að finna ítarlegt yfirlit yfir réttinda-baráttu VR á þeim tæpu fimm tíu árum sem liðin eru síðan félagið varð launþegafélag. Til að mynda má hér sjá hvernig vinnutími í verslun hefur breyst í áranna rás, styst um 10 klukkustundir frá 1955. Hér er einnig sagt frá því að félagsmenn VR urðu að fara í verkfall til að tryggja að starfsfólk verslana fengi greidd laun fyrir frágang eftir lokun og hér er yfirlit yfir launaþróun félagsmanna, svo fátt eitt sé nefnt.

Magnús L. Sveinsson, sem gegndi formennsku í VR frá árinu 1980 til ársins 2002, hafði veg og vanda að þessari samantekt og færi ég honum bestu þakkir fyrir.

Gunnar Páll Pálsson
Formaður VR

Aðfaraorð

Áfangar til framfara sem náðst hafa í kjarabaráttunni frá því að VR, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, varð launþegafélag 28. febrúar 1955 hafa hér verið teknir saman í samanþjöppuðu formi. Tilgangurinn með þessari samantekt er að auðvelda fólki að sjá þær breytingar sem orðið hafa á einstökum kjarabátum frá því VR varð launþegafélag. Það er óneitanlega áhugavert og lærdómsríkt að staldra við kjaralegan rétt verslunarfólks 1955 og fylgja eftir þeim þáttum sem einn af öðrum hefur unnist frá þeim tíma. Þó mönnum sýnist jafnan að lítið hafi unnist þegar staðið er upp frá samningaborðinu hverju sinni á hér við máltækid; safnast þegar saman kemur.

Sem dæmi um rétt samkvæmt fyrsta kjarasamningi sem VR gerði við vinnuveitendur töldust þrjár fyrstu tímarnir eftir lokun verslana eftirvinna, einnig á laugardögum en þá byrjaði nætur- og helgidagavinna. Þetta þýddi m.a. að síðasta laugardag fyrir jól, þegar opið var til kl. 22:00, stóð eftirvinna til klukkan eitt um nóttina og þá fyrst hófst næturvinna. Og á Þorláksmessu þegar opið var til klukkan 24:00 reiknaðist næturvinna ekki fyrr en klukkan þrjú um nóttina. Það var ekki fyrr en eftir að VR fór í sitt fyrsta verkfall í desember 1963 að breyting fékkst á þessu ákvæði og kveðið var á um að næturvinna hjá afgreiðslufólki hæfist kl. 20:00 og strax að lokinni dagvinnu á laugardögum, kl. 12:00 eða 13:00 eftir árstíma.

Þá var ákvæði um það 1955 að afgreiðslufólki væri skylt að vinna við frágang og afgreiðslu pantana eftir lokun án þess að greiðsla kæmi fyrir. Þann 2. júní 1957 var samið um að greiða skyldi eftirvinnukaup fyrir þá vinnu. Þann 6. febrúar 1964 ákvað kjaradómur verslunarmanna hins vegar, skv. harðri kröfu kaupmanna, að ekki skyldi greitt sérstaklega fyrir vinnu við frágang í sölubúðum eftir lokun, enda tæki sú vinna eigi lengri tíma en 10 mínútur. Þann 9. mars 1966, eftir 3ja daga verkfall VR, tókst að fella úr samningi ákvæðið um að afgreiðslufólki væri skylt að vinna við frágang án sérstakrar greiðslu.

Í dag finnst fólki það næsta ótrúlegt að atriði eins og þetta hafi getað verið deiluefni við samningagerðir og beita hafi þurft verkfallsvopninu til að koma í veg fyrir að fólk væri skikkað til að vinna kauplaust eftir að löngum dagvinnutíma lauk og komið var fram á eftirvinnutímabil. Þetta dæmi sýnir kannski betur en margt annað við hvers konar afl verkalýðshreyfing þurfti að takast á við í kjarabaráttunni. Það sýnir líka glöggð að hún hefur þurft að berjast fyrir hverju einasta atriði, smáu sem stóru, ekkert hefur komið af sjálfu sér.

Öll réttindi sem samið hefur verið um hafa kostað baráttu, mismikla. Allt of oft hefur þurft að grípa til verkfallsaðgerða til að knýja fram kjaraatriði sem í dag eru talin til sjálfsgæðra mannréttinda. Gott dæmi um það er baráttan fyrir stofnun Atvinnuleysistryggingasjóds 1955. Þá þurfti lægstlaunada fólkið, verkakonur og verkamenn í Reykjavík og Hafnarfirði, að heyja 6 vikna verkfall, fórna 6 vikna launum, til að knýja fram samþykki fyrir því að Atvinnuleysistryggingasjóður yrði stofnaður. En verslunar- og skrifstofufólk fékk ekki aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði eins og aðrir 1955. VR stóð frammi fyrir því að velja á milli stofnunar lífeyrissjóds eða fá aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði. Ekki kæmi til mála að samið yrði við VR um hvortveggi. Á þessum tíma var ekki atvinnuleysi hjá verslunarfólki og valdi VR því þann kostinn að semja um stofnun lífeyrissjóds, í trausti þess að semja síðar um aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði ef atvinnuleysi yrði hjá félagsmönnum VR. Í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð frá 1955 var sérstaklega tekið fram að verslunar- og skrifstofufólk ætti ekki aðild að sjóðnum.

Þegar kom fram á sjöunda áratuginn, fór að gæta atvinnuleysis hjá félagsmönnum VR eins og fleirum. Við kjarasamningagerð 1966 gerði VR kröfu um aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði. Það var ekki auðsótt, frekar en annað. VR þurfti að heyja þriggja daga verkfall til að knýja fram samþykki fyrir aðild félagsmanna að Atvinnuleysistryggingasjóði, sem tók gildi 1. janúar 1967.

Þannig var það einnig þegar VR knúði fram samninga um greiðslu vinnuveitenda í orlofsheimilásjóð verslunarmanna 1969. Það samþykki fékkst ekki fyrr en VR hafði beitt verkfallsvopninu. Þegar lög voru sett 1974 um skyldu vinnuveitenda að greiða í sjúkrasjóði stéttarfélaga var VR og önnur verslunarmannafélög undanskilin. Ástæðan var sú að vinnuveitendur höfðu hafnað kröfu verslunarmanna um stofnun sjúkrasjóða þar sem samningar þeirra tryggðu félagsmönnum þeirra meiri beinar greiðslur vinnuveitenda í veikindatilfellum en aðrir höfðu samið um. Þess vegna náðu lögin um sjúkrasjóði ekki til verslunarmanna. Það var ekki fyrr en 1979 að lögum um sjúkrasjóði var breytt og vinnuveitendum var gert skylt að greiða í sjúkrasjóð vegna verslunarfólks eins og annarra.

VR hefur því miður ekki komist hjá því frekar en önnur stéttarfélög að beita verkfallsvopninu í kjarabaráttu liðinna ára eins og fram kemur í þessari samantekt. Verkfallsaðgerð er neyðarúrræði, en fjölmargt af því sem hér er talið upp og menn ganga nú að sem sjálfsgöðum mannréttindum fékkst ekki nema verkfallsvopninu væri beitt með þeim fórnunum sem því fylgir.

Hér eru nokkur dæmi um hvað áunnist hefur frá 1955:

- Lágmarkslaun hafa hækkað úr g.kr. 1.691 (núvirði kr. 32.177) í kr. 90.418
- Dagvinnutími hefur styst úr 48 klst. í 39,5 klst. á viku
- Greiðslur í veikindaforföllum hafa lengst úr 3 mánuðum í 6 mánuði
- Orlof hefur lengst úr 18 dögum í 28 daga og laugardagar teljast ekki orlofsdagar, sem þýðir í raun 5 viðbótardaga
- 1955 Lífeyrissjóður verzlunarmanna stofnaður
- 1961 Samið um slysa- og örorkutryggingu
- 1967 Aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði
- 1969 Samið um Orlofsheimilásjóð
- 1970 Samið um lágmarkshvildartíma
- 1970 Samið um rétt kvenna til óskertra launa í 10 daga ef þær eru fjarverandi vegna barnsburðar
- 1974 Samið um aðbúnað á vinnustað
- 1974 Vinna á laugardögum telst helgidagavinna
- 1976 Lög tryggja konum laun sem svarar atvinnuleysisbótum í 90 daga vegna barnsburðar
- Sjúkrasjóður tekur til starfa 1979
- 1984 Samið um desemberuppbót
- 1986 Samið um rétt foreldra til fjarvistar til aðhlyningar sjúkum börnum sínum án þess að dagvinnulaun skerðist
- 1988 Öll yfirvinna greiðist með tímakaupi, 1,0385% af mánaðarlaunum, nema vinna á stórhátíðum með 1,375%
- 1989 Samið um orlofsuppbót
- 1997 Samið um að afnema ákvæði um afgreiðslutíma verslana
- 1997 Samið um heimild til að gera fyrirtækjasamninga
- 2000 Samið um dagvinnutíma án kaffitíma, 36:45 klst. hjá afgreiðslufólki og 36:15 klst. hjá skrifstofufólki
- 2000 Samið um persónubundin laun og markaðslaun
- 2000 Samið um að árlegar launakannanir skulu gerðar
- 2000 Samið um rétt félagsmanna til árlegra beinna viðræðna við vinnuveitendur um störf sín og hugsanlegar breytingar á starfskjörum
- 2000 Samið um framlag vinnuveitenda í séreignarsjóð lífeyrissjóða
- 2000 Samið um framlag í starfs- og endurmenntunarsjóði
- 2001 Lög sem tryggja foreldum 9 mánaða fæðingarorlof taka gildi

Nóvember 2003.

Magnús L. Sveinsson

A.S.B. félag afgreiðslustúlkna í brauð og mjólkursölubúðum



Árið 1976 var heimiluð sala á mjólk í matvörubúðum.

1980 Samið vegna inngöngu A.S.B. í VR

27. október 1980 var samið um launaflokka vegna starfsfólks sem áður starfaði samkvæmt samningi A.S.B., félags afgreiðslustúlkna í brauð- og mjólkursölubúðum.

2. október 1980 samþykkti stjórn VR að verða við beiðni A.S.B. um inngöngu í VR. Á aðalfundi A.S.B. þann 18. september 1980 var samþykkt að leggja starfsemi félagsins niður og að félagsmenn óskuðu inngöngu í viðkomandi stéttarfélag verslunarfólks sem fullgildir félagar.

Aðbúnaður á vinnustöðum



Góður aðbúnaður á vinnustað er mikilvægur og léttir lund starfsmanna.

1974 Lyfjakassi,- hreinlætis- og kaffiaðstaða

26. febrúar 1974 var samið um að á vinnustöðum skyldi vera lyfjakassi með nauðsynlegum lyfjum og umbúðum, svo og salerni, vatn og vaskur. Á öllum vinnustöðum skyldi vera aðstaða til kaffidrykkju og geymslu á hlífðarfötum.

2000 Læstar hirslur á vinnustað – samningur við SV-FÍS

22. janúar 2000 var samið við Samtök verslunarinnar-FÍS um að starfsmaður hefði aðgang að læstum hirslum eða öðrum trygguð geymslustað á vinnustað þar sem hann gæti geymt persónulega muni á meðan á vinnu stæði.

2000 Læstar hirslur á vinnustað – samningur við SA

14. maí 2000 var samið við SA um sama ákvæði og við SV-FÍS 22. janúar 2000 um læstar hirslur á vinnustað.

Aðildarskylda



Svona leit Lækjargatan út um það leyti sem VR var stofnað 27. janúar 1891, í húsinu nr. 4 við Lækjargötu, sem sést næst til vinstri á myndinni. Húsið er nú aðalsafnhús í Árbæjarsafni.

1963 Aðildarskylda 13. desember 1963

13. desember 1963 var samið um að skrifstofu- og verslunarfólki skyldi skylt að vera félagar í stéttarfélagum verslunarmanna, með nokkrum undantekningum.

(Sjá einnig lög nr. 55, 9. júní 1980 um starfskjör launafólks).

Afgreiðslutími verslana



Félagsfundur vegna aðgerða í Krínglunni 7. nóvember 1987.

Allt frá gerð fyrsta kjarasamnings VR 27. maí 1955 hafa verið ákvæði um afgreiðslutíma verslana sem hafa tekið miklum breytingum frá einum tíma til annars, m.a. í tengslum við reglugerð Reykjavíkurborgar um afgreiðslutímamann.

1997 Ákvæði um afgreiðslutíma verslana afnumin

10. mars 1997 var samið um að ákvæði um afgreiðslutíma verslana, sem hafa verið í kjarasamningum allt frá gerð fyrsta kjarasamnings VR, væri tekið út úr samningnum. Samið var um að eftirfarandi tvær mgr. í gr. 2.1.7. skyldu gilda áfram:

„Fyrsta vinnudag eftir jól skal dagvinna í verslunum hefjast kl. 10:00“, og

„Hver starfsmaður hefur rétt á að hafna yfirvinnu og óski starfsmaður ekki eftir að vinna yfirvinnu skal hann ekki gjalda þess á neinn hátt.“

Fyrri mgr. hefur verið efnislega í kjarasamningum frá 27. maí 1955 og seinni mgr. er efnislega óbreytt en um hana var samið 15. nóvember 1983.

Atvinnuleysistryggingar



Félagssfundur VR 1975. Guðmundur H. Garðarsson, form. VR í ræðustól.

1955 Valið á milli lífeyrissjóðs og aðildar að Atvinnuleysistryggingasjóði

Í samningunum 27. maí 1955, sem VR gerði við vinnuveitendur, stóð VR frammi fyrir því að velja á milli stofnunar lífeyrissjóðs eða fá aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði, sem þá var samið um á almenna vinnumarkaðinum að stofna. Á þessum tíma var ekki atvinnuleysi hjá verslunar- og skrifstofufólki og var því ákveðið að velja þann kost að semja um stofnun lífeyrissjóðs, í trausti þess að semja síðar um aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði ef atvinnuleysi yrði hjá félagsmönnum VR.

1966 Aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði 1. janúar 1967

9. mars 1966 var samið um að verslunar- og skrifstofufólk fengi aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði frá 1. janúar 1967.

Verkfall þurfti til að fá aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði

Í byrjun árs 1966 háði VR kjarabaráttu. Meðal krafna sem barist var fyrir var aðild verslunar- og skrifstofufólks að Atvinnuleysistryggingasjóði. Dagana 3. til 5. mars 1966 kom til verkfalls hjá öllum kjöt- og nýlenduvörverslunum á félagssvæði VR og til allsherjarverkfalls var boðað frá og með 14. mars, ef samningar tækjust ekki fyrir þann tíma, til að knýja á vinnuveitendur um samningsgerð.

9. mars 1966 tókust samningar við vinnuveitendur með fyrirvara um að verslunarmenn fengju aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði. Eggert G. Þorsteinsson félagsmálaráðherra staðfesti 10. mars með bréfi til VR að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir breytingu á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð þannig að verslunar- og skrifstofufólk öðlast aðild að sjóðnum frá og með 1. janúar 1967, með sama rétti og aðrir þeir sem aðild áttu að sjóðnum. Í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð frá 1955 var sérstaklega tekið fram að verslunar- og skrifstofufólk ætti ekki aðild að sjóðnum.

Áunnin réttindi haldist

1955 Lágmarkslaun

27. maí 1955 var samið um að laun þau er greind væru í samningnum væru lágmarkslaun.

1963 Áunnin réttindi haldast

13. desember 1963 var samið um (kjaradómur 24. febr. 1964) að laun þau er greind væru í kjarasamningi væru lágmarkslaun, þó skyldi starfsmaður er nyti betri kjara en ákveðin eru í kjarasamningi halda þeim réttindum óskertum meðan hann gegndi sama starfi.

1988 Áunnin réttindi haldist við endurráðingu

27. apríl 1988 var samið um (miðlunartillaga ríkissáttasemjara) að áunnin réttindi launþega skyldu haldast við endurráðingu innan eins árs. Á sama hátt skyldu áunnin réttindi taka gildi á ný eftir eins mánaðar starf, ef endurráðning yrði eftir meira en eitt ár, en innan þriggja ára. Starfsmaður, sem unnið hefði 1 ár eða lengur samfellt hjá sama vinnuveitanda, skyldi á sama hátt njóta áunninna réttinda á ný eftir 3ja mánaða starf, ef til endurráðningar kæmi eftir meira en þriggja ára starfshlé, en þó innan 5 ára.

Ákvæðið frá 1963 héldi, að starfsmaður er nyti betri kjara en í samningi þessum eru ákveðin, skyldi halda þeim réttindum óskertum meðan hann gegndi sama starfi, héldist óbreytt.

1989 Réttarstaða starfsmanna við eigendaskipti fyrirtækja

1. maí 1989 var gerð bókun samhliða gerð kjarasamnings um réttarstöðu starfsmanna við eigendaskipti á fyrirtækjum. Þar er kveðið á um að samningsaðilar væru sammála um það að eigendaskipti að fyrirtækjum eða samruni fyrirtækja geti ekki breytt ráðningarkjörum, þar með talið orlofs- og veikindarétti, starfsmanna nema á undan hafi farið uppsögn ráðningarsamnings. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur aðila breyttist ekki við eigendaskipti að fyrirtæki. Aðilar voru sammála um það að fyrri eigandi kynnti fyrirhugaðar breytingar á rekstri eða sölu fyrirtækis, með eins miklum fyrirvara og kostur er.

Við eigendaskipti að fyrirtæki gengi hinn nýi eigandi inn í réttindi og skyldur fyrri eiganda gagnvart starfsfólki, nema starfsfólk sé í kaupsamningi sérstaklega undanskilið. Teldi hinn nýi eigandi sig þannig óbundinn af ráðningarsamningum fyrri eiganda bæri honum að tilkynna starfsmanni það strax og hann tæki við rekstri fyrirtækisins. Ef svo er, væri fyrri eigandi skuldbundinn til að greiða starfsfólki uppsagnarfrest skv. ráðningarsamningi eða kjarasamningi.

1990 Réttarstaða starfsmanna við leigu fyrirtækja

1. febrúar 1990 var gerð bókun í tengslum við gerð kjarasamnings þar sem bætt var við fyrri bókun frá 1. maí 1989 (sjá hér á undan) um réttarstöðu starfsmanna við eigendaskipti fyrirtækja. Við bókunina frá 1989 var bætt ákvæði sem segir að samsvarandi reglur gildi við leigu fyrirtækis svo og sölu eða leigu fyrirtækis eftir gjaldþrot, enda taki samningur til rekstrar fyrirtækis en ekki einvörðungu til húsnæðis, tækja og annars búnaðar.

Bakvaktir/Símavakt



Þetta eru fyrstu lyfjatæknarnir sem Lyfjatæknaskóli Íslands útskrifaði 1975 og fengu löggildingu Heilbrigðisráðherra.

1992 Heimasími gefinn upp í símaskrá af tryggingafélagi

26. apríl 1992 var samið um að sé heimasími starfsmanna tryggingafélaga gefinn upp í símaskrá af tryggingafélagi eða vísað til hans á annan sambærilegan hátt skal tilgreina í ráðningarsamningi hvernig greitt væri fyrir þá vinnu og ónæði utan vinnutíma sem því væri samfara.

2000 Skylda að sinna síma og útköllum

22. janúar var samið við Samtök verslunarinnar-FÍS um að heimilt væri að semja um bakvaktir þar sem starfsmanni er skylt að vera í símasambandi og sinna útköllum. Skyldi þá greiða 1/3 dagvinnulauna viðkomandi fyrir hverja klukkustund á bakvakt nema um annað væri samið í ráðningarsamningi.

2000 4 klst. fyrir útkall

14. maí 2000 var samið við SA um bakvaktir efnislega eins og samið var við SV-FÍS 22. janúar en ákvæði um greiðslur eru önnur í samningi við SA. Þar segir að sé ekki um annað samið í ráðningarsamningi skuli vakthafandi starfsmaður fá greitt sem svarar 33% dagvinnustundar fyrir hverja klst. á bakvakt þar sem hann er bundinn heima við.

Fyrir bakvakt þar sem ekki er krafist tafarlausa viðbragða af hálfu starfsmanns, en hann er tilbúinn til vinnu strax og til hans næst, greiðist 16,5% af dagvinnukaupi fyrir hverja klst.

Fyrir útkall á bakvakt skal starfsmaður fá greitt fyrir unninn tíma, þó að lágmarki fjórar klst., nema dagvinna hefjist innan tveggja stunda frá því að hann kom til vinnu. Bakvaktargreiðslur og yfirvinnugreiðslur fari þó aldrei saman.

Deilitölur

1955 Vinnustundafjöldi á mánuði ekki skilgreindur – deilitala

27. maí 1955 var vinnustundafjöldi ekki skilgreindur sérstaklega til að finna laun pr. klst., en sagt: „Vinnulaun pr. klukkustund finnst með því að deila mánaðarlegum vinnustundafjölda í mánaðarlaun viðkomandi aðila.“

1958 Vinnustundafjöldi 168 og 200 klst. á mánuði – deilitala

22. ágúst 1958 var í fyrsta sinn samið um hver vinnustundafjöldi á mánuði væri sem notaður er til að finna laun pr. klst.

Í verslunum reiknast 200 klst. pr. mánuð og á skrifstofum 168 klst.

1963 Vinnustundafjöldi 160 og 190 klst. á mánuði

6. febrúar 1964 kvað kjaradómur upp dóm (gildir frá 1. október 1963) um að deilitölur til að finna útdagvinnutímakaup breyttust í samræmi við styttingu á dagvinnutímanum sem dómurinn kvað á um. Deilitala hjá afgreiðslufólki er 190 og hjá skrifstofufólki 160.

1966 Vinnustundafjöldi 160 og 184 klst. á mánuði

9. mars 1966 var samið um að stytta dagvinnutíma afgreiðslufólks um tvær stundir, úr 46 klst. í 44 klst. Í samræmi við það breyttist deilitala til að finna dagvinnukaup afgreiðslufólks úr 190 í 184.

1971 Vinnustundafjöldi 160 og 170 klst. á mánuði

28. janúar 1972 úrskurðaði gerðardómur (gildir frá 1. desember 1971) að dagvinnutími í verslunum skyldi styttest úr 44 klst. í 40 klst. Gerðardómurinn úrskurðaði einnig að deilitala til að finna dagvinnukaup afgreiðslufólks skyldi vera 170 í stað 184.

1974 Dagafjöldi í mánuði 21,67, nema í orlofi 26

26. febrúar 1974 var samið um að dagkaup hvers starfsmanns skyldi fundið með því að deila með tölunni 21,67 í föst mánaðarlaun (laugardagar ekki meðtaldir).

Við útreikning orlofs skal nota deilitöluna 26 þar sem laugardagar teljast með sumarfrisdögum.

1982 Dagafjöldi í mánuði 21,67 og líka í orlofi

31. desember 1982 tóku gildi lög, nr. 90 sem kveða á um að 5 fyrstu laugardagarnir í orlofi teldust ekki orlofsdagar. Það þýðir að við útreikning orlofs skyldi nota deilitöluna 21,67.

2000 Deilitölur – samningur við SV-FÍS

22. janúar 2000 var samið við Samtök verslunarinnar-FÍS um að til að finna dagvinnutímakaup hvers starfsmanns skyldi deila með tölunni 159 í föst mánaðarlaun viðkomandi. Deilitala breyttist í samræmi við fækkun vinnustunda sem samið var um og varð 158 á árinu 2001 og 157 á árinu 2003. Hér er miðað við skrifstofustörf.

2000 Deilitölur – samningur við SA

14. maí 2000 var samið við SA um að ef kaffitímar væru ekki teknir væri dagvinnutímakaup fundið með því að deila tölunni 158,5 í föst mánaðarlaun viðkomandi að því er afgreiðslufólk varðaði en 157,1 að því er skrifstofufólk varðaði. Þetta gildi frá 1. október 2000 þegar vinnutímastyttingin kom til framkvæmda.

Desemberuppbót



Starfsmaður VR fer í verðslanir í desember og dreifir upplýsingum um réttindi starfsfólks, m.a. vegna langs vinnutíma í desember.

1984 Desemberuppbót kr. 1.500

6. nóvember 1984 var samið um að þeim starfsmönnum sem tækju laun skv. ákvæðum um lágmarkstekjur fyrir fulla dagvinnu (kr. 14.075 frá gildistöku samningsins) skal greiða aukalega sérstaka laun-
auppbót kr. 1.500 við fyrstu útborgun í desember 1984, fyrir vinnu hjá hlutadeigandi fyrirtæki síðustu 4 vikur fyrir útborgun. Greiðsla þessi yrði hlutfallsleg væri hluti þessa tíma unninn eða væri um hlutastarf að ræða.

2000 Desember- og orlofsuppbót sameinuð – samningur við SV-FÍS

Allt frá 1984 hefur orðið allnokkur hækkun á desemberuppbót samkvæmt samningum sem gerðir hafa verið á tímabilinu.

22. janúar 2000 var samið við Samtök verslunarinnar-FÍS um að fella niður ákvæðið um orlofsuppbót sem fyrst var samið um 1. maí 1989 og hækka desemberuppbótina sem því nemur og var samið um kr. 40.000. Einnig var heimilt að greiða hana með 12 jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

2000 Desemberuppbót – samningur við SA

14. maí 2000 var samið við SA um að desemberuppbót á árinu 2000 skyldi vera kr. 28.200 (og orlofsuppbót kr. 9.400).

2001 Desemberuppbót – hækkun – samningur við SA

7. mars 2001 samdi VR við SA, á grundvelli endurskoðunarákvæðis í kjarasamningi aðila frá 14. maí 2000, um breytingar á desember- og orlofsuppbót í kjarasamningi aðila. Samkvæmt því varð desemberuppbót þannig:

Á árinu 2001 kr. 40.000 (orlofsuppbót kr. 15.000)

Á árinu 2002 kr. 41.000 (orlofsuppbót kr. 15.300)

Á árinu 2003 kr. 42.000 (orlofsuppbót kr. 15.400)

2002 Desemberuppbót – hækkun – samningur við SV-FÍS

3. júní 2002 samdi VR við Samtök verslunarinnar-FÍS um breytingu á desemberuppbót á grundvelli endurskoðunarákvæðis í kjarasamningi aðila frá 22. janúar 2000.

Samkvæmt því varð desemberuppbót (og orlofsuppbót) þannig:

Á árinu 2002 kr. 45.000

Á árinu 2003 kr. 50.000

Fastlaunasamningar



Undirritun samninga 21. febrúar 1995. f.v. Guðmundur B. Ólafsson lögfræðingur VR, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir form. LIV, Magnús L. Sveinsson form. VR, Magnús Gunnarsson form. VSI og Þórarinn V. Þórarinnsson þáv. framkvæmdastj. VSI.

1986 Færa kauptaxta að greiddu kaupi

26. febrúar 1986 var samið um gerður samningur sem kvað á um að samningsaðilar hæfu nú þegar undirbúning að uppbyggingu nýs launaflokkakerfis sem kæmi til framkvæmda við gildistöku næstu samninga eða fyrr ef samkomulag yrði um. Markmið hins nýja launakerfis skyldi vera:

1. Að færa kauptaxta að greiddu kaupi.
2. Að auka hlut fastra launa í heildartekjum
3. Að stuðla að auknu jafnvægi á vinnumarkaði og leiðréttingu milli starfshópa og starfsstétta meðal annars vegna launaskriðs, sem valdið hefði misgengi.

1986 Fastlaunasamningar

6. desember 1986 var samið um að hverfa alfarið frá áðurgildandi launa- og launaflokkakerfi. Samið var um eina launatölu sem væru lágmarkslaun kr. 26.500 (voru 19.807). Á samningstímanum skyldu samningsaðilar gera nýja **fastlaunasamninga** sem tækju gildi eftir því sem um semdist á tímabilinu frá 1. mars 1987 til 1. september 1987.

Kveðið var á um að fastlaunakerfi nýs samnings yrði í sem bestu samræmi við launakerfi fyrirtækja í hlutaðeigandi starfsgrein og að gerð fastlaunasamninga miðaðist við skráningu kauptaxta sem best samræmdust greiddu kaupum í starfsgreininni, eins og sagði um markmið í samningunum 26. febrúar 1986.

1987 Gerð fastlaunasamninga

Á árinu 1987 voru eftirtaldir fastlaunasamningar gerðir:

- **Afgreiðslustörf**, samningur gerður 4. maí 1987, gildir frá 1. apríl 1987.
- **Apótek**, samningur gerður 25. maí 1987, gildir frá 1. apríl 1987.
- **Flugafgreiðsla**, samningur gerður 26. maí 1987, gildir frá 1. apríl 1987.
- **Gestamóttaka hótela**, samningur gerður 27. maí 1987, gildir frá 1. apríl 1987.
- **Aðstoðarfólk í brauðgerðarhúsum**, samningur gerður 1. júní 1987, gildir frá 1. apríl 1987.
- **Tæknilagermenn**, samningur gerður 24. júní 1987, gildir frá 1. apríl 1987.
- **Starfsmenn söluskrifstofa og farskrárdeildar Flugleiða**, samningur gerður 24. júní 1987, gildir frá 1. apríl 1987.
- **Kvikmyndahús**, samningur gerður 30. júlí 1987, gildir frá 1. apríl 1987.

- **Almenn skrifstofustörf**, samningur gerður 18. september 1987, gildir frá 1. júní 1987.
- **Hreyfill, Bæjarleiðir og BSR**, samningur gerður 24. september 1987, gildir frá 1. júní 1987.

1987 Flestir launaflokkar lagðir af

Í fastlaunasamningum sem gerðir voru á árinu 1987 (sjá framfarar) voru launaflokkar, sem voru 18, flestir lagðir af. Aðeins var kveðið á um afgreiðslufólk sem skipt var í almennt afgreiðslufólk, sérhæft afgreiðslufólk og deildarstjóra og skrifstofufólki var skipt í skrifstofufólk I, II og III.

1987 Grundvallarlaun miðuð við 18 ára

Í fastlaunasamningum sem gerðir voru á árinu 1987 (sjá framfarar) var samkomulag um að lágmarkslaun væru kölluð grundvallarlaun og væru miðuð við að viðkomandi hafi náð 18 ára aldri.

1989 Grundvallarlaun miðast við að starfsmaður verði 18 ára á almanaksárinu

1. maí 1989 var samið um að grundvallarlaun miðuðust við að starfsmaður yrði 18 ára á almanaksárinu. (sjá Grundvallarlaun).

1988 Vinnuveitendur hafna gerð fastlaunasamninga

Við samningagerð í mars/apríl 1988 höfnuðu vinnuveitendur alfarið að gera fastlaunasamninga, sem miðuðu að því að færa kauptaxta að greiddu kaup, eins og markmiðið með slíkum samningum skyldi vera, samanber samningana 26. febrúar 1986 og 6. desember 1986.

27. apríl 1988 lagði ríkissáttasemjari fram miðlunartillögu sem náði fram að ganga og kvað á um að „sérstakir fastlaunasamningar aðila um skrifstofustörf og afgreiðslustörf falli niður, og meginefni þeirra skal fellt inn í aðalkjarasamning“. Miðlunartillagan kvað á um ákveðnar prósentuhækkanir jafnt á alla, eins og jafnan hafði verið samið um á undanfórnum áratugum.

1997 Ákvæði um fastlaunauppbót falli brott

10. mars 1997 var samið við SA um að gr. 1.1.4. um að fastlaunauppbót félli brott.

Ferðakostnaður



1986 voru teknar í notkun 60 þjónustubúðir, sem VR byggði fyrir eldri félagsmenn sína að Hvassaleiti 56-58. VR gerði samning við Reykjavíkurborg um byggingu þjónustu- og félagsmiðstöðvar sem borgin á og rekur í húsinu.

1955 Vinna utan samningssvæðis

27. maí 1955 var samið um að væri vinna innt af hendi utan samningssvæðis skyldi vinnuveitandi sjá vinnuþega fyrir fríu fæði og fríu húsnæði svo og frírri ferð fram og til baka.

1971 Ferðir utan samningssvæðis

4. desember 1971 var samið um viðbót við ákvæði um ferðakostnað þar sem segir að vinni félagsmenn utan samningssvæðis skuli vinnuveitandi greiða allan ferðakostnað og uppihald samkvæmt reikningi. Noti starfsmaður eigin bifreið við starf sitt, skal vinnuveitandi greiða kostnað skv. samkomulagi eða höfð viðmið af taxa hjá opinberum starfsmönnum.

1974 Uppihalds- og ferðakostnaður í söluförum

26. febrúar 1974 var samið um að vinnuveitandi skyldi ávallt greiða allan uppihaldskostnað svo og ferðakostnað í söluförum, samkvæmt reikningi.

Notuðu sölumenn eigin bifreið, skyldi greitt fyrir hana skv. taxa BSRB, þ.e. utanbæjar, en væri hún notuð innanbæjar skyldi semja um daggjald.

1988 Uppihalds- og ferðakostnaður í söluförum

27. apríl 1988 var samið um breytingu á viðmiðun um greiðslu ef sölumaður notaði eigin bifreið í söluförum. Greiða skyldi fyrir hana samkvæmt ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar, þ.e. utanbæjar, en væri hún notuð innanbæjar skyldi semja um daggjald.

1976 Ferðir til og frá vinnustað

28. febr. 1976 var samið um að ferðir til og frá vinnustað á Reykjavíkursvæðinu (Rvk.-Kópav.-Garðab.-Hafnarfj. og Selt.nes.), á þeim tíma sem strætisvagnar ganga ekki, væru greiddar af vinnuveitanda.

1992 Dagpeningagreiðslur erlendis

26. apríl 1992 var samið um (miðlunartillaga ríkissáttasemjara) að dagpeningagreiðslur til starfsmanna vegna ferða erlendis fylgdu ákvörðunum Ferðakostnaðarnefndar ríkisins, hefðu fyrirtæki ekki sérstakar reglur um greiðslu ferðakostnaðar.

Félagsgjald



Stjórn VR 2003 ásamt varamönnum, frá vinstri: Benedikt Vilhjálmsón, Bjarnis Lárusdóttir, Valdis Haraldsdóttir, Margrét Torfadóttir, Sigrún Baldursdóttir, Edda Kjartansdóttir, Valur M. Valtýsson, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Steinar J. Kristjánsson, Kristín Sigurðardóttir, Gunnar Páll Pálsson formaður, Stefanía Magnúsdóttir, Jón Magnússon, Kolbeinn Sigurjónsson, Gunnar Bødvarsson og Sigurður Sigfússon. Á myndina vantar Rannveigu Sigurðardóttur og Þorlák Jóhannsson.

1955 Vinnuveitendur innheimti félagsgjald VR

27. maí 1955 var samið um að atvinnurekendur tæki að sér að innheimta árgjöld félaga VR gegn stimplaðri kvittun, undirritaðri af gjaldkera félagsins eða starfsmanni þess, enda mótmælti viðkomandi ekki að greiða.

1974 Auðvelda innheimtu félagsgjalds

26. febr. 1974 undirrituðu samningsaðilar yfirlýsingu þar sem aðilar voru sammála um að taka til gaumgæfilegrar endurskoðunar innheimtu félagsgjalds verslunarmannafélaga, með það fyrir augum að auðvelda innheimtu þeirra.

1976 Félagsgjald innheimt með lífeyrissjóðsiðgjaldi

28. febrúar 1976 var samið um að verkalýðsfélögin fengu aðstoðu til þess að taka félagsgjöld sem prósentu af kaupum, t.d. með innheimtu samhliða lífeyrissjóðsgreiðslu og af sama gjaldstofni.

Frí fyrir yfirvinnu

1955 Frí til kl. 10:00 fyrsta vinnudag eftir jól

27. maí 1955 var samið um að þriðja dag jóla yrðu verslanir ekki opnaðar fyrr en kl. 10:00. Það þýddi að afgreiðslufólk þurfti ekki að mæta til vinnu fyrr en kl. 10:00 á þriðja dag jóla.

9. mars 1966 var framangreindu efnislega breytt þannig, að í stað orðanna „þriðja dag jóla“, kom „Fyrsta virkan dag eftir jól skulu sölubúðir opnaðar kl. 10:00.“ Þessi breyting var gerð vegna þess að „þriðji dagur jóla“ var með vissu millibili á sunnudegi.

26. febrúar 1974 var orðalaginu enn breytt, þannig að í stað „fyrsta virkan dag“, kom „fyrsta vinnudag.“

10. mars 1997 var orðalaginu enn breytt þannig að hætt var að miða við ákvæði um opnunartíma verslana þar sem ekki var lengur samið um afgreiðslutíma verslana. Ákvæðið er nú þannig: „Fyrsta vinnudag eftir jól skal dagvinna í verslunum hefjast kl. 10:00.“

1974 Heimilt að greiða yfirvinnu með fríum

26. febrúar 1974 var samið um að heimilt væri með samkomulagi milli starfsfólks og vinnuveitanda að greiða fyrir störf, sem unnin eru utan dagvinnutíma, með fríum á dagvinnutímabili, enda sé þá verðgildi unninna vinnutímæininga þeirra, er utan dagvinnu falla, lagður til grundvallar, þ.e. eftir- og næturvinnuálag.

Uppgjör vegna slíkra starfa skal fara fram samtímis mánaðarlegu launauppgjöri og skal þá greiða í peningum þann hluta slíkra starfa, sem ekki hefur þegar verið greiddur í fríum eða verður greiddur í næsta mánuði á eftir, nema aðilar séu sammála um að tengja slíkt frí orlofi starfsmanns.

Fríin skulu tekin í heilum dögum í framhaldi af helgi og vera samfelld. Heimild þessi tekur ekki til yfirvinnu eftir kl. 12:00 á laugardögum í desember og eftir að dagvinnutíma lýkur á þorláksmessu.

1983 Frí fyrir yfirvinnu

15. nóvember 1983 var samið um að óskaði starfsmaður í verslun að fá yfirvinnu sem hann vinnur greidda með fríum, skyldi svo gert í samráði við vinnuveitanda. Við útreikning á gildi yfirvinnutíma skyldi fara eftir ákvæðum í gildandi kjarasamningi VR við vinnuveitendur, sbr. gr. 2.1.3.

10. mars 1997 var þessi grein felld niður þegar ákvæði um afgangslutíma verslana var felld út úr samningnum.

1988 Tveir frídagar afgangslufólks í janúar vegna vinnu í desember

27. apríl 1988 var samið um (miðlunartillaga ríkissáttasemjara) að fastráðið afgangslufólk í þeim verslunum sem nýttu sér heimildir um lengri afgangslutíma í desember og ynnu a.m.k. 50% starf, skyldu eiga rétt á tveimur launudum frídögum í janúar næstum á eftir vegna hins óreglubundna vinnutíma í desember og þeirrar röskunar og sérstaka vinnuálags sem af þessu leiddi í jólamánuðinum. Óskaði launþegi þess ætti hann rétt á 10% launauppbót miðað við eigin dagvinnulaun í desember í stað tveggja frídaga.

1989 Tvo frídaga afgangslufólks vegna vinnu í desember má veita eftir jól

1. maí 1989 var samið um að frídaga þá sem afgangslufólk ynni sér inn vegna lengri afgangslutíma í desember mætti veita eftir jól.

1995 Tveir frídagar vegna vinnu í desember eiga einnig við lagermenn

21. febrúar 1995 var samið um að frídagar sem afgangslufólk ynni sér inn vegna lengri afgangslutíma í desember ætti einnig við lagermenn.

1997 Tveir frídagar vegna langs afgangslutíma í desember, m.a. á laugardögum

10. mars 1997 var samið um nánari skilgreiningu á löngum afgangslutíma í desember sem gæfi rétt til tveggja frídaga. M.a var kveðið á um vinnu á laugardögum, sunnudögum og þorláksmessu sem ekki var áður. Í samningnum segir að „fastráðið afgangslufólk og lagermenn þeirra verslana sem hafa langan afgangslutíma í desember, svo sem á laugardögum eftir kl. 16:00, sunnudögum og þorláksmessukvöldi, og sem vinnur a.m.k. 50% starf á rétt á tveimur launudum frídögum í janúar næstum á eftir.“

(Sjá Frídagar og Yfirvinnuálag).

Frídagar



VR hefur boðið eldri félagsmönnum sínum til skemmtisamkomu á uppstigningardag árlega frá 1991.

1963 Frídagar – allir helgidagar Þjóðkirkjunnar o.fl.

6. febrúar 1964 kvað kjaradómur verslunarmanna (gildir frá 1. október 1963) á um frídaga, þar sem segir að „frídagar eru allir helgidagar Þjóðkirkjunnar, sumardagurinn fyrsti, 1. maí og 17. júní og fyrsti mánudagur í ágúst. Ennfremur aðfangadagur jóla og gamlársgangur frá kl. 12, beri þá upp á virkan dag.“

1983 Lög um frídag verslunarmanna – frídagur allra

Með lögum nr. 94/1982 var kveðið á um að frá og með árinu 1983 skuli fyrsti mánudagur í ágúst vera frídagur og skyldi greiða laun fyrir þann dag samkvæmt sömu reglu og í gildandi kjarasamningum um aðra almenna frídaga.

Samkvæmt þessum lögum var frídagur verslunarmanna frídagur allra launþega á landinu frá og með árinu 1983. VR samdi um þetta 1963 (sjá framar).

1983 Frí fyrir yfirvinnu

15. nóvember 1983 var samið um að óskaði starfsmaður í verslun að fá yfirvinnu sem hann ynni greidda með fríum skyldi svo gert í samráði við vinnuveitanda. Við útreikning á gildi yfirvinnutíma skyldi fara eftir ákvæðum í gildandi kjarasamningi VR við vinnuveitendur, sbr. gr. 2.1.3.

10. mars 1997 var þessi grein felld niður þegar ákvæði um afgangslutíma verslana var felld út úr samningunum.

1988 Stórhátíðardagar

27. apríl 1988 kvað sáttatillaga ríkissáttasemjara á um að eftirtaldir dagar teldust stórhátíðardagar: Nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, jóladagur og eftir kl. 12:00 á aðfangadag og gamlársgangur.

1997 Frídagur verslunarmanna – stórhátíðardagur

Samkvæmt prentuðum kjarasamningi VR og FÍS, sem gildir frá 1. mars 1997, telst frídagur verslunarmanna til stórhátíðardaga.

2000 Frídagur verslunarmanna – stórhátíðardagur – samningur við SA

14. maí 2000 var samið við SA um að frídagur verslunarmanna teldist til stórhátíðardaga.

1988 Tveir frídagar afgreiðslufólks í janúar vegna vinnu í desember

27. apríl 1988 var samið um (miðlunartillaga ríkissáttasemjara) að fastráðið afgreiðslufólk í þeim verslunum sem nýttu sér heimildir um lengri afgreiðslutíma í desember og ynni a.m.k. 50% starf skyldi eiga rétt á tveimur launuðum frídögum í janúar næstum á eftir, vegna hins óreglubundna vinnutíma í desember og þeirrar röskunar og sérstaka vinnuálags sem af þessu leiddi í jólamánuðinum.

Óskaði launþegi þess ætti hann rétt á 10% launauppbót miðað við eigin dagvinnulaun í desember í stað tveggja frídaga.

1989 Tvo frídaga afgreiðslufólks vegna vinnu í desember má veita eftir jól

1. maí 1989 var samið um að frídaga þá sem afgreiðslufólk vinnur sér inn vegna lengri afgreiðslutíma í desember mætti veita eftir jól.

1995 Tveir frídagar vegna vinnu í desember eiga einnig við lagermenn

21. febrúar 1995 var samið um að frídagar sem afgreiðslufólk ynni sér inn vegna lengri afgreiðslutíma í desember, ættu einnig við lagermenn.

1997 Tveir frídagar vegna vinnu í desember, m.a. á laugard. eftir kl. 16:00

10. mars 1997 var samið við VSÍ/VMS um nánari skilgreiningu á löngum afgreiðslutíma í desember sem gæfi rétt til tveggja frídaga. M.a. var kveðið á um vinnu á laugardögum, sunnudögum og Þorláksmessu sem ekki var áður. Í samningnum segir: „Fastráðið afgreiðslufólk og lagermenn þeirra verslana sem hafa langan afgreiðslutíma í desember, svo sem á laugardögum eftir kl. 16:00, sunnudögum og Þorláksmessu-kvöldi, og sem vinnur a.m.k. 50% starf á rétt á tveimur launuðum frídögum í janúar næstum á eftir.“

(Sjá Frí fyrir yfirvinnu, Hvildartími, Yfirvinnuálag og Stórhátíðardagar)

Fræðslumál



Kennt á tölvur.

1974 Námskeið fyrir sölumenn

26. febrúar 1974 var samið um að æskilegt væri, væri þess kostur, að sölumenn væru sendir á þau námskeið sem til boða stæðu innan starfsgreinar þeirra, bæði innanlands sem utan, og greiddi þá atvinnurekandi námskeiðagjöld, ferðir og upphald.

1977 Námskeið fyrir trúnaðarmenn

22. júní 1977 var samið um að trúnaðarmönnum skyldi gefinn kostur á að sækja námskeið sem miðuðu að því að gera þá hæfari í starfi og skyldu þeir halda dagvinnutekjum í allt að eina viku á ári, enda væri námskeiðið viðurkennt af fastanefnd aðila vinnumarkaðarins. Þetta gildi þó aðeins fyrir einn trúnaðarmann frá hverju fyrirtæki á ári.

1997 Námskeiði fyrir trúnaðarmenn breytt

10. mars 1997 var samið við SA og VMS um breytingu á ákvæði um námskeið fyrir trúnaðarmenn. Breytingin fólst í því að hver trúnaðarmaður ætti rétt á að sækja eitt námskeið á ári. Í fyrirtækjum þar sem störfuðu fleiri en 15 starfsmenn skyldu trúnaðarmenn halda dagvinnutekjum í allt að tvær vikur á fyrsta ári. Þetta gildi um einn trúnaðarmann á ári í hverju fyrirtæki, væru starfsmenn 5-50 en tvo trúnaðarmenn væru starfsmenn fleiri en 50.

1980 Námskeið fyrir afgreiðslufólk – yfirlýsing

27. október 1980 var undirrituð yfirlýsing þar sem kveðið er á um að afgreiðslufólk, sem náð hefur efsta þrepi viðkomandi launaflokks, ætti rétt á að sækja námskeið sem samtök vinnuveitenda stæðu fyrir og ákveddu námsefni á. Vinnuveitandi gæti heimilað afgreiðslufólki að sækja námskeiðin eftir styttri starfstíma. Afgreiðslufólk sækti námskeiðin í eigin tíma að 2/3 hlutum og að 1/3 hluta í vinnutíma. Allt afgreiðslufólk skyldi innan eins árs frá undirskrift yfirlýsingarinnar eiga rétt á að sækja námskeið.

Afgreiðslufólk skyldi færast upp um tvo launaflokka þegar það hefði lokið námskeiði. Hefði afgreiðslufólk ekki átt kost á að sækja námskeið skyldi það eigi að síður eiga rétt á flokkahækkun.

1985 Samningur um námskeið fyrir afgreiðslu- og skrifstofufólk

1. apríl 1985 var undirritaður samningur um 2ja flokka hækkun hjá afgreiðslu- og skrifstofufólki, að undangengnu námskeiði. Samningurinn er efnislega í samræmi við yfirlýsinguna frá 27. október 1980 (sjá ofar) en nær bæði til afgreiðslu- og skrifstofufólks.

1988 Námskeið greidd með dagvinnukaupi

27. apríl 1988 kvað miðlunartillaga ríkissáttasemjara á um að á námskeiðum, sem vinnuveitandi óskar eftir að starfsmaður sækji, skuli hann fá greidd dagvinnulaun fyrir helming námskeiðsstunda. Þetta skerði þó aldrei fast mánaðakaup.

1995 Námskeið greidd með dag- eða yfirvinnukaupi

21. febrúar 1995 var samið um breytingu á greiðslu námskeiða skv. samningi frá 27. apríl 1988 þannig að á námskeiðum sem starfsmanni væri gert að sækja utan vinnutíma síns skyldi hann fá greidd samningsbundin tímalaun fyrir helming námskeiðsstunda, dag- eða yfirvinnukaup eftir því sem við ætti. Þetta skerði þó aldrei fast mánaðarkaup.

1992 Réttur til náms í Tryggingaskólanum

26. apríl 1992 var samið um að það starfsfólk tryggingafélaga sem vinnur við tryggingar skyldi, eftir eins árs starf, eiga rétt á að sækja grunnnámskeið Tryggingaskólans.

1997 Fyrirtæki geri námsáætlun í samráði við starfsmenn

1. mars 1997 gerði VR samning við FÍS um að fyrirtæki skyldu í samráði við starfsmenn gera námsáætlun um menntun þeirra, eftir því sem aðstæður leyfðu. Námsáætlunin skyldi á markvissan hátt miða að því að auka færni og faglega þekkingu starfsmanna og stuðla að aukinni hagræðingu innan fyrirtækja.

1997 Sameiginleg námskeið í vinnutíma án skerðingar launa

10. mars 1997 var gerður samningur við SA og VMS um eftirfarandi viðbót við gr. 1.6. um námskeið (yrði upphaf greinarinnar): „sé starfsmanni gert að sækja námskeið sem samningsaðilar standa sameiginlega að skal það haldið í vinnutíma án skerðingar launa. Námskeið skulu á markvissan hátt miða að því að auka færni og faglega þekkingu starfsmanna.“

1997 Starfsmenntun starfsfólks dagvöruverslana – bókun

10. mars 1997 var gerð bókun samhliða samningagerð við SA og VMS um starfsmenntun starfsfólks í dagvöruverslunum þar sem segir m.a. að aðilar séu sammála um að auka möguleika starfsfólks dagvöruverslana til fræðslu og starfsmenntunar.

Ennfremur er kveðið á um að á árunum 1997, 1998 og 1999 gefist allt að tíunda hluta fastráðinna starfsmanna hlutaðeigandi dagvöruverslunar, sem starfað hafa a.m.k. eitt ár í sama fyrirtæki og eru í fullu starfi, kostur á að sækja slík námskeið hvert ár.

Námskeiðin geti verið allt að 20 stundir samtals, og séu skipulögð sameiginlega af samningsaðilum. Við það skuli miðað að hver námskeiðshluti fari ekki umfram 10 stundir.

Árangur námskeiðanna skuli meta fyrir árslok 1998.

14. maí 2000 var samþykkt að fella þessa bókun niður.

2000 Starfs- og endurmenntunarsjóður – samningur við SV-FÍS

22. janúar 2000 var samið við Samtök verslunarinnar-FÍS um stofnun starfs- og endurmenntunarsjóðs með það að markmiði að stuðla að aukinni færni og menntun verslunarmanna. Stjórn sjóðsins skyldi skipuð aðilum frá hvorum samningsaðila og setja sjóðnum starfsregur eigi síðar en 1. apríl 2000.

Framlag atvinnurekenda í sjóðinn skyldi vera 0,25% af sama launastofni og til lífeyrissjóðs. VR leggi fram kr. 10 milljónir – stofnframlag til sjóðsins.

2000 Framlag til starfsmenntamála – samningur við SA

14. maí 2000 var gerður samningur við SA sem gildi frá 1. júní 2000 um að samningsaðilar myndu á samningstímanum standa fyrir sameiginlegu verkefni í starfsmenntamálum. Aðilar voru sammála um mikilvægi starfsmenntunar fyrir íslenskt atvinnulíf. Atvinnulífið þarfnadist vel menntaðra starfsmanna



VR kynnir starfsemi sína víða

sem gætu mætt nýjum þörfum og breyttum kröfum vinnumarkaðarins. Mikilvægt væri að framboð á námi og námsefni svaraði þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Samningsaðilar myndu á samningstímanum standa fyrir sameiginlegu verkefni í starfsmenntamálum. Verkefnisstjórn, skipuð þremur fulltrúum stéttarféлага (VR/LÍV) og þremur frá SA, muni stýra verkefniinu, en meginþættir þess voru:

1. Styrkur til félagsmanna
2. Kostun námskeiðahalds
3. Kostun námsefnisgerðar
4. Styrkur til fyrirtækja til starfs- og endurmenntunar starfsmanna

Atvinnurekendur skyldu almennt greiða sem svarar 0,15% af launum félagsmanna til þessa verkefnis. Ef fyrirtæki sinnti starfsmenntamálum með forlegum hætti og verði til þeirra sambærilegum eða meiri fjármunum en nemur framangreindu hlutfalli, skyldi hins vegar greitt sem svarar 0,05% af launum félagsmanna þess fyrirtækis.

Stéttarfélögin skyldu greiða mótframlag sem svaraði einum þriðja af greiddu framlagi atvinnurekenda til verkefnisins.

Að auki gætu einstök verkefni verið fjármögnuð með styrkjum úr starfsmenntasjóðum og beinum tekjum af rekstri námskeiða.

Vorið 2003 skyldu samningsaðilar leggja mat á árangur verkefnisins og hvaða ávinningi það hefði skilað. Með hliðsjón af þeirri niðurstöðu skyldi taka ákvörðun um framhaldið við næstu samningsgerð.

Fyrirtækjasamningar



Undirritun samninga við FÍS 1. mars 1997. F.v.: Fulltrúar VR, Gunnar Páll Pálsson, Guðmundur, B. Ólafsson og Magnús L. Sveinsson. Fulltrúar FÍS, Páll Bragason, Birgir Rafn Jónsson og Baldvin Hafsteinnsson.

1979 Könnun á fyrirtækjasamningi við Morgunblaðið og Myndamót

Á árinu 1979 fóru fram viðræður meðal starfsmanna Morgunblaðsins og Myndamóta um möguleika á gerð heildarkjarasamnings milli starfsmanna annars vegar og fyrirtækjanna hins vegar.

2. október 1979 var haldinn félagsfundur Starfsmannafélags Morgunblaðsins og Myndamóta þar sem samþykkt var að fela nefnd starfsmanna að halda viðræðunum áfram í samráði við hlutaðeigandi stéttarfélag. Starfsfólk fyrirtækjanna sem var í VR óskaði eftir samþykki félagsins fyrir slíkri samningsgerð. Stjórn VR samþykkti að verða við þessum óskum starfsfólksins enda hafi hver starfshópur neitunarvald gagnvart væntanlegum samningi og afsali sér engum réttindum. Í framhaldi var unnið að tillögugerð um kjarasamning. Ekki varð af samningagerð.

1984 Beiðni um fyrirtækjasamninga

Í skýrslu stjórnar VR fyrir starfsárið 1984-1985 er sagt frá því að erindi hafi borist frá starfsfólki Dagblaðsins Vísis og Morgunblaðsins þar sem lýst sé áhuga á að gera einn heildarsamningur fyrir allt starfsfólk sem tilheyrði hinum mismunandi stéttarfélögum. Forsvarsmenn blaðanna hafi lýst áhuga á slíkum samningi.

VR lýsti sig tilbúið til viðræða um þetta mál og munu undirtektir annarra stéttarféлага hafa vera jákvæðar eftir því sem best er vitað.

Ekki varð af samningagerð.

1985 Fyrirtækjasamningur við Flugleiðir

13. febrúar 1986 skrifaði VR stjórn Flugleiða hf. bréf í tilefni af blaðagrein sem Sigurður Helgason, stjórnarformaður Flugleiða, skrifaði í Morgunblaðið 26. janúar 1986 varðandi form á samningagerð þar sem lýst var vilja Flugleiða til að gera einn heildarsamning við allar starfstéttir sem hjá þeim ynnu. Með bréfinu var Flugleiðum tilkynnt að VR væri fyrir sitt leyti reiðubúið að taka þátt í samningaviðræðum sem miðuðu að því að gera einn heildarkjarasamning við Flugleiðir fyrir allar starfstéttir sem hjá fyrirtækinu ynnu. Gengið var út frá því að öll stéttarfélag, sem voru með samninga við Flugleiðir, ættu aðild að slíkum viðræðum og hugsanlegum heildarsamningi.

Flugleiðir svörðu ekki erindi VR þátt fyrir beiðni þar um.

1986 Fyrirtækjasamningur við Árvakur og Myndamót

30. september 1986 var undirritaður vinnustaðasamningur sem starfsfólk Morgunblaðsins og Myndamóta (STAMM) hafði gert við vinnuveitendur sína, þ.e. Árvakur hf. og Myndamót hf., með fyrirvara um

sambykki starfsfólksins og viðkomandi stéttarféлага. VR var kunnugt um aðdraganda að þessari samningagerð og hafði fyrir sitt leyti áður lýst sig sambýkkt að kannað yrði hvort grundvöllur væri fyrir gerð fyrirtækjasamnings hjá þessum fyrirtækjum. VR lagði hins vegar þunga áherslu á að slík samningagerð yrði gerð í fullu samráði við viðkomandi stéttarfélag.

VR hafði ekki verið látið fylgjast með þessari samningagerð og fékk formaður VR samninginn fullgerðan í hendur rétt fyrir fund sem boðað var til 5. október 1986 með formönnum viðkomandi stéttarféлага þar sem samningurinn var kynntur. Á fundinum var sambýkkt að óska eftir skriflegum athugasemdum viðkomandi stéttarféлага við samkomulagið. Það erindi barst VR með bréfi dagsett 7. október 1986. VR svaraði erindinu með bréfi dags. 23. október 1986 og gerði margar athugasemdir við samninginn. M.a. var gerð athugasemd um að í honum fælist afsal á verkfallsrétti til næstu þriggja ára gegn tæplega 15% launahækkun sem dreifðist yfir þrjú ár, en starfsmenn njóti jafnframt hækkana sem samþæfilegir starfshópar semdu hugsanlega um á tímabilinu.

Öll stéttarfélag, sem hlut áttu að máli, að Blaðamannafélaginu undanskildu sem ekki svaraði erindinu, höfnuðu samningnum.

1997 Fyrirtækjasamningar – samningur VR og FÍS

1. mars 1997 gerði VR samning við FÍS um heimild til að gera fyrirtækjasamninga. Í fyrirtækjum þar sem starfa 10 manns eða fleiri og a.m.k. helmingur þeirra er því fylgjandi geta starfsmenn óskað eftir því að kjarasamningur aðila verði aðlagður þörfum viðkomandi vinnustaðar. Vinnuveitandi getur á sama hátt farið fram á viðræður um slíka aðlögun. Samningar skulu vera skriflegir og undirritaðir af vinnuveitanda og fulltrúa starfsmanna.

Þegar viðræður hafa verið ákveðnar skulu aðilar hvor um sig tilkynna það VR og FÍS. Geta aðilar leitað ráðgjafar hjá samningsaðilum.

Í samningi um aðlögun skal koma skýrt fram hver sé ávinningur fyrirtækis svo og hlutdeild starfsmanna í þeim ávinningi. Endurgjald til starfsmanna getur komið fram sem fækkun vinnustunda án tilsvarende launskerðingar, greiðslu fastrar upphæðar, hlutfallslegu álagi á laun, eða með öðrum hætti. Fyrirtækjasamningur er gerður undir friðarskyldu og getur fallið niður fyrir uppsögn. Hvorum aðila um sig er heimilt að segja samningnum upp með 3ja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót. Skipa skal allt að 5 menn í viðræðunefnd á vegum starfsmanna m.v. stærð fyrirtækis.

Með fyrirtækjasamningi er heimilt að víkja frá kjarasamningi að því er varðar eftirgreinda efnisþætti:

1. Að færa hluta af yfirvinnuálagi inn í dagvinnu.
2. Lenging dagvinnutímabils. Þó skal dagvinna aldrei hefjast fyrir kl. 08:00 og vera lokið eigi síðar en kl. 20:00.
3. Skipulag vinnutíma þannig að vikulegur fjöldi dagvinnustunda sé breytilegur yfir ákveðið tímabil en meðaltalið fari ekki yfir venjulega dagvinnuviku.
4. Að yfirvinna greiðist ekki fyrr en tilteknum vinnustundafjölda er náð.
5. Að yfirvinna gerist upp í lok fyrirfram ákveðins viðmiðunartímabils.
6. Að hluta orlofs sé ráðstafað til að draga úr starfsemi eða loka á tilteknum dögum utan hefðbundins orlofstíma.
7. Að semja um 37 stunda vinnuviku m.v. virkan vinnutíma. Skal starfsmönnum þá tryggt a.m.k. 1 klst. neysluhlé á dagvinnutímabili.
8. Að semja um ábataskipti.

Þegar fullreynt þykir að ekki náist samkomulag milli starfsmanna og vinnuveitanda um aðlögun kjarasamnings getur hvor aðili um sig vísað málinu til formlegrar meðferðar samningsaðila.

1997 Fyrirtækjapáttur kjarasamnings VR og SA/VMS

10. mars 1997 gerði VR samning við SA og VMS um fyrirtækjapátt kjarasamnings. Þar var kveðið á um heimildir til að semja í fyrirtækjum um aðlögun ákvæða samningsins að þörfum og hagsmunum fyrirtækis og starfsmanna. Eftirgreind ákvæði mynda ramma um formbundið samstarf starfsmanna og fyrirtækja:

Markmið

Kveðið er á um að markmið fyrirtækjapáttar kjarasamnings sé að efla samstarf starfsfólks og stjórnenda á vinnustað með það fyrir augum að skapa forsendur fyrir bættum kjörum starfsfólks með aukinni framleiðni. Einnig að þróa kjarasamninga þannig að þeir nýttist báðum aðilum til aukins ávinnings. M.a. sé stefnt að styttri vinnutíma með sömu eða meiri framleiðslu. Við það skal ávallt miðað að skilgreindur ávinningur skiptist milli starfsmanna og fyrirtækis eftir skýrum forsendum.

Viðræðuheimild

Að jafnaði taki fyrirtækjapáttur til allra starfsmanna sem kjarasamningar hlutaðeigandi félaga taka til. Heimilt er þó að gera sérstaka samninga á einstökum afmörkuðum vinnustöðum, sé um það samkomulag.

Þegar viðræður um fyrirtækjasamning hafa verið ákveðnar, ber að tilkynna það VR og samtökum vinnueitenda. Starfsmenn og forsvarsmenn fyrirtækja hafa rétt til að leita ráðgjafar hjá samningsaðilum.

Fulltrúar starfsmanna í forsvari í viðræðum – upplýsingaskylda

Trúnaðarmenn stéttarfélags skulu vera í forsvari fyrir starfsmenn í viðræðum við stjórnendur fyrirtækisins. Ákvæði eru um skyldu stjórnenda fyrirtækja að upplýsa trúnaðarmenn og aðra í samninganefnd starfsmanna um laun, afkomu, framtíðarhorfur og starfsmannastefnu fyrirtækisins.

Heimil frávik

Heimilt er með samkomlagi milli starfsmanna og fyrirtækis að aðlaga ákvæði samningsins þörfum vinnustadarins með frávikum varðandi eftirgreinda efnisþætti, enda náist samkomulag um endurgjald starfsmanna:

- a. Fjögurra daga vinnuvika.
- b. Vaktavinna.
- c. Yfirvinnuálag í dagvinnugrunn.
- d. Orlof fyrir yfirvinnu.
- e. Neyslúhlé önnur en í aðalsamningi.
- f. Hluti orlofs varið til að draga úr starfsemi eða loka á dögum utan annatíma fyrirtækis.
- g. Afkastahvetjandi launakerfi.

Endurgjald starfsmanna

Takist samkomulag um aðlögun ákvæða kjarasamnings að þörfum fyrirtækis eða önnur frávik frá vinnuskipulagi sem samkomulag hefur verið gert um skal jafnframt samið um hlutdeild starfsmanna í þeim ávinningi sem fyrirtækið hefur af breytingum.

Hlutr starfsmanna getur komið fram í fækkun vinnustunda án tilsvarenda skerðingar á tekjum, greiðslu fastrar upphæðar á mánuði eða ársfjórðungi, hæfnisálagi, prósentuálagi á laun eða fastri krónutölu á tímakaup eða með öðrum hætti sem um semst.

Gildistaka, meðferð ágreinings o.fl.

Samkomulag um fyrirtækjapátt skal vera skriflegt og kveðið er á um gildistöku, gildissvið og gildistíma. Einnig er ákvæði um áhrif fyrirtækjasamnings á ráðningarkjör og meðferð ágreinings.

1997 Staðlaður, valkvæður fyrirtækjapáttur

Í lok kaflans um fyrirtækjapátt kjarasamningsins frá 10. mars 1997, er útfærður samningur um vinnutíma og launatöflu. Í yfirskrift samningsins segir:

„Afgreiðslufólk og lagermenn eiga kost á því að tekin sé upp neðangreind launatafla gegn breytingum á eftirfarandi samingsákvæðum. Ósk þar að lútandi skal vera skrifleg og byggjast á meirihlutasamþykki allra hlutaðeigandi starfsmanna að undangenginni leynilegri atkvæðagreiðslu, sbr. ákvæði 7. gr. kafla um fyrirtækjapátt kjarasamnings.“

Í framhaldi af þessu er samningurinn útfærður.

2000 Staðlaður, valkvæður fyrirtækjapáttur – breyting

14. maí 2000 var samið við SA um breytingar á ákvæðum um staðlaðan, valkvæðan fyrirtækjapátt.

Breytingar sem tóku gildi 1. október 2000 eru á gr. 20.2. um dagvinnutíma afgreiðslufólks og lagermanna. Sú breyting er í samræmi við samning um styttingu vinnuvikunnar um ½ klst.

Breytingar sem tóku gildi 1. júní 2000 eru um vinnu á laugardögum og sunnudögum og um matartíma. Breytingarnar er í samræmi við breytingar sem voru gerðar í aðalsamningi um þessi efni.

Fæðingarorlof



VR greiddi félagsmönnum sínum fæðingarorlof í nærri tvö ár, áður en lög um fæðingarorlof tóku gildi 1. janúar 2001.

1970 Fæðingarorlof – 10 virkir daga

2. júlí 1970 var samið um að kona sem unnið hefur hjá sama vinnuveitanda eitt ár skuli eiga rétt á óskertu kaupí í 10 virka daga þegar hún er fjarverandi vegna barnsburðar.

1971 Fæðingarorlof – 2 vikur

4. desember 1971 var samið um að ákvæðið að greiða 10 virka daga í fæðingarorlof breyttist í „2 vikur“.

1974 Fæðingarorlof – 12 virkir dagar

26. febrúar 1974 var samið um að ákvæðið um að greiða 2 vikur í fæðingarorlof breyttist í „12 virka daga“, þ.e. tvær vikur og tvo daga. (laugardagar ekki meðtaldir).

1976 Lög um fæðingarorlof – frá 1. janúar 1976

16. maí 1975 samþykkti Alþingi lög nr. 56/1975 um breytingu á lögum nr. 57/1973 um atvinnuleysis-tryggingar (fæðingarorlof) þar sem segir: „Þó skulu þær konur, sem forfallast frá vinnu vegna barnsburðar, njóta atvinnuleysisbóta í 90 daga samtals“. Þessi lög tóku gildi 1. janúar 1976.

Samkvæmt þessum lögum greiddi atvinnuleysistryggingasjóður konum fæðingarorlof en skrifstofa VR annaðist greiðslurnar til félagskvenna VR.

1981 Breyting á lögum um fæðingarorlof – frá 1. janúar 1981

29. desember 1980 voru samþykkt lög nr. 97/1980 um breytingar á lögum um fæðingarorlof sem tóku gildi 1. janúar 1981. Frá þeim tíma var fæðingarorlof greitt úr Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins sem annaðist greiðslurnar. Þær námu 530.221 grk. á mánuði m.v. 1. desember 1980 og breyttust ársfjórðungslega skv. breytingum á 8. fl. kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi.



Samkvæmt lögnum jukust réttindi foreldra frá fyrri lögum. Foreldrar fengu rétt til þriggja mánaða fæðingarorlofs. Háfi móðir tekið a.m.k. tveggja mánaða fæðingarorlof á fadír rétt til fæðingarorlofs í stað móður, ef móðir óskar þess. Fæðingarorlof föður má nema allt að einum mánuði, enda sé um að ræða síðasta mánuð fæðingarorlofsins.

Óheimillt er að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar og knýjandi ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi. Þessi lög eru í samræmi við loforð ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninganna 27. október 1980.

1988 Breyting á lögum um fæðingarorlof – frá 1. janúar 1988

1. janúar 1988 tóku gildi lög nr. 57/1987 svo og lög nr. 59/1987. Þessi lög eru breyting á fyrri lögum um rétt allra útivinnandi kvenna á fæðingarorlofi sem greiðist af Lífeyrisdeild Tryggingarstofnunar ríkisins.

1990 Fæðingarorlof telst starfstími, eftir 2ja ára starf

1. febrúar 1990 var samið um að eftir 2ja ára starf hjá sama vinnuveitanda teldust fjarvistir vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum til starfstíma við mat á rétti til aukins orlofs samkvæmt kjarasamningum, útreikning desemberuppbótar, orlofsuppbótar, starfsaldurshækkana, veikindaréttar og uppsagnarfrests.

Fæðingarorlof allt að 6 mánuðum teldist til unnins tíma við útreikning orlofsréttar, þ.e. réttar til fritöku en ekki orlofslauna.

1998 Fæðingarorlof telst starfstími, eftir eins árs starf

9. mars 1998 gerði ASÍ samning við VSÍ á grundvelli tilskipunar ESB frá 19. október 1992 um rétt þungaðra kvenna að eftir eins árs starfs (áður 2ja ára starf, sjá 1. febr. 1990) hjá sama vinnuveitanda teldust fjarvistir vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum til starfstíma við mat á rétti til aukins orlofs og annara þeirra atriða sem getið er í samningnum frá 1. febrúar 1990 (sjá framar).

1998 Fjarvist vegna mæðraskoðunar án skerðingar á launum

9. mars 1998 gerði ASÍ samning við VSÍ á grundvelli tilskipunar ESB frá 19. október 1992 um rétt þungaðra kvenna þar sem kveðið var á um að barnshafandi konur ættu rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar án frádráttar á föstum launum, þurfi slík skoðun að fara fram í vinnutíma.

1997 Breyting á lögum um fæðingarorlof – frá 9. maí 1997

9. maí 1997 var lögum um fæðingarorlof breytt með lögum nr. 51/1997 sem tóku gildi 9. maí 1997.

1999 VR greiddi fæðingarorlof frá 1. apríl 1999

8. mars 1999 var samþykkt á aðalfundi VR að hefja greiðslu fæðingarorlofs til félagsmanna sem svarar 80% af launum viðkomandi að frádregni greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins.

Þessi greiðsla VR stóð til 31. desember 2000 eða þar til ný lög um fæðingarorlof tóku gildi 1. janúar 2001. VR greiddi um 800 félagsmönnum fæðingarorlof að upphæð um 200 milljónir króna.

2001 Ný lög um fæðingarorlof – frá 1. janúar 2001

22. maí 2000 voru sett lög nr. 95 sem gilda frá 1. janúar 2001 um fæðingarorlof. Markmið laganna er að tryggja barni samvistir bæði við föður og móður. Þá er lögnum ætlað að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Foreldrar eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjú mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Auk þessa eiga foreldrar sameiginlegan rétt á þremur mánuðum til viðbótar sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér.

Lögin kveða á um að þrátt fyrir framangreint orðalag á rétti foreldra til fæðingarorlofs skuli sjálfstæður réttur föður til fæðingarorlofs vera einn mánuður frá og með 1. janúar 2001, tveir mánuðir frá og með 1. janúar 2002 og þrír mánuðir frá og með 1. janúar 2003.

Mánaðarleg greiðsla fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi skal nema 80% af meðaltali heildarlauna. Greiðsla til foreldris í 25-49% starfi í hverjum mánuði skal þó aldrei vera lægra en sem nemur 54.021 kr. á mánuði og greiðsla til foreldris í 50-100% starfi í hverjum mánuði skal aldrei vera lægri en sem nemur 74.867 kr. á mánuði. Fjárhæð lágmarksgreiðslna kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála.

Að öðru leyti vísast til laga nr. 95/2000.

Grundvallarlaun



Mótmæli við setningu Alþingis þann 10. okt. 1983 vegna setningar bráðabirgðalaga þann 27. maí 1983 um afnám samningsréttar og skerðingu launa.

1987 Grundvallarlaun miðuð við 18 ára

1987 voru gerðir fastlaunasamningar (sjá Fastlaunasamningar) þar sem samkomulag var um að lágmarkslaun yrðu miðuð við að viðkomandi hafi náð 18 ára aldri og yrðu kölluð grundvallarlaun.

1989 Grundvallarlaun miðast við að verða 18 ára á almanaksárinu

1. maí 1989 var samið um að grundvallarlaun miðist við að starfsmaður verði 18 ára á almanaksárinu. (Sjá Fastlaunasamningar).

Hvíldartími



Fyrsta jólatrésskemmtun VR fyrir börn félagsmanna var haldin 2. janúar 1892 og sóttu 60 börn hana. Þessi mynd er af jólatrésskemmtun VR 1968.

1970 6 klst. hvíld eftir 6 klst. vinnu í yfirvinnu

2. júlí 1970 var samið um að ef starfsmaður hefði unnið 6 klst. eða meira samfelld í yfirvinnu skyldi hann fá minnst 6 klst. hvíld, ella greiddist áfram yfirvinnukaup þó komið væri fram á dagvinnutímabil.

1976 8 klst. hvíld eftir 6 klst. vinnu í yfirvinnu

28. febrúar 1976 var samið um breytingu á þessu ákvæði þannig að starfsmaður skyldi fá 8 klst. hvíld í stað 6 klst., hafi hann unnið 6 klst. eða meira samfelld í yfirvinnu.

1981 10 klst. samfelld hvíld á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags – einn vikulegur frídagur

14. maí 1981 samþykkti trúnaðarmannaráð VR bráðabirgðasamkomulag um framkvæmd hvíldartíma- og frídagaákvæði laga nr. 46/1980 sem ASÍ og VSÍ höfðu gert með sér þann 10. apríl 1981.

Samkvæmt því skyldi haga vinnutíma starfsmanna þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fengu þeir a.m.k. 10 tíma samfellda hvíld. Óheimilt væri að vinna lengur samfelld en 14 klst. nema einhver af sérstökum undantekningarákvæðum, sem tilgreind væru í samningnum, eins og að bjarga verðmætum, ættu við. Í slíkum tilfellum væri heimilt að vinna allt að 16 klst. Heimilt væri þó að haga vöktum þannig að samfelld hvíld fari niður í 8 klst.

Þá var kveðið á um að á hverju 7 daga tímabili skyldu starfsmenn hafa a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum samfelldum hvíldartíma og skyldi við það miðað að vinnuvikan hæfist á mánudegi. Að svo miklu leyti sem því yrði við komið skyldi vikulegur frídagur vera á sunnudegi.

1995 Vikulegur frídagur, óheimilt að skipuleggja vinnu öðruvísi

21. febrúar 1995 var samið um nýtt orðalag á hvíldartímaákvæðinu. Breytingin fól í sér viðbót við núverandi grein 2.3., sem kveður á um að ef starfsmaður hafi unnið 6 klst. eða meira samfelld í yfirvinnu skuli hann fá minnst 8 klst. hvíld ella greiðist áfram yfirvinnukaup, þó komið sé fram á dagvinnutímabil, auk dagvinnukaups: „Þegar um slíkt er að ræða á laugar- og sunnudögum, skal auk unnins tíma greiða 4 klst. dagvinnulaun sé unnið til hádegis en 8 klst. sé einnig unnið eftir hádegi“.

Einnig er kveðið á um að óheimilt sé að skipuleggja vinnu þannig að starfsmönnum gefist ekki kostur á vikulegum frídegi.

1997 11 klst. samfelld hvíld á milli kl. 23:00 til 06:00

10. mars 1997 var samið um miklar breytingar á ákvæðum um lágmarkshvíld. Jafnframt var fellt niður samkomulag um framkvæmd hvíldartíma milli ASÍ og VSÍ frá 10. apríl 1981 (samanb. framar).

Meginbreytingar eru þessar:

Daglegur hvíldartími

Starfsmaður skal fá a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld á hverjum sólarhring í stað 10 klst. áður. Verði því viðkomið skal dagleg hvíld ná til tímabilsins milli kl. 23:00 til 06:00.

Óheimilt er að skipulegga vinnu þannig að vinnutími fari umfram 13 klst.

Frávik og frítökuréttur

Við sérstakar aðstæður, þegar bjarga þarf verðmætum, má vinna allt að 16 klst., en þá skal undantekningarlaust veita 11 klst. hvíld í beinu framhaldi af vinnunni án skerðingar á rétti til fastra daglauna. Þegar sérstakar aðstæður gera það óhjákvæmilegt að víkja frá daglegum hvíldartíma, skv. heimild í vinnutímasamningi ASÍ/VSÍ frá 30. desember 1996, gildir eftirfarandi:

Séu starfsmenn sérstaklega beðnir að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð, er heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar, þannig að frítökuréttur, 1,5 klst. (dagvinna), safnist upp fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Í öllum tilfellum er óheimilt að skerða átta klst. samfellda hvíld.

Vinni starfsmaður það lengi á undan frídegi eða helgi að ekki náist 11 stunda hvíld miðað við venju-bundið upphaf vinnudags skal fara með það á sama hátt. Komi starfsmaður til vinnu á frídegi eða helgi greiðist yfirvinnukaup fyrir unninn tíma án frekarí aukagreiðslna af þessum sökum.

Framangreind ákvæði eiga þó ekki við á skipulegum vaktaskiptum en þá er heimilt að stytta hvíldartíma í allt að 8 klst.

Uppsafnaður frítökuréttur skv. framangreindu skal koma fram á launaseðli og veittur í hálfum og heilum dögum utan annatíma í starfsemi fyrirtækis í samráði við starfsmenn enda sé uppsafnaður frítökuréttur a.m.k. 4 klst. Við starfslok skal ónýttur frítökuréttur starfsmanns gerður upp og teljast hluti ráðningartíma.

Vikulegur frídagur

Á hverju sjö daga tímabil skal starfsmaður hafa a.m.k. einn vikulegan frídag, eins og áður var kveðið á um. Og að svo miklu leyti sem því verður við komið skal vikulegur frídagur vera á sunnudegi og allir starfsmenn fyrirtækisins eða á sama fasta vinnustað, fá frí á þeim degi.

Frestun á vikulegum frídegi

Þó má fyrirtæki, með samkomulagi við starfsmenn sína, fresta vikulegum frídegi þar sem sérstakar ástæður gera slík frávik nauðsynleg. Um það skal gera sérstakan kjarasamning.

Hlé

Starfsmaður á rétt á a.m.k. 15 mínútna hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en 6 klst. Þetta skerðir ekki ákvæði samningsins um matar- og kaffitíma sbr. gr. 3.1.2.

Bókun um túlkun á gr. 2.3.4. um vikulegan frídag

10. mars 1997 var gerð eftirfarandi bókun um túlkun á grein 2.3.4. um vikulegan frídag:

„Það er sameiginlegur skilningur samningsaðila að sé ekki samkomulag milli starfsmanna og stjórnenda um frestun á vikulegum frídegi eigi starfsmaður rétt á fríi á virkum degi í næstu viku á eftir án skerðingar launa.“

14. maí 2000 var samið um að við ofangreinda bókun bættist: „Sami skilningur á við varðandi vinnuferðir erlendis.“

Hærra launað starf



Í byggingavörverslun Jes Zimsen.

1955 Gegni sami maður tveim störfum, þá hæsti launaflokkur

27. maí 1955 var samið um að gegni sami maður tveimur eða fleiri mismunandi störfum hjá sama fyrirtæki, skuli honum greidd laun samkvæmt hæsta launaflokki viðkomandi starfsgreina, nema hann taki eitthvert starf að sér sem aukastarf.

1988 Laun skv. hærra launaða starfinu

27. apríl 1988 var samið um (skv. miðlunartillögu ríkissáttasemjara) að í stað „hæsta launaflokki viðkomandi starfsgreina“ komi: „laun miðað við hærra launaða starfið.“

1997 Umbun fyrir afleysingu

10. mars 1997 var samið við SA og VMS um að til viðbótar ákvæðinu, sem kveður á um laun, ef maður gegnir fleiri en einu starfi, komi: „Þegar starfsmaður, sem ekki er ráðinn sem staðgengill yfirmanns, leysir yfirmann sinn af í störfum t.d. vegna orlofs eða veikinda og sú afleysing stendur yfir í eina viku eða lengur skal undirmaður eiga rétt til umbunar fyrir slíka afleysingu með hliðsjón af þeirri ábyrgð og því starfsálagi sem hann verður fyrir.“

Laun – byrjunarlaun ófaglærðs afgreiðslu- og skrifstofufólks



Í Reykjavíkurapóteki.

Ár	Skrifstofufólk	Afgreiðslufólk		
	Karlar & konur	Karlar	Konur	
1. apríl 1955	1.900	2.600	1.691	
1. júní 1956	2.100	2.875	1.869	
1. júní 1957	2.255	3.087	1.969	
1. september 1958	2.579	3.497	2.251	
1. desember 1958	2.816	3.818	2.458	
1. mars 1959	2.440	3.308	2.130	Lækkun 13.4%
1. júlí 1961	2.806	3.671	2.450	
1. júní 1962	3.059	4.001	2.892	
1. júlí 1963	3.453	4.516	3.514	
1. október 1963	5.700	5.700	5.200	Kjaradómur 6. febrúar 1964
1. desember 1964	6.076	6.076	5.721	
15. júlí 1965	6.550	6.550	6.168	
1. júlí 1966	7.914	7.914	7.914	Launajöfnun

1. júlí 1966 varð launajöfnun samkv. launatöxtum VR samkv. samningi sem VR gerði við vinnuveitendur 13. júlí 1967 og gildi frá 1. júlí 1966. Þá eru lægstu laun þau sömu á skrifstofu og í verslun, kr. 7.914. Samkvæmt lögum nr. 60/1961 skyldi full launajöfnun milli kynja vera frá 1. janúar 1967.

Byrjunarlaun karla og kvenna á skrifstofum, ófaglært, eru jöfn frá 1955. Laun ófaglærðra karla eru lægri á skrifstofu en við afgreiðslustörf til 1. október 1963 er kjaradómur jafnar þau.

Laun ófaglærðra kvenna eru hærri á skrifstofu en við afgreiðslustörf til 1. febrúar 1963 en þá fara laun kvenna í verslun yfir laun kvenna á skrifstofu. Það breytist aftur 1. október 1963, skv. kjaradómi 6. febrúar 1964.

Byrjunarlaun ófaglærðs afgreiðslu- og skrifstofufólks, karlar og konur, frá 1. júlí 1966

Ár	Karlar og konur	
1. júlí 1966	7.914	
1. desember 1967	8.183	
1. desember 1968	9.112	
1. desember 1969	10.741	
1. júlí 1970	11.500	
1. desember 1971	17.599	17 ára og eldri skv. gerðadómi
1. júní 1972	19.732	
1. júní 1973	23.264	1. fl.
1. mars 1974	32.998	1. fl.
1. mars 1975	42.387	1. fl.
1. mars 1976	54.681	1. fl.
1. mars 1977	70.001	1. fl.
1. mars 1978	111.475	1. fl.
10. apríl 1979	163.000	1. fl. Innan 17 ára aldurs
1. mars 1980	246.570	1. fl. A
1. desember 1980	355.201	1. fl.
1. janúar 1981	3.552	1. fl. Nkr.
1. desember 1981	5.029	1. fl. (6. fl.)
1. desember 1982	7.185	6. fl.
1. október 1983	9.444	7. fl.
6. nóvember 1984	12.075	12. fl.
1. október 1985	16.437	
1. september 1986	18.942	

6. desember 1986 var samið um lágmarkslaun kr. 26.500 og að upphafslaun byrjenda skuli vera 92% af lágmarkslaunum eða 24.380 fyrir 16 ára. Önnur laun hækki 1.12.86 um 4,59%. Samið var um að gera fastlaunasamninga sem taki gildi frá 1. mars til 1. september 1987. Fyrsti fastlaunasamningurinn var gerður 4. maí 1987 fyrir afgreiðslufólk og gildi frá 1. apríl 1987.

Ár	Karlar og konur	
1. desember 1986	24.380	16 ára, afgr.- og skrifstofufólk.
1. mars 1987	24.840	16 ára, afgr.- og skrifstofufólk.
1. apríl 1987	27.000	16 ára, afgreiðslustörf í verslun.
	30.000	18 ára, grundvallarlaun, afgreiðslustörf.
18. september 1987		var samið um grundvallarlaun fyrir skrifstofufólk sem gildi frá 1. júní 1987. Frá þeim tíma voru grundvallarlaun miðuð við 18 ára aldur fyrir bæði afgreiðslu- og skrifstofufólk.
1. júní 1987	30.855	18 ára, grundvallarlaun afgreiðslu- og skrifstofufólk.
	27.866	16 ára, afgreiðslufólk.
	25.637	16 ára, skrifstofufólk.
30. apríl 1988	36.500	18 ára, grundvallarlaun afgreiðslu- og skrifstofufólk.
1. maí 1989	38.956	
1. febrúar 1990	42.078	
1. mars 1991	46.734	
1. maí 1992	48.750	
21. maí 1993		var samið um sérstakar launabætur en launtaxtar breyttust ekki. Gildi til 31.12 1994
21. febrúar 1995	52.372	
1. janúar 1996	55.072	



13. júní 1975 voru kjarasamningar undirritaðir. F.v. Magnús L. Sveinsson, Júlíus Valdimarsson, Guðmundur H. Garðarsson, Brynjólfur Bjarnason, Skúli Pálmason, Kristján Ragnarsson, Gunnar J. Friðriksson, Baldur Guðlaugsson og sitjandi eru Einar Árnason og Barði Friðriksson.

Byrjunarlaun ófaglærðs afgangslu- og skrifstofufólks, karlar og konur frá 9. mars 1997

9. mars 1997 voru launaflokkar skrifstofufólks lagðir af, aðeins: Skrifstofufólk. Afgangslufólk flokkað í afgangslufólk og deildarstjóra í verslunum. Byrjunarlaun afgangsfólks eru frá þessum tíma lægri en byrjunarlaun skrifstofufólks

Skrifstofufólk	Afgangslufólk	
9. mars 1997	73.000	61.846
1. janúar 1998	75.920	64.320
1. janúar 1999	78.691	66.668
1. maí 2000	87.408	74.053
1. janúar 2001	91.429	78.867
1. janúar 2002	95.635	83.993
1. janúar 2003	100.000	90.418

Laun – Markaðslaun



Undirritun samninga við SA 14. maí 2000. Við borðið f.v.: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, form. LIV, Magnús L. Sveinsson, form. VR, Finnur Geirsson, form. SA og Ari Edward, framkvæmdastjóri SA.

2000 Markaðslaun – Samningur við SV-FÍS

22. janúar 2000 var gerður samningur við Samtök verslunarinnar-FÍS sem byggði m.a. á markaðslaunakerfi þar sem laun skyldu endurspeglja vinnuframlag starfsmanns, hæfni hans, dugnað, sveigjanleika í vinnu, vinnu á sérstökum tímum og innihald starfsins, auk ábyrgðar og menntunar, ef við ætti. Við undirritun samnings hækkuðu laun um 3,8%. Starfsmaður og vinnuveitandi áttu að öðru leyti að semja milliliðalaust sín á milli um laun.

Launaviðtal a.m.k. einu sinni á ári

Samningurinn gerir ráð fyrir að mat og hugsanleg leiðrétting á launakjörum fari fram einstaklingsbundið a.m.k. einu sinni á ári og miða skuli við þróun markaðslauna. Starfsmaður eigi rétt á því að krefjast samningaviðræðna við vinnuveitandann, ef laun hans séu að verulegu leyti frábrugðin byrjunarlaunum sambærilegra starfsmannahópa í fyrirtækinu og byrjunarlaunum í sambærilegum fyrirtækjum í sömu starfsgrein.

Við mat á hvað teljast sambærileg kjör skuli miða við upplýsingar frá fyrirtækjum svo og launakannanir sem gerðar séu eftir viðurkenndum aðferðum. Ef talið er að verulegt misræmi sé í heildarlaunagreiðslum hópa launþega sem starfa í sambærilegum fyrirtækjum við sambærilegar aðstæður eigi báðir aðilar rétt á að vísa slíku máli til launanefndar.

Þá segir í samningnum að laun skuli ákveðin í samræmi við markmið laga um launajafnrétti.

Launanefnd

Launanefnd skuli skipa tveim fulltrúum frá hvorum aðila og tekur hún til starfa ef verulegur brestur verður á að launþegar fylgi árlegri launaþróun. Launanefndin skuli þá úrskurða um lágmarkshækkun launa eigi síðar en 1. október ár hvert.

Laun – Persónubundin laun



Í verslun Guðsteins Eyjólfssonar.

1997 Færa kauptaxta að greiddu kaupi

10. mars 1997 samdi VR við VSÍ/VMS um nýtt kauptaxtakerfi. Allt frá fyrsta kjarasamningi VR við vinnuveitendur þann 27. maí 1955 var kauptaxtakerfið í megin atriðum óbreytt þar til fastlaunasamningar voru gerðir árið 1987 (sjá Launaflokkar).

Markmiðið með þessu nýja kerfi var að færa taxtakaup nær greiddu kaupi, eins og segir í samningnum. Mikilvægur þáttur í þessari breytingu var að hækka hlut dagvinnukauptaxta. Þetta átti að gerast m.a. með fækkun launaflokka og starfsaldursþrepa. Á móti taxtahækkunum lækkuðu kjarasamnings- og/eða ráðningarsamningsbundnar álags- og aukagreiðslur. Með ráðningarsamningsbundnum álags- og aukagreiðslum var m.a. átt við yfirborganir í formi prósentu- eða krónutöluálags á taxta og viðbótargreiðslur í formi óunninna yfirvinnutíma.

2000 Persónubundin laun grunnur að markaðslaunum – samningur við SA

14. maí 2000 var gerður samningur við SA um persónubundin laun en með þeim var verið að leggja grunninn að nýju launakerfi sem byggði á markaðslaunum. Vinnuveitendur voru ekki reiðubúinir að stíga skrefið til fulls hvað nýtt markaðslaunakerfi snertir, eins og VR lagði til. Samkomulag var um persónubundin laun sem eru í framkvæmd ekki ósvipuð markaðslaunum. Þetta þýðir að tvö launakerfi voru til staðar. Annað kerfið gerði ráð fyrir persónubundnum launum þar sem starfsmanni voru tryggð ákveðin samningsbundin réttindi. Mikill meirihluti félagsmanna tók laun samkvæmt því launakerfi. Í hinu kerfinu voru laun starfsmanns greidd samkvæmt samningsbundnum töxtum.

Ákvæði samningsins um persónubundin laun tryggðu félagsmönnum samningsbundinn rétt til árlegra beinna viðræðna við vinnuveitendur um störf sín og hugsanlega breytingu á starfskjörum. Við ákvörðun launa milli vinnuveitanda og starfsmanns, skyldu laun endurspeglu vinnuframlag, hæfnir, menntun og færni viðkomandi starfsmanns svo og innihald starfsins og þá ábyrgð sem starfinu fylgdi. Gæta skyldi ákvæða jafnréttislaða við launaákvæðanir.

Launaflokkar



Útídeild VR á vettvangi. F.v.: Harpa Gunnarsdóttir, Snorri Kristjánsson, Sigrún Víktorsdóttir, Þorgrímur Guðmundsson, Hafsteinn Hannesson og Elías Magnússon.

1987 Flestir launaflokkar lagðir af

Í fastlaunasamningum sem gerðir voru á árinu 1987 (sjá Fastlaunasamningar) voru flestir launaflokkar, sem voru 18, lagðir af. Aðeins var kveðið á um afgreiðslufólk, sem skipt var í almennt afgreiðslufólk, sérhæft afgreiðslufólk og deildarstjóra, og skrifstofufólk, sem skipt var í skrifstofufólk I, II og III.

1997 Launaflokkar lagðir af

10. mars 1997 gerði VR samkomulag við VSÍ og VMS þar sem samið var um að taka upp nýtt kerfi kauptaxta (sjá Laun – Persónubundin laun) sem komi að öllu leyti í stað eldri kauptaxta (sjá kaflann um kauptaxtakerfi). Markmiðið með þessari breytingu var að færa taxtakaup nær greiddu kaupi. Mikilvægur þáttur í þessari breytingu var að hækka hlut dagvinnukauptaxta. Þetta gerðist m.a. með fækkun launaflokka og starfsaldursþrepa eins og fram kom í kaupgjaldsákvæðum samningsins.

Launaflokkar eru lagðir af og einungis kveðið á um laun afgreiðslufólks og deildarstjóra í verslunum og skrifstofufólk.

Launajöfnun kynja



VR fékk jafnréttisviðurkenningu jafnréttisráðs árið 2001. Páll Pétursson félagsmálaráðherra afhendir Magnúsi L. Sveinssyni formanni VR, viðurkenningu jafnréttisráðs. Á myndinni er einnig Elin Líndal, formaður jafnréttisráðs.

1966 Launajöfnun milli kynja skv. launatöxtum VR

13. júlí 1967 gerði VR samning við vinnuveitendur sem gildi frá 1. júlí 1966. Samkvæmt honum var launajöfnun samkvæmt launatöxtum VR komin á 1. júlí 1966.

1967 Lög nr. 60/1961 – launajöfnun milli kynja

Samkvæmt lögum nr. 60/1961 skyldi full launajöfnun milli kynja koma í áföngum og vera komin á að fullu frá 1. janúar 1967.

1989 Aukin hlutdeild kvenna í stjórnunarstörfum og hærri laun

1. maí 1989 var gerð bókun í sambandi við gerð kjarasamninga milli ASÍ og VSÍ þar sem sagði að „aðilar eru sammála um að stefnt skuli að aukinni hlutdeild kvenna í stjórnunarstörfum í fyrirtækjum. Jafnhliða þessu er stefnt að því að konur takist á hendur ábyrgðarmeiri og hærra launuð störf.

Aðilar eru sammála um að skipa viðræðuhóp, sem skoði hver þróun launamunar karla og kvenna hefur verið, hvað skýri hann og kanni leiðir til að draga úr honum.“

2000 Launajafnrétti

22. janúar 2000 var samið við Samtök verslunarinnar-FÍS um að eigi sjaldnar en einu sinni á ári skyldi fara fram einstaklingsbundið mat og hugsanleg leiðrétting á launakjörum starfsmanna. Kveðið var á um að laun skyldu ákveðin í samræmi við markmið í lögum um launajafnrétti.

14. maí 2000 var gerður kjarasamningur við SA um persónubundin laun og var þar einnig kveðið á um að gæta skuli ákvæða jafnréttislaganna við launaákvæðanir.

Launakannanir



Frá kjarabingi VR 23. janúar 1999.

1997 Árleg launakönnun – jafnréttislög virt – laun hvers starfsmanns endurmetin árlega – laun endurspegli hæfni, menntun og ábyrgð – samningur við FÍS

1. mars 1997 gerði VR kjarasamning við Félag Ísl. stórkaupmanna þar sem kveðið var á um hvernig standa skyldi að endurskoðun launa á samningstímabilinu. Þar var m.a. kveðið á um að:

Laun skyldu endurspeglu vinnuframlag, hæfni, menntun og færni starfsmanns, innihald starfsins og þá ábyrgð sem starfinu fylgir.

Gæta skyldi ákvæða jafnréttislaga við launaákvörðanir.

Mat og hugsanleg breyting á launakjörum skyldi fara fram a.m.k. einu sinni á ári hjá hverjum starfsmanni.

Gerð skyldi launakönnun sem birt skyldi einu sinni á ári.

2000 Launakannanir – samningur við SV-FÍS

22. janúar 2000 var gerður samningur við Samtök verslunarinnar-FÍS, sem byggði m.a. á markaðs-launakerfi. Mat og hugsanleg leiðrétting á launakjörum færi fram einstaklingsbundið a.m.k. einu sinni á ári og skyldi miða við þróun markaðslauna. Við mat á hvað teldust sambærileg kjör skyldi miða við upplýsingar frá fyrirtækjum svo og launakannanir sem gerðar væru eftir viðurkenndum aðferðum. Ef talið væri að verulegt misræmi væri í heildarlaunagreiðslum hópa launþega sem störfuðu í sambærilegum fyrirtækjum við sambærilegar aðstæður ættu báðir aðilar rétt á að vísa slíku máli til launanefndar.

Þá segir í samningnum að laun skuli ákveðin í samræmi við markmið laga um launajafnrétti.

2000 Launakannanir – bókun við SA

14. maí 2000 var gerð bókun við gerð kjarasamnings við SA þar sem kveðið var á um að árlegar launakannanir skuli gerðar sem geri launaþróunina á vinnumarkaðinum sýnilega. Þannig geti félagsmenn borið laun sín saman við þau laun sem greidd séu í raun á vinnumarkaðinum og notað það í viðræðum við vinnuveitendur um störf sín og hugsanlega breytingu á starfskjörum.

Launaviðtal



Fulltrúar VR á ASÍ þingi 1996.

1997 Laun hvers starfsmanns endurmetin árlega – samningur við FÍS

1. mars 1997 gerði VR kjarasamning við Félag ísl. stórkaupmanna þar sem kveðið var á um að mat og hugsanleg breyting á launakjörum skuli fara fram a.m.k. einu sinni á ári hjá hverjum starfsmanni.

Segja má að þetta sé fyrsti vísirinn að rétti starfsmanns á árlegu viðtali við yfirmann sinn um hugsanlega breytingu á starfskjörum, eins og samið var síðar um við FÍS 22. janúar 2000 (gr. 1.3.e.) og SA 14. maí 2000 (gr. 1.2.2.) (sjá neðar).

2000 Launaviðtal a.m.k. einu sinni á ári – samningur við SV-FÍS

22. janúar 2000 var gerður samningur við SV-FÍS sem byggði m.a. á markaðslaunakerfi. Samningurinn gerir ráð fyrir að mat og hugsanleg leiðrétting á launakjörum fari fram einstaklingsbundið að minnsta kosti einu sinni á ári og skal miða við þróun markaðslauna. Starfsmaður eigi rétt á því að krefjast samningaviðræðna við vinnuveitandann, ef laun hans séu að verulegu leyti frábrugðin byrjunarlaunum sambærilegra starfsmannahópa í fyrirtækinu og byrjunarlaunum í sambærilegum fyrirtækjum í sömu starfsgrein (sjá launakannanir).

2000 Árlegar viðræður um starfskjör – samningur við SA

14. maí 2000 var gerður samningur við SA um persónubundin laun. Félagsmönnum VR var tryggður samningsbundinn réttur til árlegra, beinna viðræðna við vinnuveitendur um störf sín og hugsanlega breytingu á starfskjörum.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna



Stjórn Lífeyrissjóðs Verzlunarmanna ásamt forstjóra 2003. Sitjandi f.v.: Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Víglundur Þorsteinsson, varaform., Magnús L. Sveinsson, form. og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir. Standandi f.v.: Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri, Birgir R. Jónsson, Benedikt Kristjánsson, Gunnar Páll Pálsson og Tryggvi Jónsson.

1954 Tillaga VR um stofnun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

31 maí 1954 gerði VR samkomulag („Aukasamkomulag“) við samninganefnd atvinnurekenda um að þeir „lofa að leggja til við umbjóðendur sína, að þeir láti fara fram athugun og taki afstöðu til tillagna VR um Lífeyrissjóð verzlunarmanna.“

1955 Lífeyrissjóður verzlunarmanna stofnaður

27. maí 1955 samdi VR síðan við vinnuveitendur um stofnun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sem starfi samkvæmt frumvarpi að reglugerð sem samin hafi verið af Lífeyrissjóðsnefndum VR og kaupsyslumannanna.

Lífeyrissjóður eða aðild að atvinnuleysistryggingasjóði

Í samningnum 27. maí 1955 stóð VR frammi fyrir því að velja á milli þess að stofna lífeyrissjóð eða að fá aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði, sem þá var samið um að stofna. Á þessum tíma var ekki atvinnuleysi hjá verzlunar- og skrifstofufólki og var því ákveðið að velja þann kost að semja um stofnun lífeyrissjóðs í trausti þess að semja síðar um aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði, ef atvinnuleysi yrði hjá félagsmönnum VR.

Þann 9. mars 1966 gerði VR samning við vinnuveitendur eftir verkfall þar sem kveðið var á um að samningurinn væri gerður með fyrirvara um að verzlunar- og skrifstofufólk fengi aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði með sama hætti og aðrir launþegar innan ASÍ.

Þann 10. mars 1966 staðfesti félagsmálaráðherra, Eggert G. Þorsteinsson, með bréfi til VR að ríkisstjórnin myndi beita sér fyrir því að verzlunar- og skrifstofufólk öðlaðist aðild að Atvinnuleysistryggingum frá og með 1. janúar 1967, með sama rétti og aðrir þeir hafa sem ættu aðild að sjóðnum.

1969 Skylduaðild að lífeyrissjóðum á félagsgrundvelli

19. maí 1969 var samið um stofnun lífeyrissjóða almennu stéttarfélaganna sem ekki höfðu stofnað lífeyrissjóð áður og þar var kveðið á um skylduaðild að lífeyrissjóðum á félagsgrundvelli.

1974 Lög um skylduaðild að lífeyrissjóðum

4. mars 1974 voru samþykkt lög á Alþingi um starfskjör launþega. Í lögnum, sem tóku gildi sama dag, segir m.a.: „Öllum launþegum er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfstéttar eða starfshóps. Vinnuveitendum er skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldshluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt mótlframlagi sínu, samkvæmt þeim

reglum, sem settar eru um iðgjaldgreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs, sem staðfest skal af fjármálaráðuneytinu.“

1971 Kanna að iðgjald til LV reiknist af föstum mánaðarlaunum

4. desember 1971 var samið um „að ef tryggingarleg athugun leiði í ljós að forsendur séu fyrir því að allar iðgjaldgreiðslur til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna reiknist af föstum mánaðarlaunum, þá skuli svo gert.“

Fram að þessu höfðu iðgjöld verið greidd af launum upp að ákveðinni upphæð.

1971 Kaup á hlutabréfum verði könnuð

Á stjórnarfundum í VR þann 1. febrúar 1971 var samþykkt að óska eftir við stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna að hún kanni hvort hægt væri að fá keypt hlutabréf í hf. Eimskipafélagi Íslands og með hvaða kjörum.

1971 Ávaxta fé Lífeyrissjóðsins með lánum til atvinnuveganna

4. desember 1971 var samið „um að auk ávöxtunar ráðstöfunarfjár í samræmi við 7. gr. reglugerðar lífeyrissjóðsins, sé rétt að lífeyrissjóðurinn ávaxti fé sitt með lánum til atvinnuveganna með sem hagkvæmustum hætti.“

1974 Jöfn aðild launþega og vinnuveitenda að stjórn LV athuguð

26. febrúar 1974 var gert samkomulag um að fela nefnd, sem unnið hafi að endurskoðun reglugerðar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, að gera athugun á möguleikum á breytingu á skipan stjórnar sjóðsins með það fyrir augum að aðild launþega að henni verði jöfn aðild vinnuveitenda.

1977 Nefnd geri tillögu um jafna aðild að stjórn LV

22. júní 1977 var enn gert samkomulag um að athuga jafna aðild launþega og vinnuveitenda að stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Í samkomulaginu sagði: „Aðilar eru sammála um að setja niður 6 manna nefnd, 3 frá hvorum aðila, sem taki til endurskoðunar reglugerð Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Nefndin skili álit fyrir 1. október n.k. og gangi út frá því, að í stjórn lífeyrissjóðsins sitji 3 menn frá hvorum aðila frá og með sama tíma. Þetta samkomulag er skilyrt af hálfu fulltrúa vinnuveitenda af því að einróma samkomulag verði um megin atriði við endurskoðun reglugerðarinnar.“

1980 Jöfn aðild að stjórn LV – Kjararáð verzlunarinnar á móti

27. október 1980 var samið um að stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna skuli skipuð jafnmörgum fulltrúum frá samtökum vinnuveitenda og Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur.

Þegar samningar, sem ASÍ fór fyrir en VR átti aðild að, tókust loks höfðu samningaumleitnir staðið nærri allt árið 1980. Síðasta sólarhringinn stóð hörð barátta um þá kröfu verslunarmanna að fá jafna aðild og vinnuveitendur að stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sem kjararáð verzlunarinnar stóð eitt á móti. Undirritun samninga drógst í marga klukkutíma vegna andstöðu þess en það neyddist að lokum til að samþykkja jafna aðild.

1986 Iðgjald til LV greiðist af öllum launum

26. febrúar 1986 var samið um að til viðbótar þágildandi iðgjöldum til lífeyrissjóðsins skyldi greiða af yfirvinnu, ákvæðisvinnu, bónus eða öðrum launum sem ekki var greitt iðgjald af samkvæmt þáverandi reglum og skyldi full greiðsla koma í eftirfarandi áföngum:

Frá 1. janúar 1987 greiði starfsmaður 1% og vinnuveitandi 1,5%.

Frá 1. janúar 1988 greiði starfsmaður 2% og vinnuveitandi 3%.

Frá 1. janúar 1989 greiði starfsmaður 3% og vinnuveitandi 4,5%.

Frá 1. janúar 1990 greiði starfsmaður 4% iðgjald af öllum launum og vinnuveitandi 6%.

1996 Frjáls viðbótarlífeyrissparnaður

30. desember 1996 var samið um að sjóðfélögum skyldi gefast kostur á að byggja upp frjálsan viðbótarlífeyrissparnað hjá sjóðnum og beita sér fyrir því að þeir fái skattfrestun á viðbótariðgjöld í því skyni. Sjóðfélagar hefðu frjálst val um hvar þeir tryggðu sér réttindi umfram lágmarksákvæði kjarasamninga og ákveðdu hvort það væri skv. séreignarfyrirkomulagi eða einhverju formi trygginga.

1996 Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

30. desember 1996 var samið um að samtökin sem að Lífeyrissjóði verzlunarmanna standa myndu sameiginlega beita áhrifum sínum til þess að komið yrði á formlegum ársfundi lífeyrissjóðsins þar sem m.a. yrðu lagðir fram reikningar og gerð grein fyrir stöðu sjóðsins og fjárfestingarstefnu.

1998 Lög um aðildarskyldu að lífeyrissjóðum

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Samkvæmt lögnum er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi gert skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára aldri til 70 ára aldurs.

2000 Viðbótarframlag í séreignarsjóð – samningur við SV-FÍS

22. janúar 2000 var samið við Samtök verslunarinnar-FÍS um greiðslu móttframlags vinnuveitenda gegn 2% viðbótarframlagi launþega í séreignarsjóð. Greiðslan kæmi í áföngum þannig að framlag vinnuveitenda yrði 0,5%, á árinu 2000, 1,0% á árinu 2001, 1,5% á árinu 2002 og 2,0% á árinu 2003.

Þetta var í fyrsta skipti sem samið var við vinnuveitendur um greiðslu í séreignarsjóð lífeyrissjóðs á almenna vinnumarkaðinum.

2000 Viðbótarframlög í séreignarsjóð – samningur við SA

14. maí 2000 var samið við SA um að í þeim tilvikum þegar starfsmaður leggði til viðbótarframlag í séreignarsjóð greiddi vinnuveitandi framlag á móti. Frá 1. maí 2000 var móttframlag vinnuveitanda 1% gegn 2% framlagi starfsmanns og frá 1. janúar 2002 var móttframlag vinnuveitanda 2% gegn 2% framlagi starfsmanns.

2001 Viðbótarframlag vinnuveitenda án framlags launþega – samningur við SA

13. desember 2001 var gerður samningur við SA um að frá 1. júlí 2002 myndu vinnuveitendur greiða 1% framlag í séreignarsjóð launamanns án framlags af hálfu launamanns. Skv. samkomulagi frá 14. maí var móttframlag vinnuveitanda háð móttframlagi launþega. Áfram gildi reglan um 2% móttframlag gegn 2% viðbótarsparnaði launamanns og leiddi þessi viðbót ekki til hækkunar á því.

Þetta ákvæði gilti einnig fyrir félagsmenn VR sem unni hjá fyrirtækjum sem áttu aðild að Samtökum verslunarinnar-FÍS.

2002 Móttframlag vinnuveitenda í lífeyrissjóð flýtt – samningur við SV-FÍS

3. júní 2002 var samið við Samtök verslunarinnar-FÍS um að flýta 2% móttframlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð starfsmanns sem er með séreignarsparnað, og koma átti framkvæmda 1. janúar 2003 (sjá samning 22. janúar 2000), skuli gilda frá frá 1. júlí 2002.

1986 Hækkun iðgjalda til Lífeyrissjóðs SIS

13. nóvember 1986 gerðu Alþýðusamband Íslands og Vinnuálasamband samvinnufélaganna samning um hækkun iðgjalda til Samvinnulífeyrissjóðsins, Lífeyrissjóðs KEA og Lífeyrissjóðs verksmiðju SÍS, Akureyri. Iðgjöld til lífeyrissjóða yrði samtals 11,5% og skiptist þannig að vinnuveitendur greiddu 7% og sjóðfélagar 4,5%, Samningurinn gilti frá undirskriftardegi. Stjórn VR samþykkti samkomulagið fyrir sitt leyti þann 11. desember 1986 vegna starfsmanna SÍS á félagssvæði VR.

Matar- og kaffitími

1955 Matar- og kaffitími

27. maí 1955 var samið um að afgreiðslufólk skyldi hafa 1½ klst. samtals í matar- og kaffihlé en skrifstofufólk 1 klst. matarhlé. Ekki var ákvæði um kaffitíma hjá skrifstofufólki.

1963 Matar- og kaffitími í dagvinnu

6. febrúar 1964 kvað kjaradómur upp dóm um eftirfarandi matar- og kaffitíma í dag- og yfirvinnu (gilti frá 1. október 1963):

Matartími á dagvinnutímabili skal vera 1 klst. bæði hjá afgreiðslu- og skrifstofufólki og telst hann ekki til venjulegs vinnutíma.

Kaffitími hjá afgreiðslufólki skal vera 40 mín. á dag miðað við dagvinnutíma, nema á laugardögum 20 mínútur.

Kaffitími hjá skrifstofufólki skal vera 15 mín. á dag miðað við dagvinnu, þó ekki á laugardögum.

1971 Matar- og kaffitími í dagvinnu

4. desember 1971 var samið um að matartími á dagvinnutímabili skyldi vera 1 klst. hjá afgreiðslufólki og ½-1 klst. hjá skrifstofufólki og teldist ekki til venjulegs vinnutíma.

Kaffitími hjá afgreiðslufólki skyldi vera 35 mínútur á dag miðað við dagvinnutíma nema á laugardögum þegar hann skyldi vera 20 mínútur.

Kaffitími hjá skrifstofufólki var óbreyttur, 15 mínútur á dag miðað við dagvinnutíma, þó ekki á laugardögum.

1974 Matar- og kaffitími í dagvinnu

26. febrúar 1974 var samið um breytingu á þessu ákvæði. Ákvæðið um matartíma var óbreytt en kaffitími hjá afgreiðslufólki í dagvinnu skyldi vera 35 mínútur á dag miðað við dagvinnu. Fólk sem vann hluta úr degi, skyldi fá hlutfallslegan kaffitíma. Ákvæðið um kaffitíma á laugardögum hjá afgreiðslufólki datt út þar sem vinna á laugardögum taldist ekki lengur til dagvinnu.

1988 Matartími í dagvinnu á tímabilinu 12:00 til 14:00

27. apríl 1988 kvað miðlunartillaga ríkissáttasemjara á um að matartími á dagvinnutímabili skyldi vera á tímabilinu kl. 12:00 til 14:00. Að öðru leyti var greinin óbreytt.

2000 Matartími í dagvinnu ½ – 1 klst. – a.m.k. 5 klst. vinna

14. maí 2000 var samið við SA um að matartími á dagvinnutímabili skyldi vera ½ – 1 klst. á tímabilinu kl. 12:00 – 14:00 og teldist ekki til venjulegs vinnutíma. Réttur til hádegisverðarhlés miðist við a.m.k. 5 klst. vinnu á dagvinnutímabili.

2000 Heimilt að fella niður eða stytta kaffitíma

14. maí 2000 var samið við SA um óbreyttan kaffitíma hjá afgreiðslu- og skrifstofufólki (35 mín. og 15 mín.) en bætt við ákvæði sem segir að fella megi niður eða stytta kaffitíma með samkomlagi á vinnustað og styttest vinnutími sem því nemi.

1974 Vinna í kaffitíma greiðist sem eftirvinna

26. febrúar 1974 var samið um að ef unnið væri í kaffitíma eða hluta af honum skyldi greiða hann með eftirvinnukaupi.

1984 Vinna í matar- eða kaffitíma í dagvinnu greiðist með næturvinnu

6. nóvember 1984 var samið um að ef unnið væri í matar- eða kaffitímum á dagvinnutímabili eða hluta af þeim skyldi greiða þá með næturvinnukaupi.

1984 Fyrstu 15 mín. í eftirvinnu skal vera kaffitími, en unninn og greiddur

6. nóvember 1984 var samið um að ef eftirvinna væri unnin skyldu fyrstu 15 mínúturnar vera kaffitími en sá kaffitími skyldi jafnan unninn og greiddust þá ½ úr klst. til viðbótar vinnutíma og með sama kaupi. Þetta gilti þó ekki um reglubundna vaktavinnu sem laut sérákvæðum í þágildandi kjarasamningum.

1963 Matartími í yfirvinnu ef unnið í 3 klst. í yfirvinnu

6. febrúar 1964 kvað kjaradómur verslunarmanna upp úrskurð (gilti frá 1. október 1963) að væri yfirvinna unnin í 3 klst. eða lengur skyldi veittur 1 klst. matartími og væri hann unninn eða hluti af honum greiddist tilsvarendi lengri vinnutími.

Þetta þýddi að afgreiðslufólk fékk ekki kvöldmatartíma nema að unnið væri til kl. 21:00 á kvöldin og kl. 22:00 á föstudögum, miðað við að dagvinnan væri frá kl. 09:00 til kl. 18:00 mánudaga til fimmtudaga og til kl. 19:00 á föstudögum.

1966 Matartími í yfirvinnu ef unnið til kl. 20:00

9. mars 1966 var samið um að væri yfirvinna unnin til kl. 20:00 eða lengur skyldi veittur 1 klst. matartími sem teldist til vinnutímans og væri hann unninn eða hluti af honum greiddist tilsvarendi lengri vinnutími.

Þetta þýddi að afgreiðslufólk fékk kvöldmatartíma einni klst. fyrr en áður.

1984 Matartími í yfirvinnu kl. 19:00-20:00

6. nóvember 1984 var samið um að færa kvöldmatartímann fram og skyldi veita kvöldmatartíma á tímabilinu kl. 19:00 –20:00 sem greiddist með viðkomandi kaupi, þ.e. með eftirvinnukaupi ef unnið væri í eftirvinnu og með næturvinnukaupi ef unnið væri í nætur- og helgidagavinnu.

Væri matartíminn unninn eða hluti af honum greiddist til viðbótar vinnutímanum og með sama kaupi ein klst. og skyldi það einnig gert þótt skemur væri unnið.

1988 Matartími í yfirvinnu greiddur með yfirvinnukaupi

27. apríl 1988 kvað miðlunartillaga ríkisáttasemjara á um að greiða skyldi kvöldmatartíma með yfirvinnukaupi, í stað „eftirvinnukaupi“ eða „næturvinnukaupi“, eins og áður var kveðið á um. Er það í samræmi við að nú er öll yfirvinna greidd með yfirvinnukaupi. (1,0385% af mánaðarlaunum)

2000 Matartími í yfirvinnu greiddur með tilsvarendi lengri tíma

14. maí 2000 var samið við SA um óbreyttan kvöldmatartíma, kl. 19:00 – 20:00, en breyting á greiðslu ef hann er unninn þannig, að væri matartíminn unninn eða hluti af honum greiddist tilsvarendi lengri yfirvinna.

Dæmi: Unnið er til kl. 19:10 og skal þá greiða 20 mínútur í yfirvinnu fyrir vinnuna í matartímanum.

1987 Vinna hefst kl. 16:00 og síðar (verslun)

4. maí 1987 var gerður fastlaunasamningur vegna afgreiðslustarfa í verslunum, sem gildir frá 1. apríl 1987. Þar er kveðið á um að starfsmenn í verslunum sem mæta til vinnu kl. 16:00 eða síðar, skulu fá greiddar 5 mínútur fyrir hverja unna klst., þó að lágmarki 15 mínútur vegna neysluhléa sem ekki eru tekin. Vinni starfsmaður 4½ klst. eða lengur, á hann hins vegar rétt á óskertu 1 klst. matarhléi.

1966 Matar- og kaffitími í helgidagavinnu

9. mars 1966 var samið um að „með matar- og kaffitíma í helgidagavinnu skal fara eftir sömu reglu og um virka daga.“ Vinna á laugardögum telst ekki til helgidagavinnu fyrr en með samningunum 26. febr. 1974.

1974 Matar- og kaffitími í helgidagavinnu (og á laugardögum)

26. febrúar 1974 var samið um að bæta laugardögum við ákvæðið um matar- og kaffitíma í helgidagavinnu og er ákvæðið þannig í undirritaða samningnum: „Með matar- og kaffitíma í helgidagavinnu og á laugardögum skal fara eftir sömu reglu og um virka daga.“

Í prentuðu eintaki af samningunum er „laugardögum“ sleppt, þar sem vinna á laugardögum telst til helgidagavinnu, samanb. ákvæði í 8. gr. sama samnings.

(sjá Vinnutími – Yfirvinna, 1974)

1977 Matar- og kaffitími í næturvinnu

22. júní 1977 var samið um að í stað ákvæðisins um matar- og kaffitíma í helgidagavinnu frá 26. febr. 1974, (sjá hér á undan) komi: „Sé næturvinna unnin skal matartími vera frá kl. 03:00 til 04:00 og kaffitímar frá kl. 22:00 til 22:20 og kl. 06:15 til kl. 06:30.

Á þorláksmessu er þó heimilt að veita 20 mínútna kaffitíma á tímabilinu frá kl. 21:40 til 22:20. Ofangreindir matar- og kaffitímar teljast til vinnutíma og sé unnið í þeim greiðist tilsvarendi lengri næturvinna.“

2000 Matar- og kaffitími í dagvinnu o.fl. dettur út

22. janúar 2000 var samið við Samtök verslunarinnar-FÍs um að ákvæði um „matar- og kaffitímar í dagvinnu“, gr. 3.1.1. og 3.1.2. detti út, ásamt gr. 3.2.2. um, „vinna hefst kl. 16:00 og síðar“, (sjá ofar). Þetta er í samræmi við samkomulag um breytingar á vinnutímanum.

(sjá Vinnutími – Dagvinna)

Orlof verslunamanna – þróun frá 1946



Sigurvegarnir á Opnu VR mótinu í golfi 2003 f.v.: Kristján Hreinsson, Einar Sigurðsson, Björn H. Björnsson, (1. sæti), Guðlaug Sandra Guðlaugsdóttir, Andri Elvar Guðmundsson og Gunnar Páll Pálsson, form. VR.

1943 Lög um orlof verkamanna og sjómanna

1943 voru sett lög um orlof verkamanna og sjómanna. (lög nr. 16, 1943) Óvíst er (og raunar lítt kannað) að hve miklu leyti verslunarmenn nutu laganna frá 1943. Sterk öfl virðast ekki hafa litið á launþega í verslunarstétt sem verkalýð. Þetta á við Alþingi og stjórnvöld.

1946 Orlof 12 dagar (eftir 1 ár)

Í kjarasamningi sem launþegadeild VR gerði við vinnuveitendur þann 18. janúar 1946, er í fyrsta sinn kveðið á um sumarleyfi verslunarmanna. Í samningnum segir:

„Sumarleyfi skal vera 12 virkir dagar á ári, fyrir minnst eins árs starfstíma. Samkomulag við vinnuveitendna skal ráða, hvenær leyfið er tekið.“

1948 Orlof 12+6 = 18 dagar (eftir 1 ár og 15 ár)

3. mars 1948, var samið um að sumarleyfi skyldi vera 12 virkir dagar á ári fyrir minnst eins árs starfstíma, eins og áður. Auk þess var samið um, að eftir 15 ára starf hjá sama fyrirtæki fengi starfsmaður 6 daga frí til viðbótar og væri það tekið að vetri til.

1953 Orlof 15+3 = 18 dagar (eftir 1 ár og 12 ár)

31. desember 1952 var samið um lengingu sumarleyfis í 15 virka daga á ári fyrir eins árs starfstíma. Vetrarfríið var styttn sem nam lengingu sumaleyfisins, þannig að eftir 12 ára starf hjá sama fyrirtæki fengi starfsmaður 3 daga frí til viðbótar og væri það tekið að vetri til.

1954 Orlof 15+3 = 18 dagar (eftir 1 ár og 10 ár)

31. maí 1954 var samið um óbreytt sumarleyfi, 15 virka daga, en viðbótarfríið, 3 dagar, fengi starfsmaður eftir 10 ára (áður 12 ára) starf hjá sama fyrirtæki. Einnig var fellt niður ákvæði „og sé það tekið að vetri til.“

1955 Orlof 18+3+3 = 24 dagar (eftir 1 ár, 10 ár og 20 ár)

27. maí 1955 var samið um lengingu sumarleyfis í 18 virka daga á ári fyrir eins árs starfstíma. Eftir 10 ára starf hjá sama fyrirtæki, skyldi starfsmaður fá 3ja daga frí að auki og eftir 20 ára starf hjá sama fyrirtæki, aðra 3 daga að auki, samtals 24 daga. Einnig kom nýtt ákvæði um að viðbótarfríið skyldi tekið að vetri, nema samkomulag yrði um annað við atvinnurekanda.

1958 Orlof 18+3+3 = 24 dagar (eftir 1 ár, 10 ár og 15 ár)

22. ágúst 1958 var samið um að 3 dagar sem bættust við eftir 20 ára starf skv. fyrri samningi, yrði eftir 15 ára starf.

1961 Orlof af yfirvinnu:

14. júlí 1961 var samið um að orlofsfé skyldi vera 6% af öllu kaupi, hvort sem væri fyrir dagvinnu eða yfirvinnu. Þetta var í fyrsta sinn sem samið var um að orlof skyldi greiddast af yfirvinnu.

1963 Orlof 18+3+3 = 24 dagar (eftir 1 ár, 5 ár og 10 ár)

6. febrúar 1964 kvað kjaradómur verslunarmanna upp dóm, sem gildi frá 1. október 1963. Samkvæmt úrlausn kjardóms skyldi starfsmaður hafa þriggja daga orlof að auki eftir 5 ára starf í stað 10 ára, og aðra 3 daga eftir 10 ára starf í stað 15 ára starfs.

1965 Orlof 21+3+3 = 27 dagar (eftir 1 ár, 10 ár og 15 ár)

1. mars 1965 var samið um að lágmarks orlof skuli vera 21 virkur dagar. Eftir 10 ára starf hjá sama fyrirtæki skyldi starfsmaður hafa þriggja daga orlof að auki og eftir 15 ára starf hjá sama fyrirtæki sex daga orlof að auki.

1971 Orlof 24+3 = 27 dagar (eftir 1 ár og 10 ár)

4. desember 1971 var samið um að lágmarksorlof skyldi vera 24 virkir dagar og eftir 10 ára starf hjá sama fyrirtæki skyldi starfsmaður hafa þriggja daga orlof að auki. Hér varð sú breyting að 3 af 6 daga viðbótarorlofi bættist við lágmarksorlof.

1972 Lög um orlof – 2 dagar fyrir hvern unnin mánuð

24. desember 1971 voru sett lög um orlof, sem gilda frá 1. janúar 1972. Samkvæmt þeim skal orlof vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt, eða hann er í orlofi. Af orlofinu skal a.m.k. 21 orlofsdagur veittur á tímabilinu frá 2. maí til 15. september. Afganginn af orlofinu (3 dagar) skal veita í einu lagi, en það má veita á öðrum tíma árs.

1974 25% lengra orlof ef tekið utan venjulegs orlofstíma

26. febrúar 1974 var samið um að þeir, sem samkvæmt ósk vinnuveitanda fá ekki sumarfrí á þeim tíma, sem lög gera ráð fyrir að sumarfrí sé almennt tekið, þ.e. á tímabilinu frá 2. maí til 15. september ár hvert, skuli fá 25% lengingu á þann hluta orlofs, sem veitt er utan ofangreinds tíma, eða greiðslu sem því nemur.

1976 Veikindi í orlofi innanlands teljast ekki til orlofs

28. febr. 1976 var samið um að veikist launþegi innanlands í orlofi það alvarlega, að hann geti ekki notið orlofsins, og veikindin vari sannanlega samfellt lengur en 3 sólahringa, eigi launþegi rétt á upp-bótarorlofi jafn langan tíma og veikindin sannanlega vöruðu.

2000 Veikindi í orlofi erlendis teljast ekki til orlofs

22. janúar 2000 var samið við Samtök verslunarinnar-FÍs um að greinin um veikindi í orlofi frá 1976, sem kveður á um rétt manna sem verða veikir í orlofi innanlands, gildi einnig ef launþegi veikist erlendis það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar eða heimflutnings hans fyrr en ráð var fyrir gert.

2000 Veikindi í orlofi erlendis í 6 sólarhringa telst ekki til orlofs

14. maí 2000 var samið við SA að fullnægð starfsmaður tilkynningaskyldu um veikindin og veikindin stæðu lengur en 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins, ætti hann rétt á upp-
bótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega vöruðu.

Uppbótarorlof skyldi, eftir því sem kostur væri, veitt á þeim tíma sem launþegi óskaði á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega stæði á.

1982 Laugardagar teljast ekki með orlofi

31. desember 1982 tóku gildi lög, nr. 90, sem kveða á um að 5 fyrstu laugardagarnir í orlofi teljist ekki orlofsdagar. Þetta þýðir að orlofsdagarnir teljast frá mánudegi til og með föstudegi, eða 5 dagar í viku, og orlofið lengist sem því nemur.

Þá er kveðið á um það í lögnum að orlofið skuli veitt í einu lagi á tímabilinu frá 2. maí til 15. sept-
ember. Heimilt er í kjarasamningum stéttarféлага að kveða á um skemmra orlof á fyrrgreindu tímabili, þó að lágmarki 14 daga á sumarorlofstímabilinu, ef sérstakar rekstrarástæður gera það brýnt. Sá hluti orlofsins, sem tekinn er utan orlofstímabilsins að ósk atvinnurekandans, skal lengjast um ¼.

1995 Orlofsauki eftir 3 ár í stað 10 ár hjá nýjum vinnuveitanda

21. febrúar 1995 var samið um að starfsmaður sem öðlast hefur rétt til þriggja daga orlofs að auki við lágmarksorlof, eftir 10 ára starf hjá sama fyrirtæki, skal fá hann að nýju eftir 3ja ára starf hjá nýjum vinnuveitanda enda hafi rétturinn verið staðreyndur við ráðningu.

1997 Orlof 24+1+2 = 27 dagar (eftir 1 ár, 5 ár og 10 ár)

10. mars 1997 var samið við SA og VMS um að eftir 5 ára starf í sama fyrirtæki skal starfsmaður hafa 25 daga orlof og eftir 10 ára starf hjá sama fyrirtæki 27 daga orlof. Réttur við færslu til nýs vinnuveitanda helst óbreyttur frá samningi 1995. Heimilt er að veita orlof umfram 23 daga að vetri nema um annað semjist.

2000 SV-FÍS semur um sama orlof og aðrir

22. janúar 2000 var samið við Samtök verslunarinnar-FÍS um sama orlofsrétt og samið var við önnur samtök vinnuveitanda 10. mars 1997, nema heimilt er að veita viðbótarorlof umfram 24 daga að vetri nema um annað semjist.

2000 Orlof 24+1+3 = 28 dagar (eftir 1 ár, 5 ár og 10 ár)

14. maí 2000 var samið við SA um að frá 1. maí 2000 eykst réttur m.v. 10 ára samfelld starf í sama fyrirtæki í 28 virka daga og kemur til tóku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2001. Réttur við færslu til nýs vinnuveitanda helst óbreyttur.

2002 SV-FÍS semur um 28 daga orlof eftir 10 ár

3. júní 2002 var samið við Samtök verslunarinnar-FÍS um að þeir starfsmenn sem starfað hafa hjá sama vinnuveitanda í 10 ár, fá nú 28 daga orlof.

Orlofsheimilasjóður

1969 Orlofsheimilasjóður stofnaður 1. júlí 1969

19. maí 1969 undirrituðu fulltrúar vinnuveitenda yfirlýsingu, þar sem þeir lýstu því yfir, að þeir myndu leggja til og beita sér fyrir við samþykkingu sín, að samið verði fyrir 1. júlí 1969 um 0,25% tillag í orlofsheimilasjóði verslunarmanna.

1. september 1969 var undirritað samkomulag (Sérsamningur) við vinnuveitendur um að stofnaður yrði Orlofsheimilasjóður verzlunarfólks, sem væri eign félaga þess og undir þeirra stjórn. Vinnuveitendur greiddu til sjóðsins 0,25% af byrjunarlaunum 5. flokks í samningum milli aðila, og skyldi greiðsla hefjast miðað við 1. júlí 1969.

1970 Skattstofan beðin að annast álagningu orlofsheimilasjóðsgjalds

Á stjórnarfundum í VR 20. mars 1970, var skýrt frá beiðni VR til Skattstofunnar, að hún annist álagningu orlofsheimilasjóðsgjalds, á sama hátt og fyrir önnur stéttarfélög.

Á stjórnarfundum í VR 1. október 1970, er skýrt frá því að Skattstofan hafi samþykkt að annast álagningu orlofsheimilasjóðsgjalds og senda vinnuveitendum tilkynningu þar um. Álagningar- og innheimtuform samþykkt.

1971 Fyrsta álagning orlofsheimilasjóðsgjalds

Á stjórnarfundum í VR 22. mars 1971, er skýrt frá því að Skattstofan, sem tekið hafði að sér að annast álagningu orlofsheimilasjóðsgjalds fyrir VR, hefði lokið álagningu fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 1969. Samkvæmt skrá frá Skattstofunni er iðgjald reiknað á 1500 fyrirtæki og einstaklinga, að upphæð kr. 900.000.

1974 Auðvelda innheimtu orlofsheimilasjóðsgjalds

26. febr. 1974 undirrituðu samningsaðilar yfirlýsingu, þar sem aðilar voru sammála um að taka til gaumgæfilegrar endurskoðunar innheimtu orlofsheimilasjóðsgjalds, með það fyrir augum að auðvelda innheimtu þess.

1974 Lög um skyldu vinnuveitenda að greiða í orlofsjóði

4. mars 1974 samþykkti Alþingi lög, sem tóku gildi sama dag, sem kveða á um að öllum vinnuveitendum er skylt að greiða í orlofsjóði viðkomandi stéttarfélaga iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

1976 Greitt í Orlofsheimilasjóð af sama stofni og í lífeyrissjóð

28. febr. 1976 var samið um að vinnuveitendur greiði til Orlofsheimilasjóðs verslunarmanna 0,25% af sama launastofni og lífeyrissjóðsgjöld eru reiknuð. Einnig var samið um að viðkomandi lífeyrissjóðir annist innheimtu gjalds þessa.

Fram að þessu hefur greiðsla í Orlofsheimilasjóð verið reiknuð af byrjunarlaunum tiltekins launaflokks og því ekki nema af hluta launa.

Orlofsuppbót



Orlofshús í Miðhúsaskógi. VR á 40 orlofshús á ýmsum stöðum á landinu og 37 tjaldvagna.

1989 Orlofsuppbót

1. maí 1989 var gerður samningur um orlofsuppbót. Fastráðið starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt, með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár og var í starfi í maíbyrjun, skyldi við upphaf orlofstöku eða eigi síðar en 15. ágúst fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, kr. 6.500, miðað við fullt starf, en hlutfallslega miðað við starfshluttal og starfstíma. Full vinna skv. framansögðu er 1700 klst. í dagvinnu. Hafi launþegi færri dagvinnustundir að baki skyldi fara með það uppgjör með sama hætti og desemberuppbót.

Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær greitt kaup eða hann er í orlofi.

Á orlofsuppbót greiðist ekki orlof, né heldur myndar hún stofn fyrir yfirvinnu.

1993 Orlofsuppbót fest í samninga

21. maí 1993 voru gerðir samningar þar sem orlofsuppbót var fest í samninga. Fram að þessu, allt frá 1989, þurfti við hverja samningagerð, að semja um að ákvæðið um orlofsuppbót yrði áfram í kjarasamningum.

2000 Orlofs- og desemberuppbót sameinuð – samningur við SV-FÍS

Allt frá 1989 hefur orðið allnokkur hækkun á orlofsuppbót og á desemberuppbót frá 1984, samkvæmt samningum sem gerðir hafa verið á tímabilinu.

22. janúar 2000 var samið við Samtök verzlunarinnar – FÍS um að fella niður ákvæðið um orlofsuppbót og hækka desemberuppbótina sem því nemur og var samið um kr. 40.000 miðað við fullt starf. Einnig er heimilt að greiða hana með 12 jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

Sjá desemberuppbót, gr. 1.4.

2000 Orlofsuppbót – samningur við SA

14. maí 2000 var samið við SA um að orlofsuppbót á árinu 2000 skyldi vera kr. 9.400 (og desemberuppbót kr. 28.200).

2001 Orlofsuppbót – hækkun – samningur við SA

7. mars 2001 samdi VR við SA á grundvelli endurskoðunarákvæðis í kjarasamningi aðila frá 14. maí 2000, um breytingar á orlofsupphæð í kjarasamningi aðila. Samkvæmt því verður orlofsuppbót þannig:

Frá 1. maí 2001 kr. 15.000 (desemberuppbót kr. 40.000)

Frá 1. maí 2002 kr. 15.300 (do. kr. 41.000)

Frá 1. maí 2003 kr. 15.400 (do. kr. 42.000)

Ráðningarsamningar, ráðningarbréf



1. maí ganga 1992.

1995 Bókun, viðræður um ráðningarsamninga

21. febrúar 1995 var samhliða gerð kjarasamnings gerð bókun, þar sem aðilar eru sammála um, að hefja nú þegar viðræður um gerð leiðbeininga um efni formlegra staðfestingar á ráðningarkjörum og/eða ráðningarsamninga sem launþegar eiga tilkall til skv. reglum evrópska efnahagssvæðisins.

1997 Ráðningarsamningur innan tveggja mánaða

1. mars 1997 gerði VR kjarasamning við Félag Ísl. Stórkaupmanna sem kveður á um að við fastráðningu á starfsmaður rétt á skriflegum ráðningarsamningi er greini laun hans og önnur ráðningarkjör. Sé um fyrirtækjasamning að ræða, skal hlutdeildar hans í ráðningarkjörum getið sérstaklega. Þeir starfsmenn, sem ekki hafa fengið skriflegan ráðningarsamning, geta óskað eftir skriflegri staðfestingu ráðningarkjara.

1997 Ráðningarsamningar, ráðningarbréf

10. mars 1997 gerði VR samning við SA og VMS um gerð skriflegs ráðningarsamnings, eða að ráðning skyldi staðfest skriflega, væri starfsmaður ráðinn til lengri tíma en eins mánaðar, og skyldi það gert eigi síðar en tveim mánuðum eftir að starf hæfist.

Breytingar á ráðningarkjörum umfram það sem leiðir af lögum eða kjarasamningum skyldi staðfesta með sama hætti eigi síðar en mánuði eftir að þær koma til framkvæmda.

Að öðru leyti var vísað til samkomulags VSÍ/VMS og ASÍ, frá 10. apríl 1996, um skriflega staðfestingu ráðningar.

Sjúkrasjóður



EIR, hjúkrunar- og umönnunarheimili í Grafarvogi tók til starfa 1993. Sjúkrasjóður VR veitti fé í byggingu þessa húss. Tugir félagsmanna VR hafa fengið umönnun á heimilinu á undanförunum árum.

1971 Krafa VR um 1% greiðslu í sjúkrasjóð

27. september 1971 gerði VR kröfu um að við 12. gr. í kjarasamningi VR, sem kveður á um greiðslur vinnuveitenda í veikindaföllum bætist: „Vinnuveitendur greiði í sjúkrasjóð VR, sem svarar til 1% af útborguðum launum starfsfólks, til að standa straum af veikinda- og sjúkrakostnaði“. Mörg önnur stéttarfélag höfðu samið um greiðslu vinnuveitenda í sjúkrasjóði og voru með ákvæði í sínum samningum, sem kváðu á um það.

Vinnuveitendur höfnuðu þessari kröfu VR með þeim rökum að samningar verslunarmanna gengu mun lengra en samningar flestra annarra stéttarféлага um beinar greiðslur vinnuveitenda í veikindatílfellum.

1974 Greiðslur í veikindaföllum endurskoðaðar – yfirlýsing

VR endurnýjaði kröfuna um greiðslu í sjúkrasjóð við kröfugerð þann 1. nóvember 1973. Ekki tókst að fá vinnuveitendur til að samþykkja kröfu VR við samningagerðina þann 26. febr. 1974. En þó var skref stigið með því að samningsaðilar undirrituðu yfirlýsingu, þar sem segir að „aðilar eru sammála um að skipa nefnd, sem hafi það verkefni á gildistíma samningsins að athuga möguleika á breyttu fyrirkomulagi á greiðslu launa í veikindaföllum. Við hugsanlega fyrirkomulagsbreytingu verði tryggt, að verzlunar- og skrifstofufólk búi eigi við lakari kjör en félagsfólk almennra stéttarféлага varðandi greiðslu í veikindatílfellum.“

1974 Lög um skyldugreiðslu í sjúkrasjóði

4. mars 1974 samþykkti Alþingi lög um starfskjör launþega o.fl., sem gilda frá sama degi. Lögin kveða á um að öllum vinnuveitendum er skylt að greiða í sjúkrasjóði viðkomandi stéttarféлага iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

Þessi ákvæði voru ekki í kjarasamningi VR eða annarra verslunarmannaféлага og náðu því ekki til þeirra. Samningar verslunarmanna gengu hins vegar lengra en samningar flestra annarra féлага um beinar greiðslur vinnuveitenda í veikindatílfellum og notuðu samtök vinnuveitenda það gegn kröfu VR um greiðslu í sjúkrasjóð.

1979 VR fær aðild að sjúkrasjóði skv. lögum

1. júlí 1979 var vinnuveitendum gert skylt, samkvæmt lögum nr. 19/1979, að greiða 1% af útborguðum launum í sjúkrasjóð vegna verslunarfólks, eins og annarra launþega í stéttarfélagum innan ASÍ.

VR gerði samkomulag við Kjararáð verzlunarinnar og Vinnuveitendasamband Íslands um að greiðslur í sjúkrasjóðinn skyldu hefjast frá og með 1. júlí 1979 og innheimtan færi fram á vegum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, með sama hætti og iðgjöld til Lífeyrissjóðsins.

24. september 1979 voru starfsreglur fyrir framkvæmdastjórn sjúkrasjóðsins samþykktar í stjórn VR. Greiðslur úr sjóðnum hófust þann 1. október 1979 og voru greiddar bætur að upphæð kr. 8,8 millj. Gkr. á árinu 1979. Iðgjaldatekjur sjóðsins 1979 (½ ár) voru kr. 54,1 millj. Gkr.

Stórhátíðardagar



Frídagur verslunarmanna var fyrst haldinn 14. september 1894. Þessi mynd er tekin á frídegi verslunarmanna 1896, hornaflokkur á Lækjartorgi.

1988 Stórhátíðardagar

27. apríl 1988 kvæð sáttatillaga ríkissáttasemjara á um að eftirtaldir dagar teldust stórhátíðardagar: Nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, jóladagur og eftir kl. 12:00 á aðfangadag og gamlársdag.

1997 Frídagur verslunarmanna – stórhátíðardagur

Samkvæmt prentuðum kjarasamningi VR og FÍS, sem gildir frá 1. mars 1997, telst frídagur verslunarmanna til stórhátíðardaga.

2000 Frídagur verslunarmanna – stórhátíðardagur

14. maí 2000 var samið við SA um að frídagur verslunarmanna teldist til stórhátíðardaga. (Sjá Vinnutími – yfirvinna og yfirvinnuálag).

Trúnaðarmenn á vinnustöðum



Trúnaðarmenn á vinnustöðum á námskeiði hjá VR.

1977 Starfsmönnum heimilt að kjósa trúnaðarmann

22. júní 1977 var samið um að starfsmönnum væri heimilt að kjósa trúnaðarmann/menn á vinnustöðum. Allýtarleg ákvæði eru um verksvið trúnaðarmanna:

Kjósa eða tilnefna 1-2 trúnaðarmenn

Kjósa eða tilnefna má einn trúnaðarmann þar sem starfa 5 til 50 starfsmenn og tvo séu starfsmennirnir fleiri.

Kjörtími 2 ár

Trúnaðarmenn eru kosnir eða tilnefndir til tveggja ára í senn.

Laun skerðast ekki

Trúnaðarmönnum er heimilt í samráði við verkstjóra að verja tíma til starfa fyrir vinnufélaga eða stéttarfélag og laun skulu ekki skert af þeim sökum.

Læst hirsla

Trúnaðarmaður skal hafa aðgang að læstri hirslu á vinnustað og aðgang að síma í samráði við verkstjóra.

Fundir með starfsfólki

Trúnaðarmanni skal heimilt að boða til fundar með starfsfólki tvisvar sinnum á ári á vinnustað í vinnutíma. Fundurinn hefjist einni klst. fyrir lok dagvinnutíma, eftir því sem við verður komið.

Námskeið

Trúnaðarmönnum skal gefinn kostur á að sækja námskeið, sem miða að því að gera þá hæfari í starfi, og skulu þeir halda dagvinnutekjum í allt að eina viku á ári, enda sé námskeiðið viðurkennt af fastanefnd aðila vinnumarkaðarins. Þetta gildir þó aðeins fyrir einn trúnaðarmann frá hverju fyrirtæki á ári.

1997 Námskeiði fyrir trúnaðarmenn breytt

10. mars 1997 var samið um breytingu á ákvæði um námskeið fyrir trúnaðarmenn. Breytingin felst í því, að hver trúnaðarmaður á rétt á að sækja eitt námskeið á ári. Í fyrirtækjum þar sem starfa fleiri en 15 starfsmenn skulu trúnaðarmenn halda dagvinnutekjum í allt að tvær vikur á fyrsta ári. Þetta gildir fyrir einn trúnaðarmann á ári í hverju fyrirtæki séu starfsmenn 5-50 en tvo trúnaðarmenn séu starfsmenn fleiri en 50.

Tryggingar



1961 Ferðaslysáttrygging kr. 300.000

14. júlí 1961 var samið í fyrsta sinn um ferðaslysáttryggingu, að upphæð kr. 300.000.

1963 Ferðaslysáttrygging kr. 500.000

13. desember 1963 var samið um að ferðaslysáttrygging skyldi hækka upp í kr. 500.000.

1970 Ferðaslysáttrygging gagnvart dauða og örorku kr. 1.200.000

2. júlí 1970 var samið um að ferðaslysáttrygging skyldi hækka í kr. 1.200.000 og textanum breytt þannig, að aftan við orðið ferðaslysáttrygging kom „gagnvart dauða og örorku.“

1971 Ferðaslysáttrygging við dauða 1.200.000 og varanlega örorku 2.000.000

4. desember 1971 var samið um að ferðaslysáttrygging vegna dauða skyldi vera minnst kr. 1.200.000 og varanlegrar örorku minnst kr. 2.000.000. (Orðið varanleg bættist framan við örorku).

1974 „100% varanleg örorka“

26. febr. 1974 var bætt við ákvæðið um varanlega örorku og kveðið á um að „örorkubótaupphæðin 2 millj. kr. á við bætur fyrir 100% varanlega örorku, en fyrir lægri varanlega örorku komi sami hundrads-hluti af 2 millj. kr. eins og örorkan er metin.“

1974 Dánarbætur ef starfsmaður er yngri en 15 ára

26. febr. 1974 var samið um að ef starfsmaður væri yngri en 15 ára, yrði dánarbótaupphæðin 500.000.

1974 Mörg ný ákvæði um tryggingar

26. febr. 1974 var samið um viðtækari tryggingarvernd og skilgreiningu á einstökum þáttum, sem hér fara á eftir:

Vátryggðir allan sólahringinn

Þeir sem starfs síns vegna þurfa að vinna utan samningssvæðis og vera um nætursakir utan síns heimilis, skulu vera í vátryggingu allan sólahringinn.

Tryggingarskylda vegna slyss í starfi, á leið í og frá vinnu

Vinnuveitanda er skylt að tryggja launþega fyrir dauða eða varanlegri örorku af völdum slyss í starfi eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis.

Dánarslysabætur verða:

1. Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn og hefur ekki séð fyrir öldruðu foreldri (67 ára eða eldri) kr. 200.000.
2. Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 17 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum (67 ára eða eldri) kr. 500.000.
3. Ef hinn látni var giftur, bætur til maka kr. 700.000.
4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn (kjörbarn, fósturbarn) innan 17 ára aldurs, fyrir hvert barn kr. 100.000.

Bætur greiðast aðeins skv. einum af tölulíðum nr. 1, 2, eða 3. Til viðbótar með tölulíðum nr. 2 og 3 geta komið bætur skv. tölulíð 4.

1974 Tjón á fatnaði og munum af völdum vinnuslysa

26. febr. 1974 var samið um að ef starfsmaður verði fyrir tjóni á fatnaði og munum, svo sem gleraugum, úrum o.s.frv., af völdum vinnuslysa, skal það bætt að fullu. Sama gildir ef starfsmaður verður fyrir fatatjóni af völdum kemiskra efna.

1977 Tjón á fatnaði og munum við vinnu

22. júní 1977 var samið um breytingu á greininni um bætur vegna tjóns á fatnaði o.fl. frá 26. febr. 1974, gr. 19. (sjá framfarar) Nú kveður greinin á um að verði verkamaður sannanlega fyrir tjóni á algengum nauðsynlegum fatnaði og munum við vinnu, svo sem úrum og gleraugum o.s.frv., skal það bætt skv. mati.

Slík tjón verða einungis bætt, ef þau verða vegna óhappa á vinnustað. Ekki skal bæta slíkt tjón, ef það verður vegna gáleysis eða hirðuleysis verkamanna.

1974 Tryggingaupphæðir breytast einu sinni á ári m.t.t. verðlagsþróunar

26. febr. 1974 var samið um að á samningstímabilinu skuli endurskoða, miðað við áramót, váttryggingaupphæðir með tilliti til verðlagsþróunar.

1977 Tryggingaupphæðir breytast tvisvar á ári m.t.t. verðlagsþróunar

22. júní 1977 var samið um að tryggingaupphæðir verði endurskoðaðar tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí og hækki þá sem nemur breytingum á framfærsluvísitölu. Í prentuðum samningi VR/VSÍ 1997 er sagt að breyting verði skv. breytingum á vísitölu neysliverðs m.v. maí og nóvember ár hvert. (gr.8.6.7.)

1976 Tryggingaupphæðir tvöfaldast

28. febr. 1976 var samið um að ferðaslysatrygging vegna dauða hækkaði úr 1.200.000 í 2.400.000, vegna 100% varanlegrar örorku hækkaði úr 2.000.000 í 4.000.000 og dánarbætur yngri en 15 ár hækkuðu úr 500.000 í 600.000.

1977 Dánarslysabætur hækka

22. júní 1977 var samið um að dánarslysabætur hækkuðu allar verulega frá því sem getið er hér að ofan og gildi frá 26. febr. 1974.

1977 Ferðaslysatrygging hækkar um 30%

22. júní 1977 var samið um að ferðaslysatrygging hækkaði um 30%.

2000 Grundvöllur slysatryggingar skv. gr. 8.6. breytist

14. maí 2000 var samið við SA um breytingar á grundvelli slysatryggingar skv. gr. 8.6.3., 8.6.4., 8.6.5. og 8.6.6., sem hér fara á eftir:

Dánarslysabætur, gr. 8.6.3., sem greindar eru í fjórum liðum í samningum 26. febr. 1974 „Dánarslysabætur hækka“, verða þannig frá 1. júní 2000:

1. liður kr. 400.000.
2. liður kr.1.825.877.
3. liður kr. 2.493.533.
4. liður kr. 479.952.

Bætur vegna varanlegrar örorku

Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við váttryggingarfjárhæðina kr. 4.363.636, þó þannig að hvert örorkustig 26-50 verkar tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100% verkar fjórfalt. (var þrefalt).

Bætur fyrir 100% örorku eru því kr. 12.000.000

Bætur vegna tímabundinnar örorku

Dagpeningar kr. 9.916 á viku, (var kr. 5.810) greiðist fjórum vikum frá því slys átti sér stað og þar til hinn slasaði verður vinnufær eftir slysið, en þó ekki lengur en í 48 vikur. Við dagpeninga þessa bætast kr. 1.323 á viku (var kr. 775) fyrir hvert barn undir 17 ára aldri, sem er á framfæri hins slasaða.

Uppsagnir



Félagsfundur um kjaramál 26. nóv. 1991.

1955 Starfsuppsögn 3 mán. – reynslutími 1-3 mán.

27. maí 1955 var samið um að starfsuppsögn af beggja hálfu skyldi vera þrjú mánuðir að reynslutíma loknum, en hann skyldi vera 1-3 mánuðir eftir samkomulagi. Uppsögnin skal vera skrifleg og bundin við mánaðamót.

1963 Reynslutími allt að 3 mánuðir

6. febr. 1964 kvað kjaradómur verslunarmanna á um að ákvæðið um reynslutíma skyldi breytast þannig að í stað „en hann skal vera 1-3 mánuðir eftir samkomulagi“, komi: „en hann skal vera allt að 3 mánuðir.“

1974 Starfsuppsögn ein vika – einn mánuður – þrjú mánuðir

26. febr. 1974 var samið um að starfsuppsögn skyldi af beggja hálfu vera ein vika á fyrstu þrem mánudum, sem er reynslutími, en að honum loknum skyldi uppsagnarfrestur vera einn mánuður á næstu þremur mánuðum. Eftir sex mánaða starf skyldi uppsagnarfrestur vera þrjú mánuðir.

1990 Starfsuppsögn eftir 10 ára starf

1. febrúar 1990 var samið um að væri starfsmanni sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára samfelld starf hjá sama fyrirtæki, væri uppsagnarfrestur 4 mánuðir ef starfsmaður væri orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann væri orðinn 60 ára og 6 mánuðir þegar hann væri orðinn 63 ára.

Starfsmaður geti hins vegar sagt upp starfi sínu með 3ja mánaða fyrirvara.

1992 Hópuþsagnir

26. apríl 1992 var gert samkomulag (miðlunartillaga ríkissáttasemjar) um hvernig standa skyldi að hópuþsögnum. M.a. segir að samningsaðilar séu sammála um að æskilegt sé að uppsagnir beinist einungis að þeim starfsmönnum, sem ætlunin er að láti af störfum, en ekki öllum starfsmönnum eða hópum starfsmanna. Í ljósi þess gerðu aðilar með sér samkomulag um gildissvið, sem kveður á um til hverra hópuþsagnir ná, fjölda starfsmanna í fyrirtæki o.s.frv. Einnig að samráð skuli haft við trúnaðarmenn viðkomandi stéttarféлага og um framkvæmd hópuþsagna.

Útkall



Samningafundur 18. febrúar 1986. Ræðst við í fundarhléi. F.v.: Björn Þórhallsson, Víglundur Þorsteinsson, Gunnar Friðriksson og Magnús L. Sveinsson.

1963 Útkall 2 klst. í yfirvinnu

6. febrúar 1964 kvað kjaradómur verslunarmanna, (gildir frá 1. október 1963) á um að þegar starfsmaður er kvaddur til vinnu, sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, skal greitt yfirvinnukaup í að minnsta kosti 2 klst., nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan tveggja klst.

1971 Útkall 4 klst. í yfirvinnu eftir kl. 24:00

4. desember 1971 var samið um viðbót við fyrra ákvæði, þess efnis, að ef starfsmaður er kvaddur til vinnu eftir kl. 24:00, þá skal greiða 4 klst. á yfirvinnukaupi, nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan tveggja klst.

1976 Útkall 4 klst. í yfirvinnu

28. febrúar 1976 var samið um breytingu á greiðslu yfirvinnu, þegar starfsmaður er kallaður til vinnu sem er ekki í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans. Greiða skal að minnsta kosti 4 klst. í yfirvinnu bæði fyrir og eftir miðnætti, nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan tveggja klst.

Veikindadagar



1955 Greiddir veikindadagar 1, 42 og 90 dagar

27. maí 1955 var samið um eftirfarandi launagreiðslur til starfsmanna í veikindaforföllum.

Á fyrsta ári einn dag fyrir unninn mánuð.

Eftir eins árs starf, sex vikna laun.

Eftir 10 ára starf, þriggja mánaða laun.

1963 Greiddir veikindadagar 1, 45, 90 og 135 dagar

6. febr. 1964 kvað kjaradómur verslunarmanna, (gildir frá 1. október 1963) upp dóm um að greiðslur í veikindaforföllum skyldu vera þannig:

Á fyrsta ári 1 dagur fyrir hvern mánuð.

Eftir eins árs starf 1½ mánaðarlaun á hverjum 12 mánuðum.

Eftir 5 ára starf 3ja mánaða laun á hverjum 12 mánuðum.

Eftir 10 ára starf 3ja mánaða full laun og 3ja mánaða hálf laun á hverjum 12 mánuðum.

Þetta er allt miðað við störf hjá sama vinnuveitanda.

1966 Greiddir veikindadagar 1, 60, 120 og 180 dagar

9. mars 1966 var samið um auknar greiðslur í veikindatilfellum, þannig:

Á fyrsta ári 1 dag fyrir hvern mánuð.

Eftir eins árs starf 60 daga á hverjum 12 mánuðum.

Eftir 5 ára starf 120 daga á hverjum 12 mánuðum.

Eftir 10 ára starf 180 daga á hverjum 12 mánuðum.

Þetta er allt miðað við störf hjá sama vinnuveitanda.

1970 7 dagar greiddir vegna slyss í vinnu eða á leið til eða frá vinnustað

2. júlí 1970 var samið um að slasist starfsmaður vegna vinnu eða flutnings til og frá vinnustað, skal hann halda óskertu kaupri eigi skemur en 7 virka daga, þrátt fyrir ákvæði um greiðslu á fyrsta starfsári, 1 dag fyrir hvern mánuð.

1971 Greiddir veikindadagar: 1 dagur, 2 mánuðir, 4 mánuðir, 6 mánuðir

4. desember 1971 var samið um að ákvæði um greiðslur í veikindaforföllum breytist þannig, að „60 dagar“ breytist í „2 mán.“, „120 dagar“ breytist í „4 mán.“, „180 dagar“ breytist í „6 mánuði.“

1974 Réttindi flytjast með starfsmanni milli fyrirtækja

26. febrúar 1974 var samið um að starfsmaður, sem áunnið hefur sér réttindi til 4 eða 6 mánaða launagreiðslna í veikindaforföllum hjá síðasta vinnuveitanda og skiptir um vist, skyldi eiga rétt til launagreiðslna um eigi skemmri tíma en í 2 mánuði á hverjum 12 mánuðum.

1976 Vinnuslys – sjúkrakostnaður

28. febrúar 1976 var samið um að í hverju vinnuslysa- eða atvinnusjúkdómatilfelli, sem orsakast við vinnuna eða af henni, greiði viðkomandi vinnuveitandi laun fyrir dagvinnu í allt að 4 vikur skv. þeim texta, sem launþegi er á, þegar slys eða sjúkdóm ber að, enda gangi dagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins og/eða sjúkrasamlögum vegna þessara daga til vinnuveitanda.

Vinnuveitandi kosti flutning hins slasaða til heimilis eða sjúkrahúss og endurgreiði honum eðlilegan útlagðan sjúkrakostnað í allt að 4 vikur í hverju tilfelli, annan en þann, sem sjúkrasamlag og/eða almannatryggingar greiða.

1979 Lög um greiðslur vegna sjúkdóms- og slysaforfalla

Með lögum nr. 19, 1. maí 1979, voru greiðslur í sjúkdóms- og slysaforföllum auknar verulega. Í stað greiðslu í 4 vikur, (sjá ofar, samning frá 28. febr. 1976, 1. mgr.) skal launþegi fá greidd laun fyrir dagvinnu í allt að 3 mánuði.

2000 Vinnuslys – sjúkrakostnaður – breyting

22. janúar 2000 var samið við Samtök verslunarinnar-FÍs um breytingu á ákvæðum frá 28. febrúar 1976 um sjúkrakostnað, (sjá ofar 2. mgr.) þannig, að orðin „í allt að 4 vikur“ falli brott. Einnig var samið um að aftan við orðið „almannatryggingar“ í síðustu setningu, bættist: „eða slysatrygging launþega.“

Einnig var samið við Samtök verslunarinnar-FÍs þann 22. janúar 2000, að í grein 7.1.2. (sjá ofar, lög frá maí 1979, gr. 7.2.) um greiðslu launa í 3 mánuði vegna vinnuslyss, að orðin“fyrir dagvinnu...” falli brott.

2000 Vinnuslys – „í allt að 4 vikur“ falli brott

14. maí 2000 var samið við SA um að orðin „...í allt að fjórar vikur...” í samningunum frá 28. febrúar 1986, falli brott.

1986 Fjarvera vegna veikra barna

26. febrúar 1986 var samið um að foreldri skyldi heimilt að verja samtals 7 vinnudögum á hverju tólf mánaða tímabili, til aðhlyningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, yrði annarri umönnun ekki komið við og halda dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við.

1986 Fjarvera vegna veikra barna – breyting

6. desember 1986 var samið um að á eftir orðunum „foreldri skal...” í samningnum 26. febr. 1986, (sjá ofar) um fjarvistir vegna veikra barna, komi orðin: „...eftir fyrsta starfsár...”

1989 Með foreldri er átt við fósturforeldri eða forráðamann

1. maí 1989 var samkomulag um bókun sem sagði að „með vísan til reglna um greiðslur vegna veikinda barna, er það sameiginlegur skilningur aðila, að með foreldri sé einnig átt við fósturforeldri eða forráðamann, sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldris.“

2000 Fjarvera vegna veikra barna – réttur aukinn

14. maí 2000 var gerður samningur við SA um aukinn rétt foreldis vegna veikra barna. Við fyrri ákvæði, frá 26. febrúar 1986 með breytingu 6. desember 1986, var bætt, að eftir eins árs starf hjá

sama vinnuveitanda væri foreldrum með sama hætti heimilt að verja samtals 10 vinnudögum til aðhlyningar börnum sínum undir 13 ára aldri.

Þá var bókunin frá 1. maí um sameiginlegan skilning að með foreldri sé einnig átt við fósturforeldri o.s.frv., gerð að ákvæði í samningnum.

Leyfi frá störfum af óviðráðanlegum ástæðum

14. maí 2000 var auk ákvæðis um fjarveru vegna veikra barna, samið um að starfsmaður eigi rétt á leyfi frá störfum þegar um óviðráðanlegar (force majeure) og brýnar fjölskylduástæður væri að ræða vegna sjúkdóms eða slyss sem krefðust tafarlausrar nærveru starfsmanns. Í slíkum tilfellum á starfsmaður ekki rétt á launum frá atvinnurekanda.

Verkföll sem VR hefur farið í



Fundur í Sjálfstæðishúsinu 13. des. 1963. Húsið þéttskipað og stóð fólk út á Austurvöll, þegar mest var. Fyrsta verkfalli er VR efndi til var lokið.

1963 10.-13. desember, – 4 dagar – allsherjarverkfall, ótímabundið

Þann 10. desember 1963 fór VR í allsherjarverkfall, ótímabundið, ásamt flestum öðrum verslunarmannafélögum á landinu. Verkfallið stóð í 4 daga og lauk að kvöldi 13. desember, þegar samningar höfðu tekist um mikilvæg atriði, eins og flokkaskipan, aðildarskyldu, ákvæði um afgreiðslutíma verslana verði óbreytt, 10% launhækkun, sem fyrirfrangreiðsla á mánuði fyrir október, nóvember og desember 1963. Þá var samið um að vísa þeim atriðum til kjaradóms, sem ekki hafði náðst endanlegt samkomulag um, þar á meðal laun, orlof, vinnutíma og greiðslur í veikindaforföllum. Samningurinn og úrskurður kjaradóms gildir frá 1. október 1963. Kjaradómur var skipaður 7 mönnum, tveim frá hvorum deiluaðila og þrem tilnefndum af hæstarétti. Kjaradómur lauk störfum 6. febr. 1964.

Þetta vannst m.a:

1. Laun hækkuðu að meðaltali um 43%.
2. Launajöfnun í öllum flokkum nema einum.
3. Vinnuvikan styttist um 2 klst. hjá afgreiðslufólki og 1-3 klst. hjá skrifstofufólki.
4. Gjörbreytt flokkaskipan, mörg ný starfsheiti.
5. Næturvinna hófst nú kl. 20:00 í verslunum í stað 3 klst. eftir lokun, sem gat verið kl. þrjú að nóttu (eftir þorláksmessu).
6. Helgidagavinna hófst nú strax að lokinni dagvinnu á laugardögum.
7. Byrjuð $\frac{1}{4}$ klst. í yfirvinnu telst sem $\frac{1}{4}$ klst.
8. Útkall reiknast minnst 2 klst.
9. Greiðslur í veikindaforföllum jukust.
10. Aðildarskylda.
11. Ákvæði um frídaga í fyrsta sinn, frí allan 1. maí tryggt.

1966 3.-5. mars, – 3 dagar – VR eitt félag í verkfalli – aðild að atvinnuleysistrygginga-sjóði

Þann 3. mars 1966 fór VR, eitt félag, í verkfall. Meðal krafna, sem barist var fyrir, var aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði. Þetta var verkfall að hluta, sem kom til framkvæmda hjá öllum kjöt- og nýlenduvöruverslunum á félagssvæði VR, dagana 3. til 5. mars að báðum dögum meðtöldum og allsherjarverkfall var boðað frá og með 14. mars hefðu samningar ekki tekist fyrir þann tíma. Til þess kom ekki því að morgni 9. mars 1966 tókust samningar við vinnuveitendur, og 10. mars staðfesti félags-

málaráðherra, Eggert G. Þorsteinsson, með bréfi til VR, að ríkisstjórnin myndi beita sér fyrir því, að verslunar- og skrifstofufólk öðlaðist aðild að atvinnuleysisstryggingum frá og með 1. janúar 1967, með sama rétti og aðrir þeir hafa, sem eiga aðild að sjóðnum.

Þetta vannst m.a.:

1. Aðild að Atvinnuleysisstryggingasjóði.
2. Vinnuvikan styttist úr 46 klst. í 44 klst. hjá afgreiðslufólki.
3. Flokkaskipan lagfærð, sem leiddi til launahækkana.
4. 5% grunnkaupshækkun.
5. Verslunum lokað kl. 12 á hádegi á laugardögum allt árið.
6. Aukavinna í desember framvegis greidd með yfirvinnukaupi.
7. Ekki lengur skylt að vinna 10 mínútur eftir lokun án sérstakrar greiðslu.
8. Greiðslur í veikindaforföllum hækkðu um 33%.

1969 10.-11. apríl – 2 dagar – allsherjarverkfall

Dagana 10. og 11. apríl 1969 fór VR ásamt öllum helstu stéttarfélögum í Reykjavík og nágrenni í allsherjarverkfall. Samningar tókust ekki og upp úr því hófust skæruverkföll, sem flest stærri verkalýðsfélög á suðvesturlandi tóku þátt í. Vinnuveitendur gripu nú til þess ráðs að boða verkþann hjá iðnfyrirtækjum og fyrirtækjum í járníðnaði. Sjá vinnustöðvun VR 6.-19. maí 1969.

1969 6.-- 9. maí – 14 dagar – verkfall afgreiðslu- og útkeyrslum. iðnfyrirtækja

Nokkru eftir að vinnuveitendur höfðu boðað verkþann hjá iðnfyrirtækjum og í járníðnaði, (sjá að ofan, verkfall 10-11. apríl) boðaði VR og Dagsbrún verkfall allra afgreiðslu- og útkeyrslumanna svo og afgreiðslubann á öll iðnfyrirtæki í Félagi ísl. iðnrekenda og öll fyrirtæki í járníðnaði í Meistarafélagi járníðnaðarmann. Verkfallið og afgreiðslubannið tók gildi 6. maí og stóð þar til samningar tókust þann 19. maí 1969.

Helstu atriði samkomulagsins:

1. Verðlagsuppbót á laun.
2. Skylduaðild að lífeyrissjóðum á félagsgrundvelli.
3. Fyrirheit um tillag í orlofsheimilásjóð verslunarmanna.

1971 22. maí-15. júlí – yfirvinnubann í verslunum – ótímabundið

Þann 22. maí 1971 kom til framkvæmda yfirvinnubann í öllum verslunum, sem hafa opið lengur en til kl. 18:00 mánudag til fimmtudags, kl. 19:00 á föstudögum og kl. 12:00 á laugardögum. Hér var fyrst og fremst um matvöruverslanir að ræða.

Ekki er fullkomin vissa hvenær yfirvinnubanninu var aflétt, en skv. fundargerðum stjórnar VR 9. og 24. júní og 19. ágúst 1971, var ákveðið að aflétta því ekki fyrr en reglugerð um afgreiðslutíma verslana hefði verið afgreidd í Borgarstjórn Reykjavíkur. Það var gert þann 15. júlí 1971. Gera verður því ráð fyrir að yfirvinnubannið hafi staðið til og með 15. júlí 1971.

1973 4. desember – 1 dagur – yfirvinnubann í Hagkaup – ótímabundið

Þann 4. desember 1973 boðaði VR ótímabundið yfirvinnubann í verslunum Hagkaupa, þar sem Hagkaup neitaði að gerast aðili að samningi, sem VR hafði gert við samtök vinnuveitenda 26. nóvember 1973, um afgreiðslutíma verslana í desember. Hagkaup (Ingi R. Helgason, e.u.) undirritaði samning við VR þann 5. desember 1973 og kom yfirvinnubannið því ekki til framkvæmda nema einn dag.

1974 19.-26. febrúar – 8 dagar – allsherjarverkfall – VR eitt félag í Reykjavík

Dagana 19.-26. febrúar 1974, fór VR í allsherjarverkfall, sem stóð í 8 daga, eða þar til samningar voru undirritaðir. VR fór eitt félag í Reykjavík í verkfall. ASÍ beindi því til aðildarfélaga, að hætta við fyrirhugað verkfall og ganga að því samningstilboði, sem lá fyrir. Á fundi í trúnaðarmannaráði VR þann 18. febrúar, var ákveðið að boðað verkfall kæmi til framkvæmda, þar sem ekkert tilboð lá fyrir frá vinnuveitendum er nálgæðist viðunandi samningsgrundvöll.

Samningar tókust 26. febrúar 1974.

Helstu atriði samkomulagsins:

1. Launahækkun að meðaltali um 24% (skv. útr. Kjarar.s.n.).
2. Aukin tryggingavernd.
3. Mikilsverðar yfirlýsingar um endurskoðun á mörgum kjarabáttum.

1976 17.-28. febrúar – 12 dagar – allsherjarverkfall

Dagana 17.-28. febrúar 1976 fór VR í allsherjarverkfall, sem flest verkalýðsfélög á landinu tóku þátt í. Þetta er lengsta verkfall sem VR hefur háð. Þegar samningar voru undirritaðir 28. febrúar, höfðu samningaviðræður staðið í þrjú mánuði.

Helstu atriði samninganna:

1. Launahækkun á samningstímanum til 1.5 1977 að meðaltali 26-30%.
2. Kaupmáttur tryggður eigi lægri en árið 1975, þetta voru því varnarsamningar.
3. Breyting á launaflokkum, sem gaf afgreiðslufólki allt að 10% launahækkun.
4. Vinna á laugardögum reiknaðist 4 klst. í næturvinnu, þó skemur væri unnið.
5. Tryggingaupphæðir tvöfölduðust.
6. Greiðsla vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma jókst úr 1 viku í 4 vikur.
7. Veikindi í orlofi innanlands töldust ekki til orlofs.
8. Heimilt að innheimta félagsgj. VR með iðgj. lífeyrissjóðs.
9. Iðgjald til Orlofssjóðs hækkaði, varð af sama stofni og iðgj. til lífeyrissjóðs í stað byrjunarlauna 3. launaflokks.

1977 4. maí – 21. júní – allsherjaryfirvinnubann – ótímabundið

Trúnaðarmannaráð VR boðaði ótímabundið allsherjar yfirvinnubann frá og með miðvikud. 4. maí 1977. Samninganefnd ASÍ, sem fulltrúi VR átti sæti í, hafði samþykkt að óska eftir að aðildarfélög ASÍ boðuðu yfirvinnubann, til að þrýsta á samningagerð.

Þetta yfirvinnubann stóð til 21. júní 1977, þá var því aflýst þar sem samningar voru að takast.

1977 3. júní – 1 dagur – allsherjarverkfall 6. júní – 1 dagur á Keflavíkurflugv.

Trúnaðarmannaráð VR boðaði allsherjarverkfall á félagssvæði VR föstud. 3. júní 1977, einn dag, og hjá félagsfólki sínu sem vann á Keflavíkurflugvelli mánud. 6. júní 1977, einn dag. Verkalýðsfélög á Reykjavíkursvæðinu höfðu ákveðið að boða til allsherjarverkfalls 3. júní og félög vegna launþega sem unnu í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli þann 6. júní. Boðun þessa verkfalls var til þess að þrýsta á samninga. Það kom til framkvæmda, þar sem samningar höfðu ekki tekist fyrir þennan tíma.

Sjá verkfall 16. júní 1977.

1977 16. júní – 1 dagur – allsherjarverkfall

Trúnaðarmannaráð VR boðaði allsherjarverkfall fimmtud. 16. júní, einn dag, og þriðjud. 21. júní 1977, einn dag., hefðu samningar ekki tekist fyrir þann tíma.

Þetta verkfall var í samræmi við boðun hjá öðrum stéttarfélögum í ASÍ og liður í því að þrýsta á samningagerð.

Verkfallið 16. júní kom til framkvæmda, en boðuðu verkfalli þann 21. júní var aflýst, þar sem samningar voru að takast, þeir voru undirritaðir 22. júní 1977.

Helstu atriði samninganna:

1. Allir launataxtar hækkuðu við undirskrift um kr. 18.000 og síðan einnig á samningstímanum til 1. desember 1978.
2. Verðbætur á laun á samningstímanum.
3. Ákvæði um öryggisbúnað á vinnustöðum.
4. Tryggingar vegna dauða og örorku hækkaðar.
5. Ákvæði um stöðu og hlutverk trúnaðarmanna.

1982 10. og 11. júní – 2 dagar – allsherjarverkfall

Trúnaðarmannaráð VR boðaði allsherjarverkfall fimmtud. 10. og föstud. 11. júní 1982, tvo daga, og ótímabundið verkfall frá og með föstud. 18. júní, hefðu samningar ekki tekist fyrir framangreindan tíma. 72ja manna samninganefnd ASÍ hafði skorað á verkalýðsfélögin að boða til þessara verkfalla til að knýja á um heildarsamning um fullar verðbætur á laun og þær kröfur aðrar sem uppi voru. Þrátt fyrir verkfallsboðun neituðu vinnuveitendur að ræða kröfur um grunnkaupshækkun, vísitölu o.fl. Verkfallið kom því til framkvæmda 10. og 11. júní.

Verkfallið, sem boðað hafði verið 18. júní kom ekki til framkvæmda, þar sem ákveðið var, að tilmælum sáttanefndar, að fresta boðuðu verkfalli, þar sem samningaumleitaniir þökuðust í rétta átt. Samningar voru undirritaðir 30. júní 1982.

Helstu ákvæði samninganna:

1. Almennar launahækkaniir.
2. Öll starfsheiti færðust upp um a.m.k. einn launaflokk.
3. Starfsaldurshækkaniir.
4. Ákvæði um verðbætur á laun.

1988 22.-30. apríl – 9 dagar – allsherjarverkfall

Trúnaðarmannaráð boðaði til allsherjarverkfalls frá og með föstud. 22. apríl 1988, þar sem miðlunartil-laga ríkissáttasemjara hafði verið felld í allsherjaratkvæðagreiðslu. Jafnframt var verkfalli í stórmörku-uðum o.fl., sem koma átti til framkvæmda 14. apríl aflýst.

Verkfall verslunarmanna kom til framkvæmda og stóð til og með 30. apríl eða í 9 daga. Þá hafði farið fram atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Já sögðu 1885 en nei sögðu 1925, en þar sem þátttaka í kosningunni var undir 35%, (33,2%) taldist miðlunartillagan samþykkt samkvæmt ákvæðum í vinnulöggjöfinni, sem kveða á um skilyrði fyrir lágmarkspáttöku. Samkvæmt því taldist miðlunartillagan samþykkt og verkfallinu því aflýst.

Nokkur atriði miðlunartillögunnar:

1. Engin launataxtar skulu hækka um minna en 8,75% við gildistöku samningsins.
2. 5,25% hækkun í þrem áföngum á samningstímanum til 10. apríl 1989.
Þann 28. september 1988 voru sett bráðabirgðalög, sem afmáðu 4% af þeim 5,25%, sem koma áttu á samningstímanum.
3. Ákvæði um stórhátíðardaga og aukid álag ef unnið er á þeim.
4. Desemberuppbot hækkud.
5. Launaprep miðist við starfsgrein en ekki sama fyrirtæki.

Verkföll sem boðuð voru en ekki komu til framkvæmda



Kjaradeila 1976, fundur með viðskiptaráðherra. F.v.: Magnús L. Sveinsson, form. samninganeftndar VR, Björn Jónsson, forseti ASÍ, Ásmundur Stefánsson, framkv.stj. ASÍ, Björn Bjarnason, form. lóju, Benedikt Davíðsson, form. Sambands byggingarmanna og Ólafur Jóhannesson, viðskiptaráðherra.

1957 3. júní – allsherjarverkfall – ótímabundið

Þann 21. maí 1957 heimilaði trúnaðarmannaráð VR stjórn félagsins að boða ótímabundið verkfall frá og með 3. júní 1957 hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma. Ekki kom til þessa verkfalls þar sem samningar tókust 2. júní 1957.

Samið var um 5% launahækkun.

1960 22. október – ótímabundið í verslunum frá kl. 13-16 á laugard.

7. október 1960 samþykkti trúnaðarmannaráð VR verkfall í verslunum frá kl. 13:00 – 16:00 hvern laugardag frá og með 22. október 1960 hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma. Krafa VR var að verslunum verði framvegis lokað kl. 13:00 á laugardögum í október og nóvember í stað kl. 16:00.

Þann 21. október 1960 tókust samningar við vinnuveitendur þar sem fallist var á kröfu VR og kom boðað verfall því ekki til framkvæmda.

1966 14. mars – ótímabundið (sjá verkfall 3.-5. mars 1966)

4. mars 1966 boðaði VR ásamt flestum öðrum verslunarmannafélögum allsherjarverkfall ótímabundið frá og með 14. mars 1966, hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma. Tímabundið verkfall hafði komið til framkvæmda 3.-5 mars 1966 og tókust samningar að morgni 9. mars og kom boðað verkfall 14. mars því ekki til framkvæmda.

1971 2. desember – allsherjarverkfall – ótímabundið

24. nóvember 1971 boðaði VR ótímabundið verkfall hjá öllum samningsaðilum sínum frá og með 2. desember 1971, hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma.

Þann 2. desember var boðuðu verkfalli frestað um 4 daga, þar sem horfur voru á að samningar væru að takast. Samningar voru undirritaðir þann 4. desember 1971 og var verkfallinu þá aflýst.

Helstu atriði samkomulagsins:

1. Dagvinnutími í verslunum styttest í 40 klst.
2. Flokkaskipan breytt verulega.
3. Launahækkanir 13-24%.
4. Lágmarksorlof lengist um 3 daga.
5. Hluti deilunnar vísað til gerðadóms, úrskurður 28. janúar 1972.

1975 10. apríl – allsherjarverkfall – ótímabundið

26. mars 1975 samþykkti trúnaðarmannaráð VR að boða allsherjarverkfall frá og með 10. apríl 1975 hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma í þeirri kjaradeilu, sem þá stóð yfir og ASÍ fór fyrir og VR átti aðild að. Að kvöldi 26. mars tókust samningar við Vinnuveitendasamb. Íslands og Vinnuálagssamband samvinnufélaganna um framlengingu frá 1. mars til 1. júní 1975, á gildandi samningum. Kjararáð verzlunarinnar, sem samanstóð af Kaupmannasamtökum Íslands, Verzlunarráði Íslands og Félagi ísl. stórkaupmanna, neitaði hins vegar að undirrita samningana, en þessir aðilar létu VSÍ ekki fara með samningsumboð fyrir sig og komu fram sem sjálfstæður samningsaðili og tóku ekki þátt í samningaviðræðum við hlið fulltrúa VSÍ.

1. apríl 1975 aflýsti trúnaðarmannaráð VR verkfallsboðun á þau vinnuveitendasamtök, sem undirrituðu samninga 26. mars 1975. Jafnframt ítrekaði trúnaðarmannaráðið, að áður boðað verkfall VR kæmi til framkvæmda 10. apríl gagnvart þeim viðsejendum, sem enn hafa ekki undirritað samkomulagið, hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma.

9. apríl 1975 náðust samningar við Kjararáð verzlunarinnar, sem undirritaði nákvæmlega samskonar samning og ASÍ/VR hafði áður gert við önnur vinnuveitendasamtök. Verkfallinu sem koma átti til framkvæmda 10. apríl 1975 var því aflýst.

Samíð var um nokkra krónutölhækkun á lægstu laun.

1975 18. júní – allsherjarverkfall – ótímabundið

Á framhaldsaðalfundi VR 2. júní 1975 var samþykkt að boða til allsherjarverkfalls frá og með 11. júní 1975, hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma. Verzlunarráð Íslands gerði athugasemd við boðun verkfallsins, þar sem ákvörðunin var tekin á framhaldsaðalfundi en ekki á trúnaðarmannaráðsfundi eða með allsherjaratkvæðagreiðslu, eins og vinnulöggjöfin kveður á um.

Þegar þetta lá fyrir samþykkti trúnaðarmannaráð VR á fundi þann 6. júní 1975, að boða til vinnustöðvunar frá og með 18. júní 1975 hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma.

Samningar voru undirritaðir 12. júní við Kjararáð verzlunarinnar og við aðra viðsejendur VR þann 13. júní 1975. Samningarnir eru samhljóða. (Kjararáð hafði klofið sig frá VSÍ og neitaði að taka þátt í samningaviðræðum með VSÍ.)

Helstu atriði samninganna:

1. Hækkun á launatöxtum VR 12,5 – 17,8%.
2. Laun hækka ef framfærsluvísit. fer yfir 477 stig 1. desember 1975.
3. Ríkistjórnin ákvað að niðurgreiða landbúnaðarvörur, sem áttu að hækka um 20% 1. júní 1975.

1977 21. júní, 1 dagur – allsherjarverkfall

Trúnaðarmannaráð VR boðaði allsherjarverkfall fimmtud. 16. júní, einn dag, og þriðjud. 21. júní 1977, einn dag.

Þetta verkfall var í samræmi við boðun hjá öðrum stéttarfélögum í ASÍ og liður í því að þrýsta á samningagerð.

Verkfallið 16. júní kom til framkvæmda, en boðað verkfall þann 21. júní var aflýst, þar sem samningar voru að takast, þeir voru undirritaðir 22. júní 1977

1977 22. júní – ótímabundið í flugafgreiðslu flugfélanna og Tollvörugeymslunni

Trúnaðarmannaráð VR boðaði ótímabundið verkfall hjá starfsfólki í farþegaafgreiðslu flugfélaganna í Reykjavík og félagsmanna VR, sem vinna í farþegaafgreiðslu flugfélaganna á Keflavíkurflugvelli miðvikud. 22. júní 1977. Einnig var boðað verkfall frá sama tíma hjá félagsmönnum VR sem vinna hjá Tollvörugeymslunni í Reykjavík.



Í verkfalli VR í apríl 1988. Enga mjólk var að hafa í verslunum en Magnús Ingólfsson verkfallsvörður bjargar verkfallsvaktinni um mjólk út í kaffið milliliðalaust frá „framleiðanda“.

Boðun þessara verkfalla var samkvæmt tilmælum samninganefndar ASÍ, um að vinna við hafnir og flugafgreiðslu yrði stöðvuð frá og með 22. júní 1977, ótímabundið. Gert var ráð fyrir að greiða því fólki laun, sem leggði niður vinnu, kæmi til þess.

Verkfalli frestað og aflýst

Á fundi í trúnaðarmannaráði VR 20. júní 1977 var samþykkt að fresta verkfalli, sem koma átti til framkvæmda 22. júní, til 24. júní 1977. Til þessa verkfalls kom ekki því kjarasamningar voru undirritaðir 22. júní 1977. Þá höfðu samningaviðræður staðið frá 8. mars 1977, er kröfurnar voru kynntar fyrir vinnuveitendum. Haldnir voru 62 fundir, þar af 57 undir stjórn sáttasemjara.

Helstu atriði samninganna: (Sólstöðusamningar)

1. Lægstu laun hækka um 26% í júní 1977, hærri laun minna.
2. Stefnt að kaupmáttur 1977 verði að meðalt. 5-6% hærri en 1976 og kaupmáttur lægsta taxta 10-11%.
3. Samið við ríkisvaldið um úrbætur í húsnæðis,- verðlags,- vinnuverndar,- dagvistar- og skattamálum.
4. Ýmis starfsheiti í samningum VR færast upp um launaflokk.
5. Ýmis ávinningur í sérsamningum VR.

1980 29. október – 1 dagur – allsherjarverkfall, flugrekstur undanskilinn

Trúnaðarmannaráð VR boðaði til allsherjarverkfalls miðvikudaginn 29. október 1980, hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma. Starfsemi sem lítur að flugrekstri var undanskilinn verkfallinu. Var þetta samkvæmt beiðni 43ja manna samninganefndar ASÍ, sem VR var aðili að. Verkfall var boðað um allt land þennan eina dag.

Ekki kom til þessa verkfalls, þar sem skrifað var undir kjarasamninga 27. október 1980. Samningaviðræður höfðu þá staðið nærri allt árið. Síðasta sólahringinn stóð hörd barátta um kröfu verslunarmanna, að fá jafna aðild og vinnuveitendur að stjórn LV, sem Kjararáð verzlunarinnar stóð eitt á móti og dróst undirritun samninga í marga klukkutíma, vegna andstöðu þess.

Helstu atriði samninganna:

1. Launahækkun að meðaltali 7-8%, lægstu launin hækka mest.
2. Afgreiðslufólk færast upp um 2 flokka eftir námskeiðslok, sem getur þýtt allt að 20% launahækkun.
3. VR fær jafna aðild og vinnuveitendur að stjórn LV.

4. Fyrirheit ríkisstjórnarinnar um ýmsar félagslegar úrbætur.

1982 18. júní – allsherjarverkfall – ótímabundið

Trúnaðarmannaráð VR boðaði allsherjarverkfall dagana 10. og 11. júní 1982 og ótímabundið allsherjarverkfall frá og með föstud. 18. júní 1982. Verkfallið kom til framkvæmda 10. og 11. júní, en boðað verkfall 18. júní var frestað.

Verkfallið, sem boðað hafði verið 18. júní, kom ekki til framkvæmda, þar sem ákveðið var, að til-mælum sáttanefndar, að fresta boðuðu verkfalli, þar sem samningaumleitanir þokuðust í rétta átt. Samningar voru undirritaðir 30. júní 1982.

1988 14. apríl – í stórmörkuðum og matvöruverslunum – ótímabundið

Trúnaðarmannaráð VR boðaði þann 6. apríl 1988 verkfall í öllum stórmörkuðum og matvöruverslunum (dagvöruverslunum) á félagssvæði VR frá og með fimmtud. 14. apríl 1988, hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma. Þar sem miðlunartillaga ríkissáttasemjara, sem hann lagði fram 8. apríl 1988, var felld að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu dagana 11., 12. og 13. apríl 1988, samþykkti trúnaðarmannaráð, þann 13. apríl 1988, að aflýsa áður boðuðu verkfalli, sem koma átti til framkvæmda 14. apríl 1988, og samþykkti þess í stað að boða til allsherjarverkfalls allra félagsmanna VR frá og með föstud. 22. apríl 1988.

Vinna á laugardögum og sunnudögum



1974 Vinna á laugardögum telst helgidagavinna á skrifstofum og í verslun

26. febrúar 1974 var samið um að vinna sem innt er af hendi á laugardögum teljist til helgidagavinnu bæði hjá afgreiðslu- og skrifstofufólki.

1976 4 klst. í næturvinnu á laugardögum þó unnið sé skemur

28. febr. 1976 var samið um að þegar unnið væri á laugardögum greiddist aldrei minna en 4 klst. í næturvinnu, enda þótt unnið væri skemur.

1984 Á laugardögum greiðist 1 klst. umfram unnið og hefjist vinna fyrir kl. 12:00 skal greiða frá kl. 09:00

6. september 1984 var samið um að auk ákvæðisins um að aldrei skuli greiða minna en 4 klst. á laugardögum, skyldi aldrei greiða minna en sem svarar einni klst. lengur en nemur unnum tíma í verslunum á laugardögum. Þetta gildir þó ekki í reglubundinni vaktavinnu s.s. í söluturnum.

Ennfremur var samið um að hæfist vinna fyrir kl. 12:00 á hádegi á laugardögum, skuli greiða tímann eigi skemur en frá kl. 09:00.

1995 Vinna á laugardögum og sunnudögum

21. febrúar 1995 var samið um að ákvæðin um vinnu á laugardögum skv. samningum 1976 og 1984 (sjá framar), ættu einnig við sunnudaga, nema síðasta mgr. frá 1984, sem kveður á um að hefjist vinna fyrir kl. 12:00 á hádegi á sunnudögum miðist greiðsla við upphaf vinnutíma.

2000 Vinna á laugardögum og sunnudögum – breyting

14. maí 2000 var samið við SA um breytingu á ákvæðum um vinnu á laugardögum og sunnudögum og varð greinin þannig:

„Þegar unnið er á laugardögum og sunnudögum greiðist aldrei minna en 4 klst. í yfirvinnu, enda þótt unnið sé skemur.“

Greinarnar skv. samningum 1976, 1984 og 1995 (sjá framar), falla að öðru leyti niður.

(sjá Vinnutími – Yfirvinna)

Vinnuálag á kassa



1992 15 mín. hlé vegna sérstaks vinnuálags á kassa

26. apríl 1992 var samið um að vegna sérstaks vinnuálags hjá starfsmönnum á kassa á föstudögum og síðasta vinnudag fyrir almennan frídag, sem bæri upp á mánudag til föstudags, skyldi veita starfsmönnum, sem höfðu a.m.k. 3ja tíma samfellda viðveru eftir klukkan 16:00, 15 mínútna hlé á tímabilinu kl. 16:00 til 19:00, enda væri ekki tekið kvöldmatarhlé á áður nefndum dögum.

Vinnufatnaður



1961 Sérstakur vinnufatnaður

14. júlí 1961 var samið um að þar sem vinnuveitandi krefðist sérstaks vinnufatnaðar, leggjði hann til slíkan fatnað og þvotta á honum, enda væri hann eign vinnuveitanda.

Vinnutími – Dagvinna



Samningur um afgreiðslutíma verslana samþykktur á félagsfundi að Hótel Sögu 21. maí 1984.

1955 Dagvinna 48, 41 og 39 klst.

27. maí 1955 var samið um eftirfarandi vinnutíma:

Í verslunum 48 klst. á viku.

Á skrifstofum 41 klst. á viku frá 1. október til 30. apríl og 39 klst. á viku frá 1. maí til 30 september.

Dagvinnutími í verslunum

Dagvinnutími í verslunum taldist sá tími sem verslanir máttu hafa opið skv. samningi. Þannig var það allt til 1. október 1963, er kjaradómur verslunarmanna, (kveðinn upp 6. febr. 1964) takmarkaði þann tíma sem taldist til dagvinnutíma.

Á tímabilinu frá 27. maí 1955 til 1. október 1963 var dagvinnutími afgreiðslufólks eftirfarandi, með litlum undantekningum:

Mánud. til fimmtud. kl. 09:00 – 18:00

Föstudaga kl. 09:00 – 19:00

Laugardaga kl. 09:00 – 12:00, frá kl. 09:00 13:00 og frá kl. 09:00 – 16:00, misjafnt eftir árstíma.

Í desember var heimilt að hafa verslanir opnar lengur: 1. laugard. til kl. 16:00, 2. laugard. til kl. 18:00 og 3. laugard. til kl. 22:00, á Þorláksmessu til kl. 24:00 og aðfangadag jóla til kl. 13:00.

Eftirvinna reiknaðist í 3 klst. eftir að dagvinnutímabili lauk en þá fyrst hófst næturvinna. Þannig hófst næturvinna ekki fyrr en kl. eitt eftir miðnætti, þegar opið var til kl. 22:00 á laugardegi í desember og aðfaranótt aðfangadags jóla, þegar opið var til kl. 24:00 á Þorláksmessu, þá var eftirvinna fyrstu þrjá tímána eftir lokun og næturvinna hófst því ekki fyrr en kl. 3 um nóttina.

Þetta er miðað við að vinna hefjist kl. 09:00 að morgni.

Dagvinnutími á skrifstofum

Dagvinnutími á skrifstofum var í aðalatriðum frá kl. 09:00 – 17:00 alla virka daga nema laugardaga frá kl. 09:00 – 12:00, en á tímabilinu 1. október til 30 apríl var heimilt að halda skrifstofum opnum hálf-tíma lengur á dag frá og með mánudegi til fimmtudags, og klukkutíma lengur á föstudögum. Og á tímabilinu 1. maí til 30. september var heimilt að halda skrifstofum opnum til kl. 18:00 á föstudögum. Á aðfangadag jóla og gamlársgdag skyldi loka eigi síðar en kl. 12:00.

Ekki var sérstök skilgreining á eftir- og næturvinnu á skrifstofum, en aðeins talað um að nætur- og helgidagavinna „reiknast frá því þremur tímum eftir löglega lokun“. Hér er miðað við afgreiðslutíma verslana og því virðist átt við afgreiðslufólk.

Þetta er miðað við að vinna hefjist kl. 09:00 að morgni.

1963 Dagvinna 46 og 38 klst.

6. febrúar 1964 kvað kjaradómur verslunarmanna (gildir frá 1. október 1963) upp dóm um styttingu á dagvinnu afgreiðslufólks um 2 klst. á viku og skrifstofufólks um 1 til 3 klst. á viku. Frá þeim tíma var dagvinnutíminn á viku þannig:

Í verslunum 46 klst.

Á skrifstofum 38 klst.

Dagvinnutími í verslunum

6. febrúar 1964 kvað kjaradómur verslunarmanna (gildir frá 1. október 1963) upp dóm um að dagvinnutími í sölubúðum, miðað við að vinna hefjist kl. 09:00, skal vera til kl. 18:00 frá mánudegi til fimmtudags, föstudaga til kl. 19:00 og laugardaga til kl. 13:00 eða 12:00, eftir því hver lokunartíminn er.

Þá kvað kjaradómur á um að yfirvinna teldist hver sú vinna, sem færi fram yfir hinn venjulega dagvinnutíma. Skiptist hún í eftir-, nætur- og helgidagavinnu. Hjá afgreiðslufólki skyldi eftirvinna hefjast er dagvinnutíma lyki og vera til kl. 20:00, en næturvinna frá kl. 20:00. Helgidagavinna telst þegar að loknum dagvinnutíma á laugardögum og ennfremur á öllum frídögum, sem greindir eru í samningunum.

Þetta er miðað við að vinna hefjist kl. 09:00 að morgni.

Dagvinnutími á skrifstofum

6. febrúar 1964 kvað kjaradómur verslunarmanna (gildir frá 1. október 1963) upp um að daglegur vinnutími á skrifstofum skyldi vera frá kl. 09:00 – 17:00 alla virka daga nema laugardaga kl. 09:00 – 12:00.

Þá kvað kjaradómur á um að eftirvinna væri frá kl. 17:00 – 19:00 en þá hæfist næturvinna. Helgidagavinna telst þegar að loknum dagvinnutíma á laugardögum og ennfremur á öllum frídögum, sem greindir eru í samningunum.

Þetta er miðað við að vinna hefjist kl. 09:00 að morgni.

1966 Dagvinna 44 og 38 klst.

9. mars 1966 var samið um að stytta dagvinnutíma afgreiðslufólks um 2 klst. á viku og verður hann 44 klst.

1971 Dagvinna 40 og 38 klst.

4. desember 1971 var samið um að stytta dagvinnutíma afgreiðslufólks um 4 klst. á viku og verður hann 40 klst.

Lög nr. 88/1971 um 40 stunda vinnuviku tóku gildi 1. janúar 1972.

Mikil barátta að halda 38 klst. vinnuv. fyrir skrifstofufólki.

Eftir að lög voru sett um 40 klst. vinnuviku, gerðu vinnuveitendur kröfu um að vinnuvikan fyrir skrifstofufólk yrði lengd úr 38 klst. í 40 klst. Vinnuveitendur fylgdu þessari kröfu mjög fast eftir á samningafundum, en að lokum tókst að hrinda á bak aftur kröfu vinnuveitenda og tryggja óbreyttan tíma.

Dagvinnu lýkur kl. 18:00 á föstudögum hjá afgreiðslufólki

4. desember 1971 var samið um að dagvinnutími afgreiðslufólks lyki kl. 18:00 alla virka daga nema laugardaga kl. 12:00. Fram að þessu hafði dagvinna verið til kl. 19:00 á föstudögum. Þetta var miðað við að vinna hæfist kl. 09:00 að morgni.

Fyrir 3ja tíma vinnu á laugardögum, (búið að skila 40 klst. dagv. kl. 18:00 á föstud.) skyldi veita frí til kl. 13:00 á mánudegi eða næsta virkum degi eftir samningsbundinn frídag eða einn heilan frídag hálfsmánaðarlega.

Fimm daga vinnuvika á skrifstofum

4. desember 1971 var samið um að heimilt væri, þar sem samkomulag yrði um það milli starfsfólks og vinnuveitenda, að ljúka hinni umsömdu 38 klst. vinnuviku á 5 fyrstu virkum dögum vikunnar.

2000 Dagvinna 36:15 virkur tími – sveigjanlegur vinnutími – samningur við SV-FÍS

22. janúar 2000 var samið við Samtök verslunarinnar-FÍS um grundvallarbreytingu á vinnutíma. Skv. samningnum telst dagvinnutímabil tíminn frá kl. 07:00 – 19:00 á virkum dögum. Dagvinnustundir eru reiknaðar án kaffitíma, þ.e. virkar vinnustundir, og styttest dagvinnuvikan á þrem árum um ½ klst., úr 36 klst. og 45 mínútur í 36 klst. og 15 mínútur frá 1. janúar 2003.

Samfelldur dagvinnutími

Hinn samningsbundna hámarksdagvinnutíma skal vinna innan ofangreindra marka þannig að dagvinnutími dag hvern verði samfelldur.

Sveigjanlegur vinnutími

Samið var um sveigjanlegan vinnutíma og getur vinnuvikan orðið allt að 45 klst. á álagstímum, gegn styttri vinnuviku þegar álag er minna. Greitt skal yfirvinnuálag fyrir tíma sem er umfram 45 klst. á viku. Uppgjörstímabil er allt að 16 vikur. Starfsmenn eiga rétt á vinnuhléi, sem nemur a.m.k. ½ klst. alls á dag, nema um annað sé samið. Daglegur tími sem fer í vinnuhlé má ekki fara yfir 1 klst., nema að vinnudagur fari fram yfir 8 stundir á dag, þá má vinnuhlé fara í 1½ klst. á dag.

2002 Vinnutímastyttingu flýtt – samningur við SV-FÍS

3. júní 2002 var samið við Samtök verslunarinnar-FÍS á grundvelli greinar 1.3.j., í samningi frá 22. jan. 2000, um breytingu á ákvæðinu um vinnutímastyttinguna. Samið var um að flýta vinnutímastyttingunni þannig, að full stytting niður í 36:15 klst. á viku, skyldi gilda frá 1. júlí 2002 í stað 1. janúar 2003.

2000 Dagvinna 36:15 og 36:35 klst. – samningur við SA

14. maí 2000 var samið við SA um styttingu á vinnuvikunni um ½ klst. frá 1. október 2000. Vikulegur vinnutími í verslunum og brauðgerðarhúsum, þ.e. unninn tími án neyslhléa, í dagvinnu skal vera 36 klst. og 35 mín. Dagvinnutími skal vera frá kl. 09:00 – 18:00 frá mánud. til föstud. Séu samningsbundnir kaffitímar teknir er vikulegur vinnutími 39½ klst.

Unninn vinnutími skrifstofufólks þ.e., án neyslhléa, í dagv. skal vera 36 klst. og 15 mín. á viku, en séu samningsbundnir kaffitímar teknir, er vikulegur vinnutími 37½ klst.

Vinnutími – Yfirvinna



1955 Eftirvinna 3 klst. eftir lokun, síðan nætur- og helgidagavinna

27. maí 1955 var samið um að eftirvinna teldist þrjú fyrstu tímarnir eftir löglega lokun, eins og það er orðað. Þetta á við alla daga, einnig laugardaga og vinnu í desember, þegar verslanir voru lengur opnar en aðra mánuði, t.d. á Þorláksmessu var opið til miðnætis. Nætur- og helgidagavinna reiknaðist frá því þremur tímum eftir löglega lokun og þar til dagvinna hefst að morgni.

Eftirvinna gat staðið til kl. 3 að nóttu

Samkvæmt framansögðu, (samn. 27. maí 1955), gat eftirvinna staðið til kl. 3 að nóttu. T.d. var heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 22:00 síðasta laugardag fyrir jóli, þá reiknuðust þrjú fyrstu klst. eftir lokun eftirvinna og næturvinna hófst ekki fyrr en kl. eitt eftir miðnætti, og aðfaranótt aðfangadags jóla, þegar opið var til kl. 24:00 á Þorláksmessu, þá var eftirvinna fyrstu þrjú tímuna eftir lokun og næturvinna hófst því ekki fyrr en kl. þrjú um nóttina.

Sjá nánar um vinnutíma frá 1955 í kaflanum „Vinnutími – Dagvinna“, millifyrirsögn „dagvinnutími í verslunum.“

Ekki greitt fyrir frágang og afgreiðslu pantana í eftirvinnu

Í síðustu mgr. 8. gr., kjarasamnings frá 27. maí 1955, segir: „Starfsfólki skal skylt að vinna að venjulegri standsetningu eftir lokun og ljúka afgreiðslu pantana“. Þetta þýðir, að ekki kom sérstök greiðsla fyrir þessa vinnu og var enginn dagur undanskilinn. (sjá samning 2. júní 1957)

1957 Vinna við frágang og afgreiðsla pantana greidd

2. júní 1957 var samið um að aftan við setninguna. „Starfsfólki skal skylt að vinna að venjulegri standsetningu eftir lokun og ljúka afgreiðslu pantana“, komi: „enda komi full greiðsla fyrir.“

1963 10 mínútur í frágang í eftirvinnu án greiðslu

6. febrúar 1964 ákvað kjaradómur verslunarmanna, (gildir frá 1. ot. 1963) að ekki skyldi greitt sérstaklega fyrir vinnu við frágang í sölubúðum eftir lokun, enda tæki sú vinna eigi lengri tíma en 10 mínútur.

1966 10 mínútur í frágang án greiðslu, fellt úr samningi

9. mars 1966 var fellt úr samningi ákvæði, sem kvað á um að afgreiðslufólki væri skylt að vinna við frágang í sölubúðum í allt að 10 mínútur án sérstakrar greiðslu. Yfirvinna hófst því strax að lokinni dagvinnu kl. 18:00 og kl. 19:00 á föstudögum og kl. 12:00 á hádegi á laugardögum.

1963 Eftirvinna 2 klst., síðan næturvinna

6. febrúar 1964 ákvað kjaradómur verslunarmanna, (gildir frá 1. október 1963) eftirfarandi varðandi yfirvinnu:

Hjá afgreiðslufólki hefst eftirvinna er dagvinnu lýkur og er til kl. 20:00 að kvöldi, en næturvinna frá kl. 20:00 að kvöldi. (3 fyrstu tímarnir eftir lokun töldust áður eftirvinna).

Hjá skrifstofufólki hefst eftirvinna er dagvinnu lýkur og er til kl. 19:00, en næturvinna frá kl. 19:00.

Helgidagavinna telst þegar að loknum dagvinnutíma á laugardögum og stendur þar til vinna hefst á mándagsmorgni og ennfremur á öllum frídögum sem getið er um í samningunum. Þetta er í frsta sinn sem yfirvinnutími á skrifstofum er skilgreindur.

Þetta er miðað við að vinna hefjist kl. 09:00 að morgni.

1966 Yfirvinna telst öll vinna utan dagvinnu

6. mars 1966 var samið um að yfirvinna teldist hver sú vinna, sem fer fram yfir hinn venjulega dagvinnutíma. Skiptist hún í eftir-, nætur- og helgidagavinna.

Í prentuðum samningi október 1988, er orðalagsbreyting á þessari grein og er hún þannig: „Yfirvinna telst hver sú vinna sem fer fram yfir hinn venjulega dagvinnutíma svo og á helgum dögum og laugardögum, ennfremur á öllum frídögum sem um getur í gr. 2.2.4.“

1971 Eftirvinna hefst kl. 18:00 á föstudögum hjá afgreiðslufólki

4. desember 1971 var samið um að dagvinnutími afgreiðslufólks lyki kl. 18:00 alla virka daga nema laugardaga kl. 12:00. Fram að þessu hafði dagvinna verið til kl. 19:00 á föstudögum. Þetta er miðað við að vinna hefjist kl. 09:00 að morgni.

1979 Næturvinna að lokinni dagvinnu á föstudögum

Skv. lögum nr. 25, 22. maí 1979, hófst næturvinna á föstudögum strax og lögboðinni eða umsaminni vinnuviku var lokið bæði hjá afgreiðslu- og skrifstofufólki.

1974 Vinna á laugardögum telst helgidagavinna á skrifstofum og í verslun

26. febrúar 1974 var samið um að vinna sem innt er af hendi á laugardögum teldist til helgidagavinna bæði hjá afgreiðslu- og skrifstofufólki.

1963 Heimilt að nýta dagvinnu frá sumri í yfirvinnu í desember

6. febrúar 1964 ákvað kjaradómur verslunarmanna (gildir frá 1. október 1963) að dagvinnutíma, er eigi nýttast vegna ákvæða í dómnum um styttri afgreiðslutíma á laugardögum yfir sumarmánuðina, er vinnuveitanda rétt að notfæra sér án sérstaks endurgjalds á afbrigðilegum afgreiðslutíma í desember.

1966 Ekki heimilt að nýta dagvinnu frá sumri í yfirvinnu í desember

9. mars 1966 var fellt úr samningi ákvæði, sem kvað á um að dagvinnutíma, er eigi nýttast skv. kjaradómi 6. febr. 1964, um styttri afgreiðslutíma á laugardögum yfir sumarmánuðina, er vinnuveitanda rétt að notfæra sér án sérstaks endurgjalds á afbrigðilegum afgreiðslutíma í desember

1963 Byrjuð ¼ klst. telst sem ¼ klst.

6. febrúar 1964 ákvað kjaradómur verslunarmanna, (gildir frá 1. október 1963) að byrjuð ¼ klst. í yfirvinnu telst sem ¼ klst.

1987 ¼ klst. dregst frá ef of seint er mætt

4. maí 1987 var gerður fastlaunasamningur (gildir frá 1. apríl 1987) vegna afgreiðslustarfa í verslunum og þann 18. september 1987 (gildir frá 1. júní 1987) fyrir almenn skrifstofustörf. Þessir samningar kveða á um að komi starfsfólk of seint til vinnu, er heimilt að draga ¼ klst. frá mánaðarkaupi á yfirvinnukaupi fyrir hverja byrjaða ¼ klst., ef um ítrekað tilvik er að tefla. Þó er heimilt að greiða kaup á þeim vinnustöðum þar sem stimpilkukka er eftir mældum viðverutíma skv. henni og gilda þá ekki framangreind tímaskráningarákvæði.

1976 4 klst. í næturvinnu á laugardögum þó unnið sé skemur

28. febr. 1976 var samið um að þegar unnið væri á laugardögum greiddist aldrei minna en 4 klst. í næturvinnu, enda þótt unnið væri skemur.

1984 Á laugardögum greiðist 1 klst. umfram unnið og hefjist vinna fyrir kl. 12:00 skal greiða frá kl. 09:00

6. september 1984 var samið um að auk ákvæðisins um að aldrei skuli greiða minna en 4 klst. á laugardögum, skuli aldrei greiða minna en sem svarar einni klst. lengur en nemur unnum tíma í verslunum á laugardögum. Þetta gildi þó ekki í reglubundinni vaktavinnu s.s. í söluturnum.

Ennfremur var samið um að hæfist vinna fyrir kl. 12:00 á hádegi á laugardögum, skuli greiða tímann eigi skemur en frá kl. 09:00.

1995 Vinna á laugardögum og sunnudögum

21. febrúar 1995 var samið um að ákvæðin um vinnu á laugardögum skv. samningum 1976 og 1984, (sjá framar), ættu einnig við sunnudaga, nema síðasta mgr. frá 1984, sem kveður á um að hefjist vinna fyrir kl. 12:00 á hádegi á sunnudögum miðast greiðsla við upphaf vinnutíma.

2000 Vinna á laugardögum og sunnudögum – breyting

14. maí 2000 var samið við SA um breytingu á ákvæðum um vinnu á laugardögum og sunnudögum og verður greinin þannig:

„Þegar unnið er á laugardögum og sunnudögum greiðist aldrei minna en 4 klst. í yfirvinnu, enda þótt unnið sé skemur“.

Greinarnar skv. samningum 1976, 1984 og 1995 (sjá framar), falla að öðru leyti niður.

1983 Samráð við trúnaðarmann ef opið umfram dagvinnutíma

15. nóvember 1983 var samið um að ef verslun óskar að hafa opið umfram dagvinnutíma, skyldi haft fullt samráð um vinnutímann við trúnaðarmann VR og starfsfólk í viðkomandi verslun.

10. mars 1997 var þessi grein felld niður þegar ákvæði um afgreiðslutíma verslana var felld út úr samningunum.

1983 Réttur til að hafna yfirvinnu

15. nóvember 1983 var samið um að hver starfsmaður hefði rétt á að hafna yfirvinnu og óskaði starfsmaður ekki eftir að vinna yfirvinnu skyldi hann ekki látinn gjalda þess á neinn hátt.

1988 Stórhátíðardagar

27. apríl 1988 kvað sáttatillaga ríkissáttasemjara á um að eftirtaldir dagar teldust stórhátíðardagar:

Nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, jóladagur og eftir kl. 12:00 á aðfangadag og gamlársgdag.

1997 Fridagur verslunarmanna – stórhátíðardagur

Samkvæmt prentuðum kjarasamningi VR og FÍS, sem gildir frá 1. mars 1997, telst fridagur verslunarmanna til stórhátíðardaga.

2000 Fridagur verslunarmanna – stórhátíðardagur

14. maí 2000 var samið við SA um að fridagur verslunarmanna teldist til stórhátíðardaga.

(Sjá Vinna á laugardögum og sunnudögum og stórhátíðardagar)

Yfirvinnuálag

1955 Eftirvinna 50% álag, næturvinna 100%

27. maí 1955 var samið um að eftirvinna greiddist með 50% álagi á dagvinnu og nætur- og helgidagavinna greiddist með 100% álagi.

1961 Eftirvinna 60% álag

14. júlí 1961 var samið um að eftirvinna greiddist með 60% álagi.

1965 Eftirvinnuálag 50%

1. mars 1965 var samið um að eftirvinnuálag yrði 50% í stað 60%, en álag á nætur- og helgidagavinnu óbreytt, 100%.

1966 Næturvinnuálag 90%

9. mars 1966 var samið um að nætur- og helgidagavinna greiddist með 90% álagi í stað 100%.

1970 Eftirvinnuálag 40% og næturvinnuálag 80%

2. júlí 1970 var samið um að eftirvinna greiddist með 40% álagi og nætur- og helgidagavinna með 80% álagi.

1974 43% álag vegna lengri vinnutíma í söluferðum

26. febr. 1974 var samið um að vegna lengri vinnutíma í söluferðum, skyldi greiða sölumanni minnst 43% álag á mánaðarlaun í réttu hlutfalli við þann fjölda daga, sem ferðast er utan 60 km. akstursleiðar frá aðalstöðvum fyrirtækis, ef ekki hefði verið um annað samið.

1976 43 % og 65% álag í söluferðum

28. febr. 1976 var samið um breytingu á fyrri grein vegna sölumanna, þannig að vegna lengri vinnutíma í söluferðum skyldi greiða sölumanni 43% álag á mánaðarlaun, stæði söluferð 5 daga eða skemur, en 65% álag stæði söluferð lengur en 5 daga. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

1983 Fri fyrir yfirvinnu

15. nóvember 1983 var samið um að óskaði starfsmaður í verslun, að fá yfirvinnu sem hann ynni greidda með fríum, skyldi svo gert í samráði við vinnuveitanda. Við útreikning á gildi yfirvinnutíma skyldi fara eftir ákvæðum í gildandi kjarasamningi VR við vinnuveitendur, sbr. gr. 2.1.3.

10. mars 1997 var þessi grein felld niður, þegar ákvæði um afgreiðslutíma verslana var felld út úr samningunum.

1987 Yfirvinna afgreiðslufólks 1% af mánaðarlaunum – vinna á stórhátíðum 1,375%

4. maí 1987 var gerður fastlaunasamningur vegna afgreiðslustarfa í verslunum, sem gildir frá 1. apríl 1987. Samkvæmt honum falla hugtökin eftir- og næturvinna út úr samningum aðila vegna afgreiðslufólks. Öll yfirvinna afgreiðslufólks greiðist nú með tímakaupi sem er 1% af föstum mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Öll vinna sem unnin er á stórhátíðum greiðist með tímakaupi, sem nemur 1,375% af mánaðarlaunum.

Þetta gildir ekki fyrir skrifstofufólk, samanber fastlaunasamning um almenn skrifstofustörf dags. 18. september 1987.

1988 Öll yfirvinna greiðist með tímakaupi 1,0385% af mánaðarlaunum – vinna á stórhátíðum 1,375%

27. apríl 1988 var samið um (miðlunartillaga ríkissáttasemjara) að öll yfirvinna greiddist með tímakaupi, sem næmi 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Öll vinna á stórhátíðardögum greiddist með tímakaupi, sem var 1,375% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Þetta form á greiðslu yfirvinnu og á stórhátíðum hafði einungis gilt fyrir afgreiðslufólk, (fastlaunasamn. 4. maí 1987) en nú gildi þetta bæði fyrir afgreiðslu- og skrifstofufólk.

1988 Stórhátíðardagar

27. apríl 1988 kvað sáttatillaga ríkissáttasemjara á um að eftirtaldir dagar teldust stórhátíðardagar:

Nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, jóladagur og eftir kl. 12:00 á aðfangadag og gamlársdag.

1997 Frídagur verslunarmanna – stórhátíðardagur – samningur við FÍS

Samkvæmt prentuðum kjarasamningi VR og FÍS, sem gildir frá 1. mars 1997, telst frídagur verslunarmanna til stórhátíðardaga.

2000 Frídagur verslunarmanna – stórhátíðardagur – samningur við SA

14. maí 2000 var samið við SA um að frídagur verslunarmanna teldist til stórhátíðardaga

1988 Tveir frídagar afgreiðslufólks í janúar vegna vinnu í desember

27. apríl 1988 var samið um (miðlunartillaga ríkissáttasemjara) að fastráðið afgreiðslufólk í þeim verslunum sem nýtti sér heimildir um lengri afgreiðslutíma í desember og ynni a.m.k. 50% starf, skyldi eiga rétt á tveimur launuðum frídögum í janúar næstum á eftir, vegna hins óreglubundna vinnutíma í desember og þeirrar röskunar og sérstaka vinnuálags sem af þessu leiddi í jólamánuðinum.

Óskaði launþegi þess á hann rétt á 10% launauppbót miðað við eigin dagvinnulaun í desember í stað tveggja daga frídaga.

1989 Tveir frídagar afgreiðslufólks vegna vinnu í desember, má veita eftir jól

1. maí 1989 var samið um að frídaga þá sem afgreiðslufólk ynni sér inn vegna lengri afgreiðslutíma í desember mætti veita eftir jól.

1995 Tveir frídagar vegna vinnu í desember eiga einnig við lagermenn

21. febrúar 1995 var samið um að frídagar sem afgreiðslufólk ynni sér inn vegna lengri afgreiðslutíma í desember, ættu einnig við lagermenn.

1997 Tveir frídagar vegna langs afgreiðslutíma í desember, m.a. á laugardögum

10. mars 1997 var samið við VSÍ/VMS um nánari skilgreiningu á löngum afgreiðslutíma í desember, sem gæfi rétt til tveggja daga frís, m.a var nú kveðið á um vinnu á laugardögum, sunnudögum og Þorláksmessu, sem ekki var áður. Í samningnum segir. „Fastráðið afgreiðslufólk og lagermenn þeirra verslana sem hafa langan afgreiðslutíma í desember, svo sem á laugardögum eftir kl. 16:00, sunnudögum og Þorláksmessuvöldi, og sem vinnur a.m.k. 50% starf á rétt á tveimur launuðum frídögum í janúar næstum á eftir“.

(Sjá Frí fyrir yfirvinnu, Frídagar og Stórhátíðardagar)

Samningar VR 1955-2003 sem vísað er til

- 1946 18. janúar (samn. Launþegad. VR við vinnuv. um sumarleyfi verslunarmanna o.fl.)
1948 3. mars (samningur um sumarleyfi o.fl.)
1953 31. desember (samningur um sumarleyfi o.fl.)
1954 31. maí (undirbúningur stofnunar LV og lenging sumarleyfis)
-

- 1955 27. maí
1957 2. júní
1958 22. ágúst
1960 21. október
1961 14. júlí
1963 13. desember
1964 6. febrúar (kjaradómur verslunarmanna)
1965 1. mars
1966 9. mars
1967 13. júlí
1969 19. maí
1. júlí
1970 2. júlí
1971 27. september (Krafa VR um sjúkrasjóð)
4. desember
1972 28. janúar (gerðardómur verslunarmanna)
1973 26. nóvember
5. desember
1974 26. febrúar
1975 26. mars
9. apríl
12. júní
13. júní
1976 28. febrúar
1977 22. júní
1979 10. apríl (kjaradómur verslunarmanna 21. maí 1979)
1980 27. október
1981 10. maí
1982 30. júní
1983 15. nóvember
1984 6. september
6. nóvember
1985 1. apríl
1986 26. febrúar
13. nóvember
6. desember
1987 4. maí (fastlaunasamningur)
18. september do
25. maí do

	26. maí	do
	27. maí	do
	1. júní	do
	24. júní	do
	24. júní	do
	30. júlí	do
	18. september	do
	24. september	do
1988	27. apríl	
1989	1. maí	
1990	1. febrúar	
1992	26. apríl	
1993	21. maí	
1995	21. febrúar	
1996	30. desember	
1997	1. mars	
	Prentaður samningur VR/FÍS (2.2.2.)	
	10. mars	
1998	9. mars (samn. ASÍ/VSÍ v/tilsk. ESB)	
2000	22. janúar	
	14. maí	
2001	7. mars	
	13. desember	
2002	3. júní	

Lög sem vísað er til

- 1943 lög nr. 16/1943 um orlof verkamanna og sjómanna
- 1961 lög nr. 60/1961 um launajöfnun milli kynja
- 1966/7 lög um aðild VR að Atvinnuleysisstryggingasjóði
- 1971 lög nr. 87/1971 um orlof
lög nr. /88/1971 um 40 st. vinnuvikur
- 1974 lög nr. 9/1974 um starfskjör launþega
- 1975 lög nr. 56/1975 um atvinnuleysisstryggingar (fæðingarorlof)
- 1979 lög nr. 19/1979 um skyldu vinnuveitenda að greiða í sjúkrasjóð VR
lög nr. 25/1979 um að næturvinna hefist að lokinni dagvinnu á föstudögum
- 1980 lög nr. 46/1980 um framkvæmd hvíldartíma og frídaga
lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks
lög nr. 97/1980 um fæðingarorlof
- 1982 lög nr. 90/1982 um að 5 fyrstu laugard. í orlofi teljist ekki orlofsdagar
- 1987 lög nr. 57/1987 um fæðingarorlof
lög nr. 59/1987 um fæðingarorlof
- 1988 lög nr. 14, 20. maí 1988 um ógildingu kjarasamninga
lög nr. 74, 26. ágúst 1988 um ógildingu kjarasamninga
lög nr. 83, 28. september 1988 um afnám launahækkana
- 1997 lög nr. 51/1997 um fæðingarorlof
lög nr. 129/1997 um aðildarskyldu að lífeyrissjóðum
- 2000 lög nr. 95/2000 um fæðingarorlof

